**allt**

HVÍTA-RÚSSLAND

*Ofurfyrirsætur bannaðar*

tíska - heimili - heilsa - áramót

Í MIÐJU BLAÐSINS

ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR

*Ný íslensk spennuþáttaröð á RÚV*

Kvikmyndin verður ekki sýnd hér á landi

FÓLK 46

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. desember 2005 — 352. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# 134 sjúklingar hafa látist á fyrstu átta mánuðum ársins

**Á annað hundrað fíkni- og vímuefnaneytendur úr sjúklingahópi Vogs létust á fyrstu átta mánuðum ársins. Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir ekki koma á óvart að sprautufíklar finnist látnir og þeim sem verði morfínfíkn að bráð hafi fjölgað mjög ört hin síðustu ár.**

**FÍKNIEFNI** Alls létust 134 fíkni- og vímuefnasjúklingar sem dvalið hafa á sjúkrahúsinu á Vogi, á fyrstu átta mánuðum þessa árs, að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis. Þess ber að geta, að þarna er um fíkniefnaneytendur, sjúklinga sem misnota lyf og áfengissjúklinga að ræða. Þórarinn segir þessar tölur aðeins gefa grófa mynd af ástandinu, því dánarorsakar þeirra sem verið hafa á Vogi, séu oft lengi að berast. Þannig hafi engar tölur borist fyrir síðustu mánuði ársins. Hann bendir jafnframt á að árlega komi 17 til 18 þúsund sjúklingar á Vog og það segi sína sögu um stöðu mála.

Fimmtán þeirra sem létust úr sjúklingahópnum voru 39 ára og yngri. Sá yngsti var 18 ára.

Þórarinn segir ekki koma á óvart að sprautufíklar finnist látnir eftir að morfínfíkn barst til landsins í kringum 1998. Þeim sem verði henni að bráð fjölgi mjög ört. Nú séu um 50 manns í svokallaðri viðhaldsmeðferð á Vogi og þörf sé fyrir slík úrræði fyrir mun fleiri einstaklinga, en fjárveitingar til sjúkrahússins leyfi ekki meir. Umræða um málefni fíkla sem nota svokölluð ópíumefni, sem eru einkum morfínskyld efni, eða heróín, hefur vaxið mjög í kjölfar þess að kona á fertugsaldri og maður á fimmtugsaldri fundust látin í Reykjavík í fyrradag. Dánarorsök þeirra er ekki ljós en þau voru bæði sprautufíklar, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

ÞÓRARINN TYRFINGSSON YFIRLÆKNIR Á VOGI

MATTHÍAS HALLDÓRSSON AÐSTOÐARLANDLÆKNIR

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir að ekki hafi verið teknar sérstaklega saman tölur yfir andlát fíkniefnaneytenda. Enda geti reynst erfitt að úrskurða dánarorsök einungis af völdum fíkniefna, þar sem svo margt annað geti haft áhrif samhliða þeim.

„En þær breytingar sem verða í þessum efnum endurspeglast á Vogi," segir Matthías. Hann bætir við að notkun contalgins, sem er morfínskylt lyf, hafi ekki aukist að marki í lækningalegum tilgangi á undanförnum árum, samkvæmt lyfjagagnagrunni landlæknisembættisins. „Það er miklu betra eftirlit nú en áður," segir Matthías. „Við sendum út aðvörunarbréf til lækna ef við sjáum að einhverjir eru að ganga á milli þeirra."

Matthías segir að af þeim lyfjum sem flokkist undir læknislyf sæki fíklar mest í contalgin og amfetamín. Hið fyrra sé örvandi en hið síðara vímuvaldandi verkjalyf.

- jss / sjá síðu 14

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Á SKYNDIFUNDI MEÐ BLAÐA- OG FRÉTTAMÖNNUM Í GÆRKVÖLDI** Forsætisráðherra undrast þá ákvörðun Kjaradóms að láta fyrri úrskurð sinn standa þrátt fyrir beiðni um endurskoðun. Hann hafi vonast til að dómurinn brygðist við með ábyrgum hætti.

Forsætisráðherra er ósáttur við afstöðu Kjaradóms og lætur undirbúa lagabreytingar:

## Undrast viðbrögð Kjaradóms

**KJARAMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kveðst undrandi á því að fá það svar frá Kjaradómi að úrskurður hans frá 19. desember skuli standa óbreyttur.

„Ég hafði gert mér vonir um það að Kjaradómur mundi bregðast við með ábyrgum hætti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þær hækkanir sem þarna hafa orðið hafa valdið óróa og að aðilar vinnumarkaðarins sætta sig ekki við þetta," sagði Halldór á skyndifundi með blaða- og fréttamönnum eftir að niðurstaða Kjaradóms við erindi forsætisráðherra lá fyrir um að úrskurðurinn frá því fyrir jól stæði.

Halldór segir að skipuð verði nefnd sérfróðra manna hið snarasta sem falið verði að fjalla um breytingar á starfsemi Kjaradóms og Kjaranefndar. Nefndinni er ætlað að endurskoða og undirbúa frumvarp til lagabreytinga sem lagt verði fyrir þingið þegar það kemur saman.

Í svari Kjaradóms í gærkvöldi við beiðni forsætisráðherra um endurskoðun ákvörðunarinnar frá 19. desember um launahækkun þingmanna, dómara og fleiri, kemur fram, að dómurinn hafi þegar útskýrt forsendur ákvörðunar sinnar ítarlega og ekkert það hafi komið fram sem bendi til þess að dómurinn hafi ekki gætt lögmætra sjónarmiða við þá ákvörðun.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir góðra gjalda vert að hefja undirbúning lagabreytinga með skipun nefndar. Hins vegar standi óbreyttur vandinn sem skapist um áramótin þegar dómurinn tekur gildi.

- jh / sjá síðu 6

Lyfjastofnun varar við svindli:

## Falsað Tamiflu selt á netinu

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun varar við því að vart hafi orðið við falsútgáfu flensulyfsins Tamiflu í sölu á netinu. Skortur hefur verið á lyfinu hjá framleiðanda, en sala á því hefur margfaldast í kjölfar umræðu um fuglaflensu og mögulegan heimsfaraldur nýs flensustofns.

Lyfjastofnun segir að aukin eftirspurn eftir ákveðnum lyfjum auki líkur á ólögmætri verslun og jafnframt á lyfjafölsunum. „Lyfjastofnanir í Bandaríkjunum, Taívan, Austurríki og í Hollandi hafa fundið falsað Tamiflu sem keypt hefur verið í netverslunum," segir á vef Lyfjastofnunar og bent er á að netverslun með lyf sé óheimil hér á landi. „Enda er slík verslun í flestum tilvikum án eftirlits heilbrigðisyfirvalda."

- óká

Tvær bílveltur við Ólafsvík:

## Beið í tæpa tvo tíma eftir hjálp

**LÖGREGLA** Kona þurfti að bíða í tæpar tvær stundir eftir hjálp eftir að hún velti bíl sínum í þjóðgarði Snæfellsjökuls um hádegisbil í gær. Lélegt símasamband er á þessum slóðum. Konan slapp með minniháttar meiðsl en hún var í bílbelti. Bíllinn er hins vegar mikið skemmdur eftir veltuna.

Önnur bílvelta varð á Snæfellsnesi um fimmleytið, við Enni rétt utan Ólafsvíkur. Þá missti karl stjórn á bíl sínum í vindhviðu með þeim afleiðingum að bíllinn fór tvær veltur. Maðurinn hlaut minniháttar meiðsl og að sögn lögreglu má þakka bílbeltinu að ekki fór verr. Bíllinn er töluvert skemmdur eftir óhappið.

- æþe

### Sprenging á tertumarkaði

Skotkökur verða sífellt vinsælli með hverjum áramótum, enda eru þær öruggari en flugeldarnir ef rétt er með farið.

FÓLK 36

### Fjárkúgun eða flokksvernd?

„Hvað er framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins að gera í bankaráði Landsbanka Íslands?" spyr Ólafur Hannibalsson. „Var það kannski gert að skilyrði fyrir einkavæðingu?"

Í DAG 22

### Siglir á Gambíufljóti

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, fagnar fertugsafmæli sínu í dag á Kanaríeyjum.

TÍMAMÓT 26

### Viggó verður dómari

Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, hefur tekið að sér dómgæslu í fjáröflunarleik fyrir ÍR á föstudag. Hann mælir með að dómarar mæti og læri hvernig eigi að dæma.

ÍÞRÓTTIR 40

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI VESTAN TIL** en stöku él allra austast og suðaustast. Frost 0-5 stig en frostlaust með suðurströndinni.

VEÐUR 4

## SPURNING DAGSINS

*Jóhann, verða ekki íbúar Ísafjarðardjúps bara að senda ráðherra kvartanir sínar í pósti?*

„Jú, ætli það sé ekki réttast þá að hann sæki bréfin í gáminn“.

Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur sett út á fyrirhugaðar breytingar á póstþjónustu í Ísafjarðardjúpi þar sem póstur verður geymdur í gámi við Rauðamýri áður en hann verður borinn út.

Nýjar upplýsingar um fangaflutninga bandarísku leyniþjónustunnar CIA:

# Fangaflug hófst fyrir réttum áratug

**ÞÝSKALAND** Fangaflug Bandaríska leyniþjónustan hóf fyrir fullum áratug leynilega millilandaflutninga á föngum grunuðum um að vera viðriðnir hryðjuverkastarfsemi, en ekki fyrst eftir hryðjuverkaárásirnar á Bandaríkin 11. september 2001. Þetta kemur fram í viðtali við fyrrverandi CIA-mann sem þýska vikuritið Die Zeit birtir í dag.

Michael Scheurer stýrði fangaflugsáætlun CIA þegar henni var hleypt af stokkunum árið 1995. Hann tjáði Die Zeit að Bill Clinton, þáverandi Bandaríkjaforseti, öryggisráðgjafi hans Sandy Berger og sérlegi hryðjuverkavarnaráðunauturinn Richard Clarke, hefðu falið CIA, haustið 1995, að upprætа Al-Kaída-hryðjuverkanetið. Í þeim tilgangi hafi hið svokallaða „sérstaka framsal“ („extraordinary rendition“ á frummálinu) verið tekið upp, en það heiti nota menn í höfuðstöðvum CIA yfir aðgerðir þar sem hinn grunaði er handsamaður hvar sem færi til þess gefst og hann fluttur með leynd til annars lands þar sem hann er yfirheyrður.

**MEINT FANGAFLUGVÉL** Á Reykjavíkurflugvelli í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Alls er talið að síðan 11. september 2001 hafi um 150 meintir hermdarverkamenn verið teknir með þessum hætti. Að því er AP-fréttastofan hefur eftir háttsettum CIA-manni lætur nærri að tæplega tíu manns af þessum 150 hafi í raun ekkert til saka unnið. Verið sé að rannsaka þau mál.

Í viðtalinu í Die Zeit sakar Scheuer Evrópumenn um að koma óheiðarlega fram í umræðunni. Leyniþjónustur Evrópuríkja hafi aðstoðað við framkvæmdina og það hafi ekki síst verið Evrópumenn sem nutu góðs af því sem út úr aðgerðunum kom. - aa

Ágætt veður á gamlárskvöld:

## Góðar líkur á þurrviðri

**ÁRAMÓTAVEÐRIÐ** Samkvæmt nýjustu spám er útlit fyrir þokkalegasta áramótaveður. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir að á gamlársdag verði líklega slydda á höfuðborgarsvæðinu en þegar taki að líða á daginn stytti upp og að um miðnætti megi búast við því að aðstæður til að horfa á flugeldana springa verði nokkuð góðar.

**SIGURÐUR Þ. RAGNARSSON** Veðurfræðingurinn spáir ágætis veðri á höfuðborgarsvæðinu á gamlárskvöld.

Samkvæmt nýjustu veðurspá Veðurstofunnar er gert ráð fyrir að hæg austanátt verði á landinu og helst má reikna með úrkomu á Suðaustur- og Austurlandi. Annars staðar er gert ráð fyrir þurru veðri og jafnvel er von á bjartvirði á Vestur- og Norðurlandi. Samkvæmt spánni verður hiti á bilinu núll til fjögur stig við suður- og austurströndina en annars staðar má búast við smá frosti. - sk

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Kjartani hafnað af Mannréttindadómi

**Mannréttindadómstóll Evrópu féllst ekki á rök Kjartans Gunnarssonar um að honum hefði verið mismunað fyrir dómstólum hér. Kjartan tapaði meiðyrðamáli sem hann höfðaði í ársbyrjun 2000 á hendur Sigurði G. Guðjónssyni.**

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur vísað frá máli Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins á hendur íslenska ríkinu. Dómurinn tók málið fyrir 1. júní árið 2001 í kjölfar þess að Sigurður G. Guðjónsson lögmaður var sýknaður bæði í héraði og í Hæstarétti í meiðyrðamáli sem Kjartan höfðaði á hendur honum.

Málið höfðaði Kjartan vegna opnugreinar sem Sigurður skrifaði í dagblaðið Dag 31. október 1999. Greinin bar yfirskriftina „Er nema von að Steingrímur joð finni bananalykt!“ og fjallaði um svokallað FBA-mál. Kjartan vildi fá ómerkt ummæli sem lágu að því að hann hafi beitt áhrifum sínum sem formaður bankaráðs Landsbankans til að koma í veg fyrir lánaviðskipti bankans við Íslenska útvarpsfélagið.

**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON** Sigurður gegndi áður starfi forstjóra Norðurljósa, fjölmiðlafyrirtæksins sem þá var í eigu Jóns Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**KJARTAN GUNNARSON** Mannréttindadómstóll Evrópu féllst ekki á að Kjartani hafi, stöðu hans vegna, verið mismunað fyrir dómstólum hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjartan vildi fá ómerkt ummæli um höfnun bankans á lánaviðskiptum. „Engar skýringar fengust, þó var okkur sagt sem stóðum í forsvari fyrir viðræðum við bankann að Kjartan Gunnarsson legðist gegn því að Landsbanki Íslands ætti viðskipti við félag, sem Jón Ólafsson ætti aðild að.“ Og um viðhorf sparisjóðanna til sams konar lánveitingar. „Þar var ákvörðun um viðskipti við Íslenska útvarpsfélagið hf. tekin á grundvelli viðskiptalegra hagsmuna sparisjóðanna, en ekki á þeim forsendum hvað væri Sjálfstæðisflokknum fyrir bestu og forkólfum fjármálaráðs flokksins þénanlegt.“

Meirihluti Hæstréttar taldi Kjartan, vegna þess að hann væri valdamaður í stjórnmálalífi þjóðarinnar, verða að una því að fjallað væri um hann á opinberum vettvangi. Garðar Gíslason hæstaréttardómari skilaði sératkvæði og vildi dæma kærðu ummælin ómerk.

Mannréttindadómstóllinn féllst ekki á þau rök Kjartans að honum hefði, þjóðfélagsstöðu sinnar vegna, verið mismunað fyrir dómstólum hér eða að annmarkar hefðu verið á dómaframkvæmd. Af þeim sökum var málið ekki talið tækt til dóms og því vísað frá. olikr@frettabladid.is

**BLÓMSTRANDI JÓLAVERSLUN** Kaupmenn voru himinlifandi með verslun um jólin. Viðskipti með kreditkort hjá Visa hafa þó mælst meiri.

Kreditkortanotkun í meðallagi:

## Jólaviðskiptin hafa verið meiri

**KORTAVIÐSKIPTI** Kreditkortaviðskipti landsmanna fyrir þessi jól voru í meðallagi samkvæmt upplýsingum frá Vísa Ísland. Notkun þeirra reyndist mest áberandi á Þorláksmessu og einnig talsverð á Aðfangadag.

Anna I. Grímsdóttir hjá Visa segir engin met hafa verið slegin í kortanotkun þessi jól, en hafa beri í huga að tölur um notkun debetkorta hafa ekki verið teknar saman og því ekki um tæmandi samanburð að ræða. „Fljótt á litið er notkun kreditkorta þessi jólin um 14 prósentum meiri en í fyrra en sé litið lengra aftur í tímann þá hafa nokkur jól verið svipuð eða stærri en þetta hvað notkunina varðar. Er þá bæði um upphæðir og færslufjölda að ræða.“ - aöe

## SAMGÖNGUR

**Allir með strætó** Akraneskaupstaður og Vegagerðin undirrituðu samning í gær um almenningssamgöngur á milli Reykjavíkur og Akraness. Um leið var skrifað undir samning milli Akraneskaupstaðar og Strætó bs. um tengingu Akraness við leiðakerfi Strætó. Það mun kosta 150 krónur fyrir eldri borgara og öryrkja að skreppa upp á Skaga.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Jeppi í veg fyrir vörubíl**
**Ökumaður jeppabifreiðar missti stjórn á bifreið sinni og lenti framan á vöruflutningabifreið sem kom úr gagnstæðri átt á Vesturlandsveginum, norðan við Hreðavatnsskála um þrjú leytið í gær. Billinn endaði utan**

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
laugardaga: 11–15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Starfsmannafundir eru haldnir í dag hjá útgerðarrisanum Brimi á Akureyri:

# Félag stofnað um landvinnslu

**SJÁVARÚTVEGUR** Starfsmenn Brims hf. á Akureyri hafa verið boðaðir á starfsmannafund í dag þar sem kynntar verða breytingar á rekstri félagsins.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri og aðaleigandi félagsins, verst allra frétta af skipulagsbreytingunum og kveðst fyrst vilja kynna þær fyrir starfsmönnum.

Samkvæmt frétt Ríkisútvarpsins er ráðgert að stofna sérstakt félag um landvinnsluna undir nafni ÚA. Þá verði einnig stofnað sérstakt félag um útgerð fiskiskipanna, sem að mestu er stjórnað frá skrifstofu Brims í Reykjavík.

Aðalfundur Sjómannafélags Eyjafjarðar verður haldinn í dag og er ráðgert að fjalla um breytingar í sjávarútvegi í byggðarlaginu.

Eftir því sem næst verður komist leggjast ýmsar breytingar illa í þá, svo sem fækkun í áhöfnum fiskiskipa.

**HARÐBAKUR EINN TOGARA BRIMS** Útgerðarstefna Brims verður rædd á aðalfundi Sjómannafélags Eyjafjarðar í dag.

„Við höfum beðið eftir sjómönnum og segjum ekkert um málið fyrr en eftir starfsmannafund í dag,“ segir Guðmundur Kristjánsson, sem segir fyrirhugaðar breytingar ekki sérlega miklar.

Landsbankinn seldi núverandi eigendum Útgerðarfélag Akureyringa fyrir tæpum tveimur árum og er Brim, arftaki þess, einn stærsti atvinnurekandinn á Akureyri. - jh

# Útsalan

## hefst í dag

opið til kl. 21

í Smáralind, Kringlu og Skeifu

# 30-90%

afsláttur

af upprunalegu verði.

## 500 og 1000 kr. MARKAÐUR

allt á 500
eða 1000 kr.

barnafatnaður, dömufatnaður,
herrafatnaður og skór.

Fyrstur kemur fyrstur fær

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 28.12.2005**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,47 | 63,77 |
| Sterlingspund | 110,22 | 110,76 |
| Evra | 75,56 | 75,98 |
| Dönsk króna | 10,125 | 10,185 |
| Norsk króna | 9,4 | 9,456 |
| Sænsk króna | 8 | 8,046 |
| Japanskt jen | 0,5414 | 0,5446 |
| SDR | 90,99 | 91,53 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**106,1686**

Ríkisendurskoðun um rekstur Landspítala - háskólasjúkrahúss 1999-2004:

# Gekk vel að haldi kostnaði niðri

**LANDSPÍTALINN** Stjórnendum Landspítala - háskólasjúkrahúss gekk vel að halda niðri kostnaði við rekstur spítalans 1999-2004. Það er hins vegar bagalegt, að mati Ríkisendurskoðunar, að stjórnvöld hafi ekki enn mótað heildstæða stefnu um verkaskiptingu innan heilbrigðiskerfisins.

Í tilkynningu frá Ríkisendurskoðun kemur fram að ágætlega hafi gengið að auka afköst Landspítala - háskólasjúkrahúss og flytja þjónustu af legudeildum til dag- og göngudeilda. Spítalinn standi ágætlega þegar horft sé til afkasta og gæða.

Raunkostnaður LSH hafi staðið nánast í stað þegar mið er tekið af launavísitölu opinberra starfsmanna og bankamanna og vísitölu neysluverðs. Stöðugildum hafi fækkað um þrjú prósent, sérstaklega ófaglærðra, en háskólamenntuðum fjölgað. Laun á hvert stöðugildi hafi hækkað fimm prósentum meira en nemur meðaltalshækkun launa opinberra starfsmanna og bankamanna.

Meðalkostnaður á hvert sjúkrarúm var töluvert hærri en hjá samanburðarsjúkrahúsum í Bretlandi eða sem nemur rúmlega 21 prósenti. Laun starfsfólks var 26 prósentum hærra og meðallegutími var lengri. - ghs

**LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Vel gekk að halda niðri kostnaði við rekstur Landspítala - háskólasjúkrahúss 1999-2004 samkvæmt tilkynningu frá Ríkisendurskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Meintir hryðjuverkamenn:

## Herskáir Sádi-Arabar skotnir

**RIYADH, AP** Lögregla í Sádi-Arabíu skaut til bana í gær meintan hryðjuverkamann sem var númer fjögur á lista yfir eftirlýstustu menn landsins. Innan við sólarhring fyrr hafði annar maður af listanum dáið í gæsluvarðhaldi af sárum sem hann hlaut í skotbardaga við lögreglu á þriðjudag.

Sá síðarnefndi, Mohammed Abdel-Rahman Mohammed al-Suwailmi, hafði í skotbardaganum fellt fimm lögreglumenn. Hinn, Abdel-Rahman Saleh Abdel-Rahman al-Mutab, var eltur uppi og felldur norður af Riyadh í gær, að sögn liðsmanns öryggissveita sem ekki vildi láta nafns síns getið. - aa

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Braut ekki vopnalög

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur féllst ekki á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um dóm yfir manni sem taldist hafa brotið vopnalög fyrr á þessu ári.

Hafði maðurinn haft hníf með sér á skemmtistað í borginni án þess að ógna neinum á staðnum en þar handtók lögregla hann og ákærði fyrir vopnalagabrot. Féllst héraðsdómur ekki á kröfu lögreglu, en hnífur mannsins var gerður upptækur. - aöe

**VEITTI EINNI MILLJÓN MÓTTÖKU** Gunnar V. Andrésson, bróðir Særúnar, tók á móti einnar milljón króna styrk úr styrktarsjóði Baugs Group fyrir jólin, en alls hafa safnast rúmar fimm milljónir króna alls.

Særún Sveinsdóttir:

## Söfnun gengur framar vonum

**SÖFNUN** Safnast hafa yfir fimm milljónir króna til handa Særúnu Sveinsdóttur sem missti báða fætur eftir alvarlegt slys í Bandaríkjunum fyrr í vetur.

Særún er í endurhæfingu sem gengur vel og gera læknar ráð fyrir að útskrifa hana eftir fimm til sex vikur.

Særún hefurr fyrir þremur börnum að sjá en samkvæmt heimildum nema örorkubætur hennar vart meira en 25 þúsund krónum. Því er allur fjárstuðningur henni til handa mikilvægur. - aöe

# Fyrsta Galíleó-gervitunglið á sporbaug

**Fyrsta gervihnetti evrópska staðsetningarkerfisins Galileó var skotið á sporbaug í gær. Áfangi að því að gera Evrópubúa óháða bandaríska GPS-kerfinu.**

**PARÍS, AP** Fyrsta gervitungli hins fyrirhugaða gervihnattastaðsetningarkerfis Galíleó var skotið á loft frá Baikonur í Kasakstan í gær. Markar geimskotið mikilvægan áfanga að því að Evrópubúar svari GPS-kerfi Bandaríkjamanna.

Geimskotið tókst vel. Innan við fjórum stundum eftir að Soyuz-flutningaflaugin hóf sig á loft var þessi fyrsti Galíleó-hnöttur byrjaður að senda skilaboð til jarðar af sporbaug í 23.000 metra hæð. Ýmsar prófanir verða gerðar með gervihnettinum, svo sem á senditíðni Galíleó-kerfisins og frumeindaklukku sem á að gefa nákvæmustu tímamælingu sem völ er á og auka nákvæmni staðsetningarkerfisins.

Evrópusambandið áætlar að Galíleó-áætlunin muni kosta sem svarar um 250 milljörðum íslenskra króna en að lokum verða gervitunglin í Galileo-kerfinu þrjátíu talsins. Evrópa mun þá ekki lengur þurfa að reiða sig á GPS-kerfið, sem Bandaríkjaher stjórnar og getur lokað fyrir almennri notkun fyrirvaralaust ef svo ber undir, svo sem vegna hryðjuverkaárásar.

Galíleó verður einnig nákvæmara en GPS, skekkjumörkin eru einn metri í stað fimm metra í GPS-kerfinu, að sögn Francos Bonacina, talsmanns Evrópsku geimferðastofnunarinnar ESA. Galíleó mun auk þess meira en tvöfalda það landsvæði sem GPS þekur nú, og er búist við að lönd í Norður-Evrópu verði talsvert betur kortlögð með tilkomu Galíleós en nú er.

Tvær eftirlitsstöðvar hafa verið settar upp hér á landi sem tengjast kerfinu, önnur í Reykjavík en hin á Egilsstöðum, en alls eru þrjátíu og fjórar slíkar stöðvar í Evrópu ásamt fjórum móðurstöðvum. Ýmis lönd utan ESB hafa samið eða eru að semja um þátttöku í Galíleó-áætluninni, þar á meðal Kína, Indland, Suður-Kórea og Noregur.

Næsta gervihnetti verður skotið á loft næsta vor, og tveir í viðbót verða sendir af stað árið 2008. Þá geta neytendur væntanlega keypt sér Galíleó-staðsetningartæki, sem gera kleift að skipta á milli Galíleó- og GPS-kerfanna að vild. Gert er ráð fyrir að Galíleó-kerfið verði allt komið í gagnið árið 2010. - ht/aa

**GALÍLEÓ Í GANG** Geimskotið frá Baikonur í Kasakstan tókst vel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Met í Toronto:

## 52 skotnir til bana á árinu

**KANADA, AP** Fimmtán ára stúlka er síðasta fórnarlamb mikillar ofbeldisbylgju sem dunið hefur á Toronto í Kanada. Sjötíu og átta morð hafa verið framin í þessari þriggja milljón manna borg á árinu, þar af fimmtíu og tvö með byssum. Þetta er nánast tvöföldun frá árinu á undan og met fyrir borgina sem hefur löngum þótt ein sú öruggasta í álfunni.

**PAUL MARTIN** Forsætisráðherra Kanada boðar skammbyssubann nái hann endurkjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúlkan sem lést varð vitni að deilum 10-15 ungmenna en var sjálf á ferð með foreldrum sínum í verslanamiðstöð.

Forsætisráðherra Kanada, Paul Martin, tilkynnti í umdeildri yfirlýsingu að nái hann endurkjöri í kosningum 23. janúar muni hann banna skammbyssur í landinu. ■

Kvóti til úthafsrækjuveiða:

## 10.000 tonn þetta árið

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnsson, hefur í samræmi við tillögu Hafrannsóknarstofnunar ákveðið að heildarkvóti fyrir úthafsrækju verði tíu þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2005 til 2006. Heildarkvótinn er sá sami og ákveðinn var til bráðabirgða í upphafi sumars.

Niðurstöður Hafrannsóknarstofnunar benda til að stofninn sé í lágmarki eða svipaður og hann var í fyrra. Búist er við að stofninn minnki enn frekar á næstu árum vegna lélegrar nýliðunar og mikillar þorskgengdar á rækjuslóðir. - æþe

## VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÁRAMÓTAVEÐRIÐ**
Nýjustu spár áður en blaðið fór í prentun benda til þess að áramótaveðrið verði í raun hið ákjósanlegasta. Það verða fremur hægar austlægar áttir. Stöku él við austurströndina og síðan er dálítið úrkomusvæði vestur af landinu sem nálgast þegar líður á nóttina. Rætist þetta verður vart kvartað undan veðri þessi áramótin.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Hægviðri og bjart. Vægt frost.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvasst við austurströndina annars hægari.

*» laugardagur*




Strekkingur með suðurströndinni. Hlýnar og lægir síðdegis

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C snjókoma | París | 1°C alskýjað | Alicante | 15°C hálfskýjað |
| Osló | -4°C alskýjað | Berlín | -2°C alskýjað | Mílano | 0°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 0°C snjóél | Frankfurt | -1°C alskýjað | New York | 10°C rigning |
| Helsinki | -3°C alskýjað | Madríd | 9°C hálfskýjað | San Francisco | 14 °C hálfskýjað |
| London | 3°C heiðskírt | Barcelona | 8°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 23°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Íslensk verðbréf hf.

*óska viðskiptavinum sínum*
*gleðilegs nýárs með pökk fyrir*
*árið sem er að líða.*

Íslensk verðbréf hf. er eina sérhæfða fyrirtækið á sviði eignastýringar á Íslandi og stýrir í dag um 70 milljörðum króna fyrir hönd fjárfesta.

Skoðaðu heimasíðu okkar **www.iv.is**

Eignastýring er
**okkar fag!**

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

ÍSLENSK VERÐBRÉF HF. • STRANDGATA 3 • 600 AKUREYRI • SÍMI 460 4700 • FAX 460 4717 • www.iv.is

## KJÖRKASSINN

*Á að taka sérstakt gjald fyrir að aka á nagladekkjum í Reykjavík?*

| | |
|---|---|
| Já | 32% |
| Nei | 68% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að auka þjónustu við eldri borgara?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Formaður Félags leikskólakennara svartsýn á stöðu mála:

# Mun fleiri íhuga uppsagnir

**KJARAMÁL** „Ég get sagt að það séu mun fleiri alvarlega að íhuga uppsagnir um áramótin en ég gerði mér grein fyrir og mun fleiri en þeir sem þegar hafa tilkynnt um það," segir Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara.

Allnokkrir kennarar í félaginu höfðu tilkynnt um uppsagnir sínar frá áramótum vegna óánægju með kjör sín og vegna virðingarleysis sem menntuðu fagfólki í geiranum er sýnt aftur og aftur. Nú hefur komið í ljós að ókyrrðin er mun víðar og umræður um uppsagnir fara fram á flestum leikskólum borgarinnar.

Björg vildi ekki tjá sig um hversu marga hún vissi um sem stæðu frammi fyrir þeirri stóru ákvörðun að segja upp störfum en sagðist svartsýn á það sem koma skyldi. „Ég skal ekki segja hvað verður en Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefur boðað leikskólakennara aftur á sinn fund í vikunni, en ekkert kom út úr fyrsta fundi þeirra fyrir jól vegna málsins. Erfitt hefur verið að manna leikskóla almennt í borginni um árabil og uppsagnir þeirra fáu sem menntun hafa til starfsins munu vart gera þá stöðu auðveldari. Ekki náðist í borgarstjóra áður en Fréttablaðið fór í prentun.

- aöe

**LEIKSKÓLABÖRN Í KÓPAVOGI** Formanni Félags leikskólakennara, Björgu Bjarnadóttur, var brugðið þegar hún mætti til vinnu eftir jólin. Hafði hún spurnir af mun fleiri leikskólakennurum sem íhuga uppsagnir frá og með áramótum.

Ferðamenn hverfa í Jemen:

## Þýskri fjölskyldu rænt

**JEMEN, AP** Fimm manna þýskri fjölskyldu var rænt í austurhluta arabaríkisins Jemen í gær. Er talið að mannræningjarnir séu af ættbálki al-Abdullah bin Dahha og þeir vilji neyða yfirvöld til að láta aðra meðlimi ættbálksins lausa úr fangelsi.

Menn af ættbálkum í dreifbýlinu í Jemen hafa þrisvar á árinu gripið til þess að ræna vestrænum ferðamönnum í því skyni að knýja fram tilteknar kröfur gagnvart stjórnvöldum í landinu. Iðulega er gíslunum sleppt heilum á húfi, en nokkrir létu lífið er öryggissveitir gerðu misheppnaða tilraun til að frelsa slíka gísla á árinu 2000. ■

Hjálparstarf við Indlandshaf:

## Stór hluti gjafafjár ónotaður

**NOREGUR** Stór hluti af peningunum, sem gefnir voru til hjálparstarfsins í löndunum við Indlandshaf eftir flóðið í fyrra, hefur ekki verið notaður, að sögn Dagbladet í Noregi. Norski Rauði krossinn hefur til dæmis aðeins notað þriðjung af því sem safnaðist.

„Það tekur mörg ár að bæta tjónið," segir upplýsingafulltrúi Noregsdeildar Rauða krossins, og lofar því að peningarnir fari ekki í hjálparstarf annars staðar heldur verði notaðir í hjálparstarf vegna flóðbylgjunnar. ■

## SIMBABVE

**Mörg ný störf** Um 400 þúsund ný störf voru sköpuð á yfirstandandi ári samkvæmt tölum stjórnvalda í Simbabve. Eru bundnar miklar vonir við að sama verði upp á teningnum næsta ár.

**Ferðamönnum fækkar** Stjórnvöld hafa áhyggjur af fækkun ferðamanna áttunda árið í röð. Aðeins 350 þúsund hafa heimsótt landið á þessu ári sem er fækkun um hundrað þúsund frá síðasta ári.

## LEIÐRÉTTING

Í frétt í gær var sagt að eignarskattur yrðar lagður á í síðasta skipti á næsta ári vegna ársins 2005. Þetta er ekki rétt. Breytingin á sér stað á næsta ári þegar landsmenn fá álagningarseðla vegna ársins 2005.

# Vænti ábyrgari viðbragða Kjaradóms

**Forsætisráðherra undrast niðurstöðu Kjaradóms sem stendur fast við úrskurð sinn um launahækkun þingmanna, dómara og fleiri. Nefnd verður skipuð til þess að breyta lögum um ákvörðun kjara embættismanna og þingmanna.**

**KJARAMÁL** Kjaradómur komst að þeirri niðurstöðu í gær að úrskurður dómsins frá 19. desember skuli standa.

Halldór Ásgrímsson forsætisráherra bað dóminn bréflega í fyrradag um að taka umræddan úrskurð til endurskoðunar að því er varðar laun þjóðkjörinna fulltrúa.

Beiðnina sendi Halldór að höfðu samráði við formenn stjórnmálaflokkanna, formenn þingflokka og forseta Alþingis.

Í svari sínu í gærkvöldi ítrekaði dómurinn að úrskurðurinn frá 19. desember skyldi standa. Ákvörðun dómsins hefði verið tekin að virtum öllum þeim reglum sem honum bæri að fara eftir samkvæmt lögum. „Ekkert það hefur komið fram sem bendir til þess að dómurinn hafi ekki gætt lögmætra sjónarmiða við þá ákvörðun," segir í svari Kjaradóms.

Halldór undrast þetta svar og kveðst hafa vænst ábyrgari viðbragða. Hann segir að ríkisstjórnin hafi ákveðið að setja á fót nefnd sem falið verði að endurskoða lögin um Kjaradóm og Kjaranefnd og búa málið í hendur þingsins þegar það kemur saman. Ekki verði sett bráðabirgðalög og Alþingi verði ekki kallað saman fyrr en til stendur.

„Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að skipa nefnd sem endurskoða á lögin um Kjaradóm og Kjaranefnd," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Hins vegar stendur að þingið er best til þess fallið að taka á málinu."

**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Halldór telur að Kjaradómur hafi látið undir höfuð leggjast að taka mið af aðstæðum í þjóðfélaginu, en telur hann engu að síður hafa farið að lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Halldór Ásgrímsson segir að ástæða hefði verið fyrir Kjaradóm að taka tillit til þeirra aðstæðna sem uppi eru í þjóðfélaginu. „Með þessu svari sem ég hef fengið hafa þeir ekki gert það. Og það þarf engan að undra þótt ég sé ekki sáttur við það." Halldór vefengir ekki að Kjaradómur hafi í störfum sínum farið að lögum. „Það þarf að taka tillit til þess sem er að gerast á markaði og tillit til þess að halda stöðugleika í efnahagsmálum. Það er svo brýnt að það er ekki hægt að láta þetta mál kyrrt liggja."

Halldór kveðst þeirrar skoðunar að rétt sé að lækka þau laun aftur sem hækka um áramótin að óbreyttum úrskurði Kjaradóms. „Það liggur alveg ljóst fyrir að það er hægt að mati lögfræðinga sem ég hef talað við."

johannh@frettabladid.is


www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Hagnýt námskeið í spænsku á háskólastigi

Símennt HR býður upp á þrjú námskeið í spænsku á vorönn sem eru metin til þriggja eininga á háskólastigi:

- *Spænska með menningarlegu ívafi I*
- *Viðskiptaspænska II*
- *Viðskiptaspænska IV*

Námskeiðin eru fyrir byrjendur og lengra komna. Nemendum gefst tækifæri á að þreyta stöðupróf. Á námskeiðinu er lögð jöfn áhersla á ritun, hlustun, lesskilning og talað mál sem og menningu hins spænskumælandi heims.
**Kennsla hefst 9. janúar og lýkur með prófi 31. mars.**

*Leiðbeinendur eru Margrét Jónsdóttir Ph.D. og Begonia Piedra Lanza Lic. kennarar við Viðskiptadeild HR.*

*-Námskeiðin eru sniðin fyrir þá sem hafa hug á að byrja í háskólanámi og eru metin til þriggja eininga inn í B.s. nám í viðskiptafræði í HR.*

*Verð fyrir eitt námskeið: 50.000,-*

Frekari upplýsingar og skráning:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY


Rask á friðlandinu í Vatnsmýri vegna lagningar Hringbrautar:

# Fuglalífi á Tjörninni ógnað

**FUGLALÍF** Afkoma kríuunga og andarunga á Tjörninni í Reykjavík hefur ekki verið verri frá því mælingar á fuglastofnum Tjarnarinnar hófust 1973.

Um mánaðamótin júlí-ágúst 2005 voru aðeins 18 stokkandarungar á lífi. Engir kríuungar komust á legg og kríuvarpið hefur ekki verið eins fátæklegt frá upphafi rannsókna. Þetta kemur fram í skýrslunni Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2005.

Höfundar skýrslunnar, Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson, benda meðal annars á að ekki hafi verið lokið við síki sem átti að girða friðlandið í Vatnsmýri af og að vesturhlið friðlandsins sé aðeins varin af girðingu sem er að mestu hrunin. Þá beri nokkuð á landbroti út frá síkjum í friðlandinu.

„Mikið rask var samfara flutningi Hringbrautar og flest það ófrágengið sem snýr að friðlandinu og lofað var í úrskurði Skipulagsstofnunar, meðal annars hefur að mestu verið fyllt yfir aðallækinn sem rann til Tjarnarinnar, vatnsvegur undir Hringbraut er ófrágenginn og ekkert bólar á girðingu eða vegg milli Hringbrautar og Vatnsmýrarfriðlands. Mikið landbrot hefur verið síðustu ár í Tjarnarhólmanum og Litla-Hólmanum og á sama tíma hefur Þorfinnshólmi orðið samfellt hvannstóð."

**ENDUR, SVANIR OG GÆSIR Á TJÖRNINNI** Enginn kríuungi komst á legg þetta sumarið við Tjörnina.

„Við höfum áhyggjur af þessu máli í heild sinni," segir Ellý K. Guðmundsdóttir, forstöðumaður umhverfissviðs Reykjavíkurborgar. Hún segir skýrsluna verða formlega kynnta í umhverfisráði og þar verði ákveðið hvernig brugðist verði við. „Þetta er mál sem sýnir þann vanda sem við lendum oft í með náttúruverndarframkvæmdir og ég tel að skoða megi þetta sem dæmi í stærra samhengi. Ég hef fullan hug á að skoða það betur með umhverfisráði hvernig við getum tryggt betur náttúruvernd í borgarlandinu, þar sem er mikill uppgangur og hugað að enn frekari framkvæmdum."

- jss

Opin íbúðalán

# Láttu bankana ekki binda hendur þínar

Opin íbúðalán SPRON eru **án þvingandi skilyrða um önnur bankaviðskipti** í allt að 40 ár eins og tíðkast hjá öðrum bankastofnunum.

Kynntu þér málin á **spron.is**

spron

Íbúðalán SPRON eru háð útlánsreglum SPRON.
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða www.spron.is

# Hreindýralæri

Úrbeinað og fitusnyrt.

kg 3.599 kr

# Kalkúnn

**Oil Brown** hreint lostæti.

kg 2.499 kr

# Hreindýrafille

kg 4.399 kr

| | | |
|---|---|---|
| Kartöflugratin | 600 gr | **329 kr** |
| Kengúru fille | kg | **3.599 kr** |
| Malt í dós | 1/2 l | **110 kr** |
| Appelsín | 2 l | **199 kr** |

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16


Rússneskir vísindamenn rannsökuðu Norðurpólinn í kalda stríðinu:

# Telja að pólísinn aukist

**NOREGUR** Sovéskir vísindamenn rannsökuðu norðurpólinn, sjávarbotninn, dýpt sjávar, þykkt íssins og seltu sjávarins í kalda stríðinu. Þessar upplýsingar þurftu kjarnorkukafbátar Sovétmanna til að geta falið sig undir norðurskautsísnum í kalda stríðinu. Þetta kemur fram í bók sem kom út í Rússlandi í fyrra og var þýdd nýlega á norsku.

Á vefmiðli norska dagblaðsins Aftenposten kom fram í gær að Rússar ættu einstakt gagnasafn um hafsbotninn og fróðleik um það sem gerðist undir hafsbotni. Þetta væru dýrmætar upplýsingar sem engin önnur þjóð hefði aðgang að og gætu komið sér vel þegar farið yrði að leita að olíu og gasi svo norðarlega.



**NORÐURPÓLLINN** Rússneskir vísindamenn rannsökuðu norðurpólinn gaumgæfilega í kalda stríðinu og búa yfir mikilli vitneskju um hafið og hafsbotninn.

Norskir vísindamenn segja rússnesku vísindamennina hafa notað aðrar aðferðir og dregið aðrar ályktanir. „Meðan talið er á Vesturlöndum að ísinn bráðni á norðurpólnum og að norðurpóllinn verði íslaus eftir fimmtíu ár telja rússnesku vísindamennirnir að bráðnun leiði til þess að ferskvatn aukist og ísinn aukist því fremur en hitt," segir norskur vísindamaður.

Verkefni Sovétmanna var svo leynilegt að vísindamennirnir höfðu fyrirmæli um að taka líf sitt ef þeir kæmust í hendur Bandaríkjamanna. Vísindamennirnir voru allt að tuttugu talsins. - ghs

# Markaðssetning nýs lyfs ennþá í skoðun

**Hvorki Lyfjastofnun né Landlæknisembættið hafa lokið skoðun sinni á markaðsátaki á nýju blóðþrýstingslyfi. Framleiðandi lyfsins borgar fyrir líkamsrækt sjúklinga. Hjartalæknir fagnar framtaki lyfjaframleiðandans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Lyfjastofnun og landlæknir hafa enn til skoðunar markaðsátak lyfjaframleiðandans Novartis sem hófst um miðjan desember í samstarfi við líkamsræktarstöðina World Class. Lyfjafyrirtækið greiðir kostnað sjúklings af líkamsræktinni noti sá hinn sami blóðþrýstingslyfið Valsartan.

Félag íslenskra heimilislækna hefur skrifað landlækni og varað við markaðsátaki fyrirtækisins, bæði vegna persónuverndar- og faglegra sjónarmiða. „Spurningin er hvort svona markaðsátak geti orðið til þess að einstaklingur komi til læknis og fari fram á að fá eitthvað ákveðið lyf vegna þess að hann sjái af því fjárhagslegan ávinning. Þetta getur sett lækni í dálítið sérstaka stöðu," segir Elínborg Bárðardóttir, formaður félagsins.

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir að samkvæmt lyfjalögum sé bannað að beina auglýsingum um lyfseðilsskyld lyf til almennings. „Hugmyndin var alltaf sú að það

**KARL ANDERSEN** Karl er formaður Hjartasjúkdómafélags íslenskra lækna.

**LÍKAMSRÆKT Í LAUGUM** Karl Andersen, sérfræðingur í hjartalækningum, segir alþekkt að sjúklingar fylgi ekki ráðleggingum lækna um breyttan lífsstíl og líkamsrækt og fagnar því nýstárlegri markaðssetningu á nýju blóðþrýstingslyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

væri læknir sem tæki ákvörðun um hvort sjúklingi yrði vísað á lyfið og bent á þetta markaðsátak eða ekki," segir hún og bætir við að málið sé enn í skoðun hjá Lyfjastofnun.

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir umfjöllun embættisins um málið ekki heldur lokið. „Eina erindið sem okkur hefur borist um þetta er bréf Félags íslenskra heimilislækna," segir hann og bætir við að um átakið verði fjallað „ekki síður á siðferðilegum og faglegum nótum, en lagalegum".

Kristinn D. Grétarsson, sölu- og markaðsstjóri Novartis, leggur áherslu á að fyrirtækið hafi eingöngu kynnt átakið læknum, en farið hafi verið af stað með það um miðjan nóvember. Þá segist hann hafa kynnt Lyfjastofnun fyrirætlanirnar.

Karl Andersen, formaður Hjartasjúkdómafélags íslenskra lækna, segist líta markaðsátakið jákvæðum augum. „Þetta er svolítið óvenjuleg markaðssetning og þegar eitthvað nýtt kemur fram fara sumir ósjálfrátt í varnarstellingar. Þarna er lyfjafyrirtæki sem ákveður að hætta að nota peninga til kynningarstarfs og setja frekar í eitthvað sem kemur sjúklingum til góða. Lyfið er gott og ég hætti ekki að nota það þótt sjúklingurinn fái einhvern bónus." Karl segist fagna því ef framtak fyrirtækisins verði til þess að blóðþrýstingssjúklingar fylgi frekar ábendingum lækna um aukna hreyfingu. „Ég veit að í kjölfarið mun sjúklingurinn þurfa minna af lyfjum og þar kemur sparnaður á móti, honum kemur til með að líða betur og lifa lengur."

olikr@frettabladid.is


## Aðalfundur Vélstjórafélags Íslands

**verður haldinn föstudaginn 30. desember kl. 17:00 á Grand Hótel Reykjavík.**

**Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum VSFÍ.**

**Af tæknilegum ástæðum falla fjarfundir sem halda átti á Akureyri, á Ísafirði og í Vestmannaeyjum niður.**

VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

# Útsala
# - 30%

UNITED COLORS OF BENETTON.

Benetton Smáralind

**FANNFERGI Í KÓREU** Mikið hefur snjóað á Kóreuskaga að undanförnu og hafa opinberir starfsmenn vart haft undan við að hreinsa götur og torg. Fólk hefur látist vegna kuldans og mikið rask hefur orðið á skólastarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Formaður Félags leiðsögumanna vill að lög verði sett um starfsleyfi:

# Segir leiðsögumenn einnota

**FERÐAMÁL** Formaður Félags leiðsögumanna segir brýnt að sett verði lög sem skilyrði leiðsögumenn til að vera með starfsleyfi. Þróun síðustu ára kalli mjög svo eftir þessu.

„Það hafa sennilega allir leiðsögumenn hér á landi lent í því að með fyrsta hópnum, sem verið er að leiðsegja, komi hópstjóri sem punktar allt vel hjá sér og tekur eftir öllu sem fram fer," útskýrir Ásta Óla Halldórsdóttir, formaður félagsins. „Svo þegar næsti hópur kemur þylur þessi hópstjóri það sem hann lærði af leiðsögumanninum fyrir ferðamennina og þar með finnst þeim þeir ekki þurfa leiðsögumann lengur."

**FERÐAMENN Á ÍSLANDI** Íslenskir leiðsögumenn þjálfa upp hópstjóra sem síðan gera leiðsögumenn óþarfa í augum þeirra sem að ferðunum standa.

Þessir hópstjórar eru á mjög lágum launum sem leiðsögumenn geta ekki keppt við, segir Ásta Óla, en þeir beita síðan öðrum brögðum til að drýgja tekjur sínar. „Svo selja þeir margir hverjir miða á söfn á mun hærra verði og taka mismuninn sjálfir. Einnig láta þeir borga matinn fyrir fram og fara svo fram á afslátt á veitingastöðunum og aftur er kominn nokkur mismunur sem þeir geta stungið í vasann," segir Ásta.

Hún segir einnig kominn kurr í rútubílstjóra sem verði að fylgja hörðum reglum og vera með ýmis leyfi upp á vasann en svo komi erlendir ökumenn í unnvörpum með stóra hópa sem ekkert eftirlit sé haft með. - jse

Ófundnir skemmdarvargar:

# Rúðubrot og málað á vegg

**LÖGREGLA** Skemmdir voru unnar á þremur stöðum á Suðurnesjum um hádegisbilið í fyrradag.

Lögreglan í Keflavík segir að rétt fyrir klukkan tólf hafi borist tilkynning um að brotin hafi verið rúða í útihurð í Reykjaneshöllinni í Njarðvík. Örfáum mínútum fyrr var tilkynnt um að brotnar hefðu verið fimm rúður í valtara sem geymdur var við bílaþjónustu í Grindavík. Þá var klukkan tólf tilkynnt um veggjakrot á suðurhlið Samkaupa í Njarðvík. Á staðnum fundust úðabrúsar.

Ekki er enn vitað hvaða skemmdarvargar voru þarna á ferðinni. - óká

## ARGENTÍNA

**Fjölskyldan hornsteinninn** Átta af hverjum tíu íbúum Argentínu segja fjölskylduna vera hornstein samfélagsins enn þann dag í dag samkvæmt könnun Gallup þar í landi. Er þetta svipað hlutfall og hjá öðrum þjóðum Rómönsku Ameríku.

**Mafían að störfum** Ofbeldi fer vaxandi á götum Buenos Aires. Morðum og skipulögðum tilræðum fer fjölgandi og telur lögreglan í borginni að uppgangur sé á ný innan raða argentínsku mafíunnar.

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Gagnasafn opnað** Bókasafn Reykjanesbæjar hefur opnað netaðgang að gagnabanka safnsins um Suðurnes í tilefni þess að fyrsta tölublað mánaðartímaritsins Faxa kom út fyrir 65 árum. Á vef bæjarins kemur fram að meginuppistaðan sé tilvísanir í greinar og fréttir í Faxa. Að auki muni í honum vera valdar heimildir um Suðurnes úr bókum og tímaritum. Slóðin er www.reykjanesbaer.is/bokasafn.

**FÓRNARLAMB UPPREISNARMANNA** Sabina Abwo er ein þeirra sem misstu eyru og varir í borgarastyrjöld sem geisað hefur síðastliðin nítján ár í norðurhluta Úganda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Lýtaaðgerðir gefa nýja von

**Uppreisnarmenn hafa skorið eyru og varir af fjölda fólks í langvinnri borgarastyrjöld í Úganda. Lýtalæknar hafa nú gert aðgerðir á fimmtán manns.**

**KITGUM, AP** Lýtaaðgerðir hafa gefið fórnarlömbum limlestinga í Úganda nýja von. Enginn veit hversu margir hafa þar orðið fyrir barðinu á uppreisnarmönnum Byltingarhers drottins, sem staðið hafa fyrir bardögum í norðurhluta landsins síðastliðin nítján ár.

Sabina Abwo er eitt fórnarlambanna, en uppreisnarmennirnir skáru eyru hennar og varir af andlitinu. Abwo var tekin til fanga er hún var að safna eldiviði í grennd við flóttamannabúðir og taldi að ætlun uppreisnarmannanna væri að drepa hana. Þess í stað var hún hins vegar send afskræmd til baka, öðrum sem ekki studdu ríkisstjórnina víti til varnaðar.

Skurðirnir hafa að sjálfsögðu valdið fórnarlömbum þeirra miklum þjáningum. Mikil skömm þjakar fólkið og ryk og flugur komast í eyru þeirra auk þess sem þau eiga í miklum vandræðum með að borða og drekka.

Nú hefur fólkinu hins vegar borist hjálp, en fyrr í þessum mánuði fóru teymi sjálfboðaliða á vegum alþjóðlegu samtakanna Læknar án landamæra, hollenskra stjórnvalda og læknasamtaka til Úganda. Þá voru varir græddar á fimmtán sjúklinga með skurðaðgerð, en teymin munu í kjölfarið koma til landsins á þriggja til sex mánaða fresti til þess að veita sjúklingum eftirmeðferð og gera fleiri aðgerðir.

Ekki er vitað hversu lengi verkefninu verður haldið áfram, en það veltur á fjármögnun þess og því hversu margir sjúklingar gefa sig fram.

Að minnsta kosti tuttugu manns hafa þegar sóst eftir því að fá lækningu, en einungis var hægt að gera að sárum fimmtán þeirra fyrsta kastið þar sem búnaður er af skornum skammti.

Byltingarher drottins er talinn hafa numið um 25 þúsund börn brott frá fjölskyldum sínum og eru börnin meðal annars notuð sem bardagamenn eða kynlífsþrælar. Börnin eru meðal annars neydd til þess að skera eyru eða varir af fólki og þeim síðan sagt að þau fái aldrei aftur samþykki samfélaga sinna eftir að hafa framið slíkan voðaverknað. helgat@frettabladid.is

# Allt fyrir áramótin

## þú velur beint úr kjötborðinu

**Eyþór Rúnarsson**
Yfirmatreiðslumaður á Sigga Hall Óðinsvéum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

25% afsláttur

Nauta **ribeye**

Nauta **lundir**

Nauta **file**

25% afsláttur

**Svínalundir**

### Spennandi

- Lambalundir
- Púrtvínsleginn hreindýrsvöðvi
- Fylltar svínalundir
- Beikonvafið svínafile

### NAUTAFILE

800 g nautafile
3 msk. ólífuolía
4 stk hvítlauksgeirar
4 greinar timjan
3 stilkar rósmarín
4 msk. smjör
3 msk. maldon salt
2 msk. svört piparkorn

Afhýðið hvítlauk og saxið. Hitið pönnuna með olíu og steikið kjötið. Bætið timjani, rósmarín og hvítlauk á pönnuna. Snúið steikinni við og bætið smjöri á pönnuna. Setjið smjörið yfir steikina með skeið og látið freyða yfir kjötið. Kryddið kjötið með salti og pipar, setjið inn í ofn og eldið við 100°C þar til kjarnhiti nær 50°C.



**Bláber**



**Trönuber**



**Rifsber**



**Kiwiber**

**Blæjuber**

**Hindber**

**Brómber**

**Súpubrauð,** þú notar brauðið sem súpuskál og borðar svo brauðið í lokin!

**Jóa Fel ísterta,** mest selda ístertan í Hagkaupum!

**Freyðandi drykkur,** skemmtilegur valkostur fyrir krakkana um hátíðirnar

**Slim line tonic,** nú færð þú sykurlaust tonic í verslunum Hagkaupa

**Kalkúnafylling,** ný tegund kalkúnafyllingar, frábær í áramótakalkúninn

**Kettle Chips,** stökkari og bragðbetri, ómissandi í áramótaveisluna!

Gildir til 31. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

*Hvers vegna í ósköpunum ekki?*

**„Það sem ég hef mestar áhyggjur af er ef menn hanga allir á sama flekanum. Ef það kemur gat á flekann, þá er ekki hægt að stökkva á annan fleka.“**

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON KAUPAHÉÐINN UM ÍSLENSKT VIÐSKIPTALÍF Í MARKAÐNUM.

*Svei þessum fjölmiðlum*

**„Fjölmiðar hafa tekið gagnrýnislaust við málflutningi [sjálfstæðismanna] og fulltrúar minnihlutans sjaldan eða aldrei kallaðir til viðtals eða í umræðuþætti um málefni bæjarins.“**

EYJÓLFUR BRAGASON GARÐBÆINGUR Í GREIN UM GARÐABÆ Í FRÉTTABLAÐINU.

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞORVALDUR ÁRNASON, FORSTÖÐUMAÐUR KVIKMYNDADEILDAR SAMBÍÓANNA:

# *Albesti tími ársins í bíó*

„Allt gott að frétta af mér, enda búin að vera extra stór jól hjá okkur“ segir Þorvaldur Árnason forstöðumaður kvikmyndadeildar hjá Sambíóunum. Annar í jólum og 27. voru tveir af stærstu dögum fyrirtækisins frá upphafi hvað varðar aðsókn. Það er auðvitað aðallega þessum gríðarstóru myndum, King Kong og The Chronicles of Narnia, að þakka en einnig spilar inn í mikil hefð fyrir því að fara í bíó um þetta leyti. Í gamla daga biðu kvikmyndahúsin með allar frumsýningar fram til annars í jólum og þá flykktist fólk í bíó. Hefðin lifir enn þó búið sé að dreifa úr frumsýningunum. Árni segist sjálfur hafa verið mjög ánægður með stórmyndirnar. „Persónulega var ég spenntastur fyrir King Kong. Ég sá bæði gömlu myndin frá 1933 og þá frá 1976, sem ég sá á stóra tjaldinu í Háskólabíó þrettán ára gamall, en ég verð að segja þessi nýja sé sú besta.“

Þorvaldur segir að jólin séu sennilega albesti tími ársins í bíóunum, með tilliti til aðsóknar hvern dag. „Tímabilið frá 26. og fram á þrettándann er alltaf sterkt, sterkara en sumarmyndirnar vafalaust. Tökum nýju Harry Potter-myndina sem dæmi, en hún er orðin vinsælasta mynd ársins þó hún hafi einungis verið mánuð í sýningu. Það er samt ekki skrítið í ljósi þess hún er sú langbesta til þessa. Fólk virðist virkilega njóta þess þegar gott úrval er af fjölskyldumyndum.“.

Þorvaldur sér um innkaup fyrir Sambíóin ásamt fleirum og segir að þar sé stefnan góð blanda af stórmyndunum og minni framleiðslu. „Sérstaklega eftir að við fórum að sjá um Háskólabíó höfum við reynt að vera með meira af evrópskum og sjálfstætt framleiddum myndum. Aðallega í gegnum kvikmyndahátíðirnar, bæði þessar tvær stóru sem við leggjum lið og með því að vera með eins konar míní-hátíðir. Áhuginn fyrir svona myndum hefur aukist mikið, sérstaklega hjá ungu fólki og það var náttúrulega ótrúlegt þegar 34.000 manns létu sjá sig á hátíðinni í haust. Vandamálið er að þessum myndum vegnar miklu betur með einhvers konar hátíðarumgjörð en ef þær eru frumsýndar í almennri sýningu. Það er stundum sorglegt að sjá virkilega góðar myndir fara alveg framhjá fólki.

**ÞORVALDUR ÁRNASON** Forstöðumaður kvikmyndadeildar Sambíóanna.

Sambíóin stefna á nýtt bíó í Grafarvogi og Þorvaldur er bjartsýnn á komandi ár. „Við erum lengi búin að vera með bíó við Eigilshöll á teikniborðinu og það verður að öllum líkindum farið að grafa fyrir því í ár. Grafarvogur er orðinn svo stór að það gengur ekki mikið lengur að þar vanti bíó. Svo eru fjölmargar myndir sem ég hlakka til að sjá árið 2006 og er Flags of Our Fathers þar fremst meðal jafningja“.

*nær og fjær*
**tilveran**

## SJÓNARHÓLL

**BJÖRGÓLFUR THOR ER MAÐUR ÁRSINS Í VIÐSKIPTALÍFINU**

JÓN KR. ÓLAFSSON SÖNGVARI.

### *Ugglaust vel að því kominn*

„Hann er ugglaust vel að því kominn en ég ætla svo sem ekki að taka neina ábyrgð á því,“ segir Jón Kr. Ólafsson, söngvari á Bíldudal um val Markaðarins á manni ársins í viðskiptalífinu, en Björgólfur Thor Björgólfsson varð fyrir valinu að þessu sinni.

Jón fylgist ekki grannt með gangi mála í heimi viðskiptanna og veit, að eigin sögn, ekki hvernig kaupin gerast á eyrinni. „Ég botna bara ekkert í þessum peningamönnum. Það virðist sem fjórir til sex menn í okkar litla landi geti keypt heimsbyggðina. Hvaðan koma allir þessir peningar til þessara manna? Ég fer ekkert ofan af því að í denn var talað um mis- og stéttaskiptingu en ég sé ekki betur en að alveg sama staða sé komin upp aftur. Það er búið að snúa mottunni við. Nokkrir menn eiga helling af peningum en hinir eiga ekkert af peningum og geta bara bitið í sig.“ Jón tekur þó fram að eflaust hafi þessir menn gert góða hluti, hann bara botni ekkert í öllum þessum peningum.

# Lífið er hestur

**Nokkrir hestamenn huguðu að hrossum sínum í Víðidalnum í Reykjavík í gær. Sumir járnuðu, aðrir gáfu eða mokuðu undan og enn aðrir riðu út.**

Sigurður Matthíasson landsliðsmaður var í hesthúsinu sínu að sinna því sem sinna þarf. Í mörg horn er að líta og ekki líður sá dagur að Sigurður fari ekki í Víðidalinn. „Ég kem hingað bæði tilneyddur og af einskærum áhuga. Lífið er hestur,“ segir Sigurður og hlær. Á veturna sinnir hann tamningum, þjálfun og hrossasölu, á sumrin rekur hann reiðskóla ásamt konu sinni Eddu Rún Ragnarsdóttur og á haustin heldur reiðskólinn áfram og við bætast frumtamningar. Svo keppir hann og fer sjaldnast heim verðlaunalaus.

Sigurður stóð vart fram úr hnefa þegar hann fyrst fór á bak og hefur nánast verið á baki allar götur síðan.

Þessa dagana eru hestamenn í þéttbýli að taka hross sín á hús eftir útigönguna frá í vor. Margir leggja mikið upp úr að gera það fyrir áramót og sumir geta vart hugsað sér að nýtt ár renni upp fyrr en hestar eru komnir úr haga.

Þó var ró yfir öllu í Víðidalnum í gær, einstaka hross var úti undir berum himni og vaklaði um í gerði sínu. Sag var borið inn í nokkur hesthús en því er mokað undir hrossin, þeim til þæginda. Þá voru smiðir að störfum enda bæði byggt nýtt og gamalt lagað í hesthúsabyggðinni.

**JÁRNAÐ** Hjalti Guðmundsson var við járningar í Víðidalnum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÖR Á BAKI** Dagbjört Hjaltadóttir, Bjarki Sturlaugsson og Viggó Hjaltason skemmtu sér á baki á einum af gæðingunum í húsi Sigurðar og Eddu Rúnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LÍFIÐ ER HESTUR** segir Sigurður Matthíasson sem hefur verið á hestbaki nánast frá fæðingu. Edda Rún stendur hjá.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rúna Helgadóttir hefur verið í hestamennsku síðan hún fæddist:

# Skemmtilegast að keppa

Rúna Helgadóttir var nýkomin úr reiðtúr úr Heiðmörk. Hún er í Árbæjarskóla og ver jólafríinu sínu í Víðidalnum. „Ég hef verið í þessu síðan ég fæddist,“ segir hún á meðan hún tekur hnakkinn af hestinum sínum. Sjálf á Rúna fjóra hesta en fjölskyldan er allt í allt með um tuttugu hross. Og fólkið hennar lætur sér ekki nægja hefðbundna hestamennsku, hún vinnur að því að koma upp hestasundlaug í Víðidalnum sem áætlað er að verði komin í gagnið á vordögum. Slíkar laugar eru notaðar til tamninga.

„Það er skemmtilegast að keppa og svo er alveg æðislegt að ríða út og vera frjáls í náttúrunni,“ segir Rúna aðspurð um hvað sé nú skemmtilegast við hestana.

Þessi jólin fékk hún ekkert tengt hestum í jólagjöf en í fyrra fékk hún hnakk.

Rúna ber örlítinn kvíðboga í brjósti vegna flugeldanna um áramót en hávaðinn og blossarnir geta farið illa í hesta. „Við kveikjum ljósin hér í hesthúsinu og stillum útvarpið, þeir róast við það,“ segir Rúna hestamaður sem er í Víðidalnum frá morgni til kvölds dagana sem frí er í skóla.

**SINDRI, RÚNA OG ÚRAN** gægjast út um dyraopið á hesthúsinu. Rúna veit ekkert skemmtilegra en að sinna hestunum sínum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GILDI

*Vel mótuð fjárfestingarstefna*
*Framúrskarandi ávöxtun*
*Leiðandi í uppbyggingu á nýju réttindakerfi*

# Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi

Gildi-lífeyrissjóður var valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi árið 2005 af tímaritinu Investment & Pensions Europe á árlegri verðlaunahátið sem haldin var í Berlín 1. desember sl.

Verðlaun þessi hafa verið afhent undanfarin 5 ár í Evrópu, en Ísland var með í fyrsta skipti á þessu ári. Blaðið verðlaunar lífeyrissjóði sem þykja skara framúr í sínu heimalandi og í Evrópu.

Í umsögn IPE kemur m.a. fram að Gildi-lífeyrissjóður hafi á grundvelli vel mótaðrar fjárfestingarstefnu sýnt framúrskarandi ávöxtun undanfarin ár. Þá hafi sjóðurinn verið leiðandi í uppbyggingu á nýju réttindakerfi sem margir aðrir lífeyrissjóðir hafi tekið upp.




*Gildi-lífeyrissjóður* hóf starfsemi 1. júní 2005, en sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna.

*Gildi-lífeyrissjóður* er með rúmlega 20.000 virka sjóðfélaga og samtals eiga 150.000 einstaklingar réttindi í sjóðnum.

*Gildi-lífeyrissjóður* er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir sjóðsins nema um 170 milljörðum króna.

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

TUNGLIÐ auglýsingastofa

## SVONA ERUM VIÐ
**FJÖLDI ÍBÚA Í KÓPAVOGI SÍÐUSTU ÁR**




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** GALILEO-VERKEFNIÐ

## *Svar Evrópu við GPS*

Fyrsta gervihnettinum í Galileo-verkefni Evrópusambandsins var skotið á loft í vikunni. Verkefnið er svar Evrópu við GPS-staðsetningartækni Bandaríkjamanna en mun verða samhæft því kerfi að fullu þegar fram líða stundir.

**Hvað er Galileo?**
Evrópa þarfnast gervihnattastaðsetningartækninnar óháð öðrum og tilgangur Galileo-verkefnisins var að koma slíku kerfi á fót í samstarfi en jafnframt samkeppni við hina bandarísku GPS-tækni sem mjög hefur rutt sér til rúms víða um heim, þar á meðal hér á Íslandi.

**Hvernig virkar þetta?**
Staðsetningartæknin virkar á þann hátt að hægt er að staðsetja hvað sem er hvenær sem er með mikilli nákvæmni alls staðar í heiminum og er slík tækni þegar orðin mörgum ómetanlegt hjálpartæki. Besta dæmið er um jeppamenn hér á landi sem nýta sér tæknina til að staðsetja sig nákvæmlega uppi á hálendinu. Skiptir þá engu hvort skyggni er gott eður ei. En tæknin eykur einnig öryggi annars staðar. Margar bifreiðar eru með slíka tækni og þau er hægt að nota til að leiðbeina fólki um bestu leiðirnar. Tæknin er mikið notuð í flugi og á sjó af sömu ástæðum.

**Hver er framtíðin?**
Um nokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að taka gjald af ökumönnum fyrir hvern ekinn kílómetra, meðal annars í Bretlandi og á Íslandi. Slíkar mælingar yrðu framkvæmdar að öllu leyti með slíkum staðsetningartækjum og engin leið að svindla. Ekki er úr vegi í framtíðinni þegar verð á hverju einstöku tæki verður orðið lágt að til að mynda bændur setji slík tæki á búfénað þegar rekið er til fjalla. Þannig er hægt að tryggja að eftirlegukindur verða engar á haustin.

## SPURT OG SVARAÐ
**FUGLATALNING**

Jóhann Óli Hilmarsson

### *Fuglar taldir*

Um háveturinn fer iðulega fram fuglatalning sem Náttúrustofnun Íslands stendur fyrir. Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og ljósmyndari, tekur þátt í talningunni.

**Hvernig fer fuglatalning fram og hvenær?**
Þetta er miðsvetrartalning, hún fer fram um það leyti sem dagarnir eru stystir, oftast milli jóla og nýárs.

**Hverjir sjá um talninguna?**
Hver sem vetlingi getur valdið tekur þátt, áhugamenn sem atvinnumenn, enda ekki það mikið um fuglafræðinga á landinu. Fólk sem vill hjálpa við talninguna setur sig einfaldlega í samband við Náttúrustofnun..

**Hvaða áhrif hafa niðurstöðurnar?**
Talningin getur gefið mjög góða mynd af sveiflum og og tegundasamsetningu, sérstaklega ef sama fólkið telur sama svæði mörg ár í röð.

# 134 sjúklingar af Vogi létust fyrstu átta mánuði ársins

**Á annað hundrað fíkni- og vímuefnaneytendur úr sjúklingahópnum á Vogi létust á fyrstu átta mánuðum þessa árs. Sá yngsti var átján ára.**

Eitt hundrað þrjátíu og fjórir fíkni- og vímuefnaneytendur úr hópi sjúklinga sem hafa verið til meðferðar á sjúkrahúsinu Vogi létust á fyrstu átta mánuðum ársins 2005. Fimmtán þeirra voru 39 ára og yngri. Sá yngsti var átján ára, en sá næstyngsti nítján ára.

Þetta segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. Hann segir ekki koma á óvart að sprautufíklar finnist látnir, eftir að bera fór á morfínfíkn hérlendis, eins og gerðist í fyrradag þegar kona á fertugsaldri og maður á fimmtugsaldri fundust látin í Reykjavík. Dánarorsök þeirra er ekki ljós en þau voru bæði sprautufíklar, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

„Þessi ópíumlyf eru mjög hættuleg," segir Þórarinn. „Þol fíklanna er oft breytilegt og þeir geta lent í því að fá það mikla öndunarhömlun

**SPRAUTUFÍKLAR** Morfínfíknin sem hélt innreið sína hér á landi í kringum aldamótin breytti vondu ástandi margra fíkla í verra. Margir látast hér á landi á ári hverju af öndunarhömlun sem þessi eiturlyf valda.

að þeir látist þess vegna. Þá hægir á önduninni, hún verður síðan nokkrum sinnum á mínútu þar til menn hætta að anda. Þá deyja þeir úr súrefnisskorti."

**Dauðsföll vegna ópíumeitrunar**
„Fram til 1995 fengum við nánast ekkert dauðsfall vegna ópíumeitrunar, það er af völdum morfíns, heróíns eða þessara sterku verkjalyfja," heldur Þórarinn áfram. „Í skýrslum frá rannsóknarstofu Háskólans í lyfjafræði var ekki getið um nein dauðsföll af þeim ástæðum. Nú hefur þetta aukist, fyrst og fremst eftir að morfínfaraldurinn fór af stað hér á landi upp úr 1998. Það þarf ekki að koma mönnum á óvart. Það er mjög áberandi að þeir sem eru að deyja úr okkar hópi deyja mjög ungir, margir fyrir fertugsaldurinn. Það eru talsverð afföll úr þessum hópi sjúklinga. Við fundum sárlega fyrir því um og eftir árið 2000 hvað við vorum að missa marga úr okkar hópi. Þá vorum við að fara inn í breytt ástand með tilkomu morfínfíknarinnar."

Í ársskýrslu SÁÁ fyrir árið 2004 kemur fram að nýir sprautufíklar sem komu á Vog á því ári og notuðu morfín voru 47. Þá höfðu alls 769 einstaklingar greinst með ópíumefnavanda á síðustu tíu árum. Nýju tilfellin af ópíumefnafíkn höfðu aldrei verið fleiri en 2004, þegar þau voru 117 talsins.

Í júní 2005 kemur enn fram hjá talsmönnum Vogs að ópíumfíklum fjölgi stöðugt. Fíkn í lyf sem ávísað er af læknum sé orðinn aðalvandi 7-10 prósenta þeirra sem komi á sjúkrahúsið. Um sé að ræða róandi og örvandi ávanalyf og sterk verkjalyf, ópíumefni eða morfínefni.

„Þess vegna höfum við lagt svo mikla áherslu á viðhaldsmeðferðina við ópíumefnunum því aðalkostur hennar er að fækka dauðsföllum hjá ungu fólki, auk þess að koma í veg fyrir að það smitist af lifrarbólgu C og öðrum sýkingum," segir Þórarinn. „Einnig minnka félagsleg vandamál og oft ná menn nokkuð eðlilegri félagslegri virkni, jafnvel svo mikilli að hægt er að tala um að þeir gjörbreytist og séu orðnir edrú. Viðhaldsmeðferðin gengur því mjög vel sem slík, þótt ekki sé mikið um það rætt."

**Tæplega fimmtíu í viðhaldsmeðferð**
Nú eru tæplega fimmtíu manns í viðhaldsmeðferð á Vogi. Þórarinn segist hafa reiknað það út að það spari útskriftir á 150 þúsund töflum af contalgini á ári. Ekki eru nema tvö ár síðan þessi hópur sjúklinga var þrjátíu manns, en hefur farið hraðfjölgandi. Og alltaf bætast nýir fíklar við.

„Þessi meðferð er engu að síður öll í uppnámi," heldur Þórarinn

**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Yfirlæknirinn á Vogi segir stórt skarð höggvið í sjúklingahópinn á þessu ári.

áfram. „Það hafa ekki fengist til hennar þeir fjármunir sem þarf. Það er ekki einu sinni að við fáum lyfjakostnaðinn greiddan. Engu að síður er viðhaldsmeðferðin það eina sem getur komið í veg fyrir dauðsföll af þessum toga. Það er ein af meginröksemdunum fyrir því að halda þessari meðferð úti."

Hann segir flesta morfínfíklana, sem noti að mestu contalgin, koma á Vog af höfuðborgarsvæðinu. Auk contalginsins noti þeir örvandi efni í bland.

„Síðan fáum við alltaf menn frá útlöndum, einkum Amsterdam og Kaupmannahöfn, sem eru margir hverjir að koma úr heróínneyslu. Heróínið hefur borist hingað í mjög litlum mæli með einstaklingum en það hefur aldrei farið nema í næsta nágrenni við þá svo vitað sé. Það hefur aldrei, að ég viti, farið að neinu magni á markað hér."

**FJÖLDI GREINDRA ÓPÍUM- OG MORFÍNFÍKLA**

**Fjöldi greindra morfínfíkla sem sprauta í æð á sjúkrahúsinu Vogi 1994- 2004**

| | Konur | Karlar | Alls | Látnir | Konur | Karlar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Misnotkun morfíns | 27 | 89 | 126 | 4 | 1 | 3 |
| Morfínfíkn | 44 | 102 | 146 | 10 | 4 | 6 |
| **Morfíntilfelli alls** | **71** | **191** | **272** | **14** | **5** | **9** |

**Fjöldi greindra ópíumfíkla á sjúkrahúsinu Vogi 1994- 2004**

| | Konur | Karlar | Alls | Látnir | Konur | Karlar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Misnotkun ópíumefna | 91 | 201 | 292 | 14 | 0 | 14 |
| Ópíumefnafíkn | 209 | 268 | 477 | 33 | 10 | 23 |
| **Ópíumtilfelli alls** | **300** | **469** | **769** | **47** | **10** | **37** |

FRÉTTASKÝRING
**JÓHANNA SIGÞÓRSDÓTTIR**
jss@frettabladid.is

# Gamlárskvöldsgírinn!

KOMIN AFTUR!

FROSNAR NAUTALUNDIR
2299 kg KR.

## Nýsjálensk frosin ungnautalund

Bragð sem allir elska!

...fyrir góðan dag!

Frosið og snyrt
## lambalæri
798 kg KR.

HÁTÍÐARLÆRI
1398 kg KR.
Merkt verð 1998 KR.

30% afsláttur við kassann

Berjum kryddað
## lambalæri

ARINKUBBAR
198 KR.
2.27 kg

Ekki klikka á arinkubbunum!
Góðir á gamla kolagrillið til
að hlýja sér við á gamlárskvöld!

Gleðiskartið góða!

Gleðiskart
98 KR.
VELJIÐ SJÁLF!

2x 300g
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR
PARÍSARKARTÖFLUR

2x 300grömm
359 KR.
600g

Partídótið

PARTÍSKÚBB
199 KR.
VELJIÐ SJÁLF!

HRÆRUR, KLAKAR,
GLÖS OG KÖNNUR
-glóir í myrkri!

RUSLAPOKAR
98 KR.
10 STYKKI

RUSLAPOKARNIR
mega ekki klikka!

## Flögurnar...

200g poki
98 KR.

RISAPOKI
198 KR.
450g

-og í tröllapoka!

## Ostarnir...

HÖFÐINGI
198 KR.
150g

DALABRÍA
189 KR.
150g

BÓNDABRÍA
129 KR.
100g

www.bonus.is

BÓNUS bonus.is

ERAN/Landlist

**Útgjöldin**
> Innflutningur á flugeldum (í þúsundum króna)




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON RITHÖFUNDUR

## *Hi-Lux og þröngar gallabuxur*

„Ætli ég hafi ekki gert mín bestu kaup árið 1990," segir Viktor Arnar Ingólfsson rithöfundur sem er nýbúinn að senda frá sér spennusöguna Aftureldingu.
„Þá keypti ég mér Toyota Hi-Lux jeppa sem reyndist mér mjög vel og ég notaði í heil fimmtán ár." Hann segist hafa heiðrað bílinn í vor með öðrum kaupum sem hann telur einnig með sínum bestu kaupum. „Þá fór ég og keypti annan eins Toyota Hi-Lux. Eins á litinn og allt - bara nýrri."
Sá eldri tórir þó enn. „Hann stóð sig svo vel að ég tímdi ekki að selja hann og hann er enn í notkun í fjölskyldunni," segir Viktor og hlýtur að teljast

heppinn að hafa hitt á svo endingargóðan bíl.
Spurður um sín verstu kaup hefur Viktor svar á reiðum höndum. „Ég var staddur í útlöndum fyrir fjölmörgum árum og ætlaði að kaupa mér föt. Ég hafði alltaf notað gallabuxur af stærð 32 en var hins vegar farinn að fylla ansi vel út í þær. Ég lét samt ekki bugast og keypti mér þrennar gallabuxur - allar af stærð 32 - í þeirri von um að ég næði mér aftur niður í gamalt form. Ég fór aldrei í þær buxur," segir Viktor en bætir þó við að buxurnar hafi að endingu verið gefnar Rauða krossinum þannig að einhverjum hafi þær gert gott.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### LOGI Á ELDSPÝTU HREINSAR LOFTIÐ

■ *Atli Þór Albertsson leikari, betur þekktur sem Addi Idol, hefur að geyma hafsjó af fróðleik um góð húsráð. Hann segist iðulega grípa í eldspýtustokk í gestaboðum sínum þegar „andrúmsloftið" verður þrúgandi .*

„Segjum sem svo að óprúttinn gestur hafi gert sér glaðan dag inni á salerni heimilisins, þá er hollráð að kveikja þar á eldspýtu og viti menn, óværan hverfur eins og dögg fyrir sólu".

■ **Hvað kostar... lítill fjölskyldupakki?**

## Flugeldar hafa lækkað í verði

Flugeldasalar bjóða fjölbreytt úrval flugelda til sölu fyrir áramótin. Svokallaðir fjölskyldupakkar seljast alltaf vel enda þykir hentugt að geta keypt sitt lítið af hvoru í einum pakka eins og stjörnuljós fyrir yngstu börnin, ýlur fyrir unglingana og tívolí-bombur handa pöbbunum.



Ódýrustu pakkarnir innihalda hefðbundna flugelda sem eru ómissandi þegar nýja árið gengur í garð. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbjörgu kostar ódýrasti fjölskyldupakkinn hjá björgunarsveitunum 1.900 krónur. Ódýrasti fjölskyldupakkinn hjá KR kallast Bronsið og kostar 2.200 krónur. Hjá Fram kostar minnsti pakkinn það sama og hjá KR-ingum eða 2.200 krónur, en ódýrasti pakkinn hjá Fylki kostar 2.000 krónur. Dýrustu fjölskyldupakkarnir hjá íþróttafélögunum kosta hins vegar á bilinu 7.500 til 7.900 krónur. Þess má geta að verð á flugeldum hefur lækkað undanfarin tvö ár vegna hagstæðs gengis krónunnar.

■ **Verslun og þjónusta**

## Krakkar fá hlífðargleraugu gefins

Til að fyrirbyggja augnslys af völdum flugelda hafa Blindrafélagið og Slysavarnafélagið Landsbjörg sent öllum tíu til fimmtán ára börnum gjafabréf fyrir flugeldagleraugum. Gjafabréfunum er hægt að framvísa á öllum sölustöðum Landsbjargar og fá gleraugun afhent.
Þetta er fimmta árið í röð sem Blindrafélagið og Landsbjörg standa fyrir þessu átaki og telur Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri slysavarnasviðs Landsbjargar að árangurinn sé greinilegur. Hún segir að augnslysum hafi fækkað eftir að ráðist var í verkefnið en alltaf sé hægt að gera betur og reyni félögin hvað mest að ná til þeirra sem helst slasa sig, ungra stráka sem eru að fikta. „Strákar í þessum aldurshópi eru þeir sem eru að fikta, taka kökur í sundur og búa til sínar eigin sprengjur og eru að öllu jöfnu ekki með hlífðargleraugu."

■ **Heimilisbókhaldið**

## Kostnaður við lán

Neytendasamtökunum er umhugað um fjármálalæsi félagsmanna sinna og hafa því um árabil boðið félagsmönnum sínum aðgang að heimilisbókhaldi á netinu. Um er að ræða excel-skjal sem hægt er að nálgast á læstum síðum félagsmanna samtakanna á www.ns.is, þar sem finna má ársáætlun, töflur fyrir mánaðarfærslur og töflu fyrir heildartölur ársins. Nýjung þetta árið er tafla fyrir skuldabréf þar sem sýnt er hvernig afborganir skiptast í nafnverð, verðbætur, vexti og annað svo hægt sé að skoða nákvæmlega hvað lánið kostar. Áramót eru vinsæll tími til að líta yfir farinn veg í fjármálum sem öðru og getur þetta framtak samtakanna eflaust hjálpað einhverjum að átta sig á stöðunni.

# Búðir taka mislengi við jólagjöfunum

**Skilafrestur verslana til að skipta jólagjöfunum er afar mismunandi, hann getur verið frá einni viku upp í tvo mánuði. Mismunandi skilareglur eru í gildi hjá og sumum vörum þarf fólk að skipta bráðlega.**

„Allir fá þá eitthvað fallegt" segir í jólavísunni en svo er ekki alltaf raunin. Sumir fá eitthvað sem þeim líkar við, aðrir ekki og enn aðrir fá fleiri en eitt eintök af sama hlutnum. Því er mikið að gera hjá kaupmönnum landsins eftir jólahátíðina að taka við gjöfum sem einhverra hluta vegna fólk vill fá skipt í eitthvað sem það óskar sér frekar.

Árið 2000 skipaði viðskiptaráðherra nefnd sem vann verklagsreglur um skilarétt, gjafabréf og inneignarnótur. Verslanir sem samþykktu þessar verklagsreglur eiga að hafa uppi límmiða sem segir til um það. Meginatriði þessa reglna eru þau að réttur til að skila ógallaðri vöru eru að minnsta kosti fjórtán dagar, vörur sem eru merktar sem gjafamerki gera kassakvittun óþarfa við skil og inneignarnótur skulu miðast við upprunalegt verð vöru.

Hjá raftækjaversluninni BT sem selur allt frá rafmagnsrakvélum til plasmaskjáa gildir fjórtán daga skilafrestur. Til að tryggja að varan fáist endurgreidd á sama verði og hún var keypt á verður að skila henni innan skilafrestsins, annars gildir það verð sem er á vörunni hverju sinni. Samkvæmt talsmanni búðarinnar er hægt að skila öllu því sem BT hefur í sölu án vandkvæða, svo lengi sem varan sé enn í óopnuðum umbúðum. Þriggja ára ábyrgð er á flestum vörum sem keyptar eru í BT.

IKEA býður viðskiptavinum sínum upp á sextíu daga skilarétt. Ef vara er keypt í versluninni fyrir útsölu, gildir það verð sem

**ÚTSÖLUR ERU VÍÐA HAFNAR** Misjafnt er hvort fólk getur skilað vörum og notað innleggsnótuna á útsölu.

varan var keypt á gegn framvísun kassakvittunar, þá er ýmist hægt að fá endurgreitt eða vörunni skipt í aðra. Talsmaður verslunarinnar vildi taka það fram að vörur eru nær undantekningalaust teknar í skil hjá IKEA nema að varan hafi lent á útsölu, þá þurfi kassakvittun til að sýna fram á hvenær varan var keypt og á hve mikið. Ábyrgð á vörum IKEA gildir í sumum tilfellum í tíu ár, þó sé ábyrgð styttri á sumum vörum eins og dýnum.

Verslunarstjóri Zöru í Smáralind segir verslunina hafa byrjað að merkja jólagjafir með þar til gerðum límmiða rúmlega tveimur mánuðum fyrir jól sem gildir sem kassakvittun til 31. desember ef fólk vill fá endurgreitt. Eftir það er eingöngu hægt að skipta jólagjöfunum í aðrar vörur nema að alvöru kassakvittun sé framvísað, en hún gildir í þrjátíu daga alla mánuði ársins samkvæmt skilareglum búðarinnar. Ábyrgð á vörum búðarinnar er metin í hverju tilfelli fyrir sig. - æþe

Margt ber að varast við meðferð á flugeldum:

# Gamlir flugeldar varasamir

Best er að gæta ýtrustu varfærni þegar flugeldar eru meðhöndlaðir. Sumir kaupa svo mikið af flugeldum að ekki gefst tími til að skjóta þeim öllum upp og þar af leiðandi eru raketturnar geymdar fram að næstu áramótum.

Að sögn Jóns Inga Sigvaldasonar, hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu, ættu allir að vera búnir að skjóta upp síðustu rakettunni þegar þrettándinn er liðinn. „Ef flugeldarnir eru orðnir ársgamlir þá eru þeir orðnir varasamir og þá á að koma þeim í förgun. Ástæðan fyrir því er sú að fólk er ekki að geyma flugeldana við réttar aðstæður og það getur komið raki í púðrið og það svo þornað aftur," segir hann.

Jón Ingi segir að geyma eigi flugeldana þar sem enginn getur fiktað í þeim og þar sem hitastig sveiflast ekki mikið. „Ef fólk geymir flugeldana í bílskúrnum þá á bíllinn alls ekki að vera þar

**FLUGELDAR TIL SÖLU** Sala á flugeldum hófst í íþróttahúsi Fram í gær og eins og sést á myndinni er nóg til af rakettum og öðrum sprengjum.

inni og þá á enginn umgangur að vera um bílskúrinn á meðan flugeldarnir eru þar."

Nánari upplýsingar um öryggisatriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar flugeldar eru annars vegar má finna á vefsíðunni flugeldar.is. ■

DV
SIGURBJÖRG KRISTFINNSDÓTTIR HAFÐI VERIÐ LÁTIN Í ÞRJÁR VIKUR ÁÐUR EN HÚN FANNST

Sleit öll tengsl við annað fólk

Presturinn gerði lögreglu viðvart á aðfangadag

Þorir þegar aðrir þegja!

WWW.SVAR.IS

# FARTÖLVUR Á SPRENGITILBOÐI

## ACER TRAVELMATE 2403WXMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino
256mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
40GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari**
14.1" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
Intel GMA 900 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
Windows XP home

STAÐGREITT:
**69.900-**

acer

## ACER TRAVELMATE 2413LMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino
256mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
60GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari**
15" XGA TFT 1024x768dpi skjár
Intel GMA 900 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
**Windows XP Pro**

STAÐGREITT:
**89.900-**

Fjöldskyldupakkinn Troðni Fylgir frítt með

acer

## ACER TRAVELMATE 4101WLMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.6Ghz - Centrino - Dothan
512mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
60GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / DVD Skrifari
15.4" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
**ATI Radeon X600 64mb skjákort**
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
Windows XP Home

STAÐGREITT:
**109.900-**

acer

Fjöldskyldupakkinn Troðni Fylgir frítt með

## ACER TRAVELMATE 4064WLMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

**Intel Pentium 2.0Ghz - Centrino - Dothan**
512mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
80GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari (dual layer)**
15.4" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
Intel GMA 915 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
Windows XP Pro

STAÐGREITT:
**119.900-**

Fjöldskyldupakkinn Troðni Fylgir frítt með

acer

svar.) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

# Reynslubolti sigrar

Sjálfstæðismenn hafa um nokkurt skeið vænst þess að nýtt leiðtogaefni kæmi fram á sjónarsviðið í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins, karl eða kona. Ekki veitti af styrkri forystu sem væri þess megnug að vinna borgina aftur eftir tólf ára stjórnartíð Reykjavíkurlistans. Síðasta atlagan að R-listanum, með Björn Bjarnason dómsmálaráðherra í fararbroddi, mistókst og í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna 2006 voru margir farnir að veðja á landsþekktan ungan mann, Gísla Martein Baldursson.

Það kom því mörgum á óvart að reynsluboltinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson skyldi leggja Gísla Martein að velli í prófkjöri flokksins í Reykjavík í byrjun nóvember.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur sömu stöðu í borgarstjórn og Halldór Ásgrímsson á Alþingi; báðir hafa þeir setið lengur en aðrir kjörnir fulltrúar, hvor á sínum staðnum, en Vilhjálmur var fyrst kjörinn í borgarstjórn árið 1982.

Þátttakan í prófkjörinu sló öll met. Vilhjálmur hlaut 6.424 atkvæði í fyrsta sætið en keppinauturinn, Gísli Marteinn, 5.193 atkvæði.

„Næsta skref er sigur í vor," sagði Vilhjálmur á forsíðu Fréttablaðsins þegar úrslit voru kunn.

„Vilhjámur Þ. Vilhjálmsson er ákaflega rótgróinn og virðist hafa mjög sterk tengsl innan flokksins," sagði Gunnar Helgi

**AÐ LOKNU FORMANNSKJÖRI Á LANDSFUNDI 2005** Ingibjörg Sólrún ávarpar flokksmenn þegar niðurstaða formannskjörsins var ljós.

# Stórsigur Ingibjargar

**Formannsskipti urðu í Samfylkingunni á árinu eftir einhverja lengstu kosningabaráttu sem um getur hérlendis. Stóð hún meira og minna í fjóra mánuði og niðurstaðan varð sú að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri, vann yfirburðasigur á svila sínum Össuri Skarphéðinssyni á landsfundi upp úr miðjum maí.**

Össur Skarphéðinsson hafði verið formaður Samfylkingarinnar frá því flokkurinn var formlega stofnaður árið 2001. Þá var Ingibjörg Sólrún borgarstjóri í Reykjavík en eftir að hún hrökklaðist úr því starfi í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2003 var ljóst að hún hugði á framboð til formanns flokksins og það jafnvel þegar á landsfundi síðla árs 2003.

### Svar við kalli

Af því varð þó ekki en þegar Ingibjörg tilkynnti um framboð til formanns snemma á þessu ári gaf hún þær skýringar á því að fara ekki fram 2003 að ýmsir forystumenn flokksins hefðu ekki talið það tímabært. „Ég féllst á þau sjónarmið þrátt fyrir að það væri mjög mikill þrýstingur á mig að fara í framboð. Mér fannst þó að ég yrði jafnframt að gefa það skýrt til kynna að ég stefndi að þessu engu að síður. Annað hefði mér þótt hálfgerð svik við það fólk sem bjóst við og þrýsti á að ég færi í framboð. Ég er í raun að svara því kalli," sagði Ingibjörg Sólrún.

### Mikilvægt að fá málin á hreint

Og þegar hún var spurð hvers vegna hún teldi sig verða að bjóða sig fram núna benti hún á að næsti landsfundur yrði væntanlega ekki fyrr en rétt í aðdraganda þingkosninganna 2007. „Ég vil bjóða mig fram til formennsku núna vegna þess að ég tel mikilvægt að sá sem verður fyrir valinu leiði vinnuna innan flokksins í aðdraganda kosninganna og hafi mikið um það að segja hvernig skipulagi flokksins verður háttað í þeirri vinnu. Ég vil sækja umboð frá flokksmönnum til þess. Mér finnst ég verða að fá hreinar línur í þetta núna og ég held að það sé best fyrir flokkinn og okkur Össur að það sé engin óvissa um þetta," sagði hún.

### Fjölskyldutengslin ekki fjötur

Ýmsum innan Samfylkingarinnar leist miður vel á þau átök sem óhjákvæmilega myndu fylgja formannskjöri, ekki síst vegna þess að frambjóðendurnir voru nánir samstarfsmenn til margra ára og tengdir fjölskylduböndum aukinheldur. Ingibjörg sagði vissulega ekki auðvelt að heyja kosningabaráttu þegar fjölskyldutengsl væru jafn náin og raun bæri vitni. „Þetta er engin óskastaða, en maður getur hins vegar ekki látið það yfirskyggja allt annað. Ég get ekki séð af hverju ég ætti að sitja á hliðarlínunni í fjögur ár og afskrifa möguleika mína til að láta reyna á þann stuðning sem ég hef í Samfylkingunni vegna fjölskyldutengsla. Það hljóta allir að sjá að í mínu tilviki er það spurningin um að gefa kost á mér núna eða alls ekki," sagði hún.

**INGIBJÖRG SÓLRÚN 1994** Verðandi borgarstjóri að loknum sigri R-listans í borgarstjórnarkosningunum 1994.

**INGIBJÖRG SÓLRÚN 2003** Innkoma hennar í landsmálin í aðdraganda alþingiskosninga 2003 tókst ekki sem skyldi.

**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Tók ósigrinum karlmannlega og berst ótrauður áfram.

### Slök staða formannsins

Snemma í kosningabaráttunni kom í ljós að Ingibjörg átti mikinn stuðning vísan í formannskjörinu og í almennri skoðanakönnun Fréttablaðsins í byrjun febrúar töldu 63 prósent aðspurðra að Ingibjörg yrði formaður en einungis 32 af hundraði nefndu Össur. Munurinn milli þeirra var enn meiri ef einungis var horft til þeirra sem sögðust myndu kjósa Samfylkinguna, Í þeim hópi töldu 77 prósent að Ingibjörg yrði næsti formaður en rétt rúm tuttugu af hundraði sögðu Össur halda velli.

### Persónuleg kosning einstaklinga

Í mars jókst þungi kosningabaráttunnar enn frekar þegar frambjóðendur opnuðu kosningaskrifstofur og fóru að takast á opinberlega. Bæði lögðu samt áherslu á að kosningabaráttan færi fram í mesta bróðerni. „Ég hef alltaf lagt á það áherslu að við erum ekki að kjósa um mismunandi stefnu í formannskjörinu. Þetta er persónuleg kosning einstaklinga sem eiga að vera málsvarar þeirrar stefnu sem Samfylkingin mótar á landsfundi," sagði Ingibjörg.

### Yfirburðasigur Ingibjargar

Og það kom í ljós á landsfundinum að kannanir fóru nokk nærri um fylgismun Ingibjargar og Össurar meðal flokksmanmna því þegar búið var að telja atkvæðin tólf þúsund sem greidd voru í formannskjörinu hafði Ingibjörg fengið um átta þúsund atkvæði, tvo þriðju á móti einum þriðja Össurar. Var henni ákaft fagnað þegar úrslit kosninganna voru kunngerð. „Úrslitin í dag skipta því aðeins máli ef sigur vinnst í næstu kosningum. Þar skrifum við söguna og mótum framtíðina," sagði Ingibjörg í fyrsta ávarpi sínu sem formaður flokksins.

Hún lagði áherslu á eindrægni innan flokksins eftir formannskjörið. „Forysta er hópstarf en ekki einstaklingsframtak. Formaður er fremstur þeirra jafningja en kæmist hvorki lönd né strönd ef hann hefði ekki góðan málstað og gott fólk til að vinna með sér," sagði Ingibjörg Sólrún.

### Össur tók tapinu vel

Össur Skarphéðinsson tók tapinu af sannri karlmennsku og kvað þegar upp úr með það að hann væri alls ekki á leið út úr pólitík þrátt fyrir úrslitin. „Hvað get ég sagt? Ég hef tapað og er hafinn upp til skýjanna bæði af ykkur og þeim sem vinnur," sagði hann um leið og hann þakkaði stuðningsmönnum sínum og kvaðst þakklátur fyrir fimm ár á formannsstóli Samfylkingarinnar. „Ingibjörg Sólrún hefur sýnt það að hún er ákaflega sterkur leiðtogi og hún hefur líka sýnt það í þessari baráttu að það býr í henni mikill kraftur. Hún sigraði vegna sinna kosta og vegna þolgæðis síns," sagði Össur.

ssal@frettabladid.is

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

# útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

# 30 til 70 prósent afslátturr

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 30690 12/2005

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

HELSTU FRÉTTIR ÁRSINS > 2005

# Deep Throat gaf sig fram að endingu

Í júníbyrjun var hulunni svipt af einni helstu ráðgátu síðustu áratuga, nafni heimildarmanns Washington Post í Watergate-málinu. Vanity Fair greindi þá frá því að heimildarmaðurinn, sem gekk undir dulnefninu Deep Throat, væri enginn annar en W. Mark Felt, þáverandi aðstoðarforstjóri bandarísku alríkislögreglunnar FBI.

Þar sem Felt var í innsta hring gat hann staðfest þær upplýsingar sem Bob Woodward og Carl Bernstein, blaðamenn Washington Post, báru undir hann og vörðuðu Watergate-hneykslið. Þær leiddu að lokum til afsagnar Richards Nixon Bandaríkjaforseta árið 1974. Samskipti þeirra fóru hins vegar fram með ýtrustu leynd í myrkvuðum bílakjöllurum og af því - og auðitað samnefndri klámmynd sem út kom um líkt leyti - er Deep Throat-nafnið dregið. „Follow the money“ eru fræg ummæli sem honum eru eignuð og rannsóknarblaðamenn hafa æ síðan haft að leiðarljósi.

Eflaust finnst mörgum ljóminn hafa farið af goðsögninni við það að leyndinni var aflétt. Eins og þeir Woodward og Bernstein benda hins vegar sjálfir á var Deep Throat orðinn Watergate-málinu yfirsterkari og nú þegar óvissunni hefur verið eytt ætti að geta farið fram heilbrigð endurskoðun á því.



**FER MIKINN** Vart mátti á milli sjá hvor færi með völdin í réttarsalnum, dómarinn eða Saddam Hussein með Kóraninn í hönd. Hér þrumar einræðisherrann fyrrverandi yfir hausamótunum á viðstöddum og lætur hálfbróðir hans, Barzan Ibrahim, gamminn geisa í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ár umbreytinga í Írak

**Mitt í ólgunni gengu Írakar þrívegis að kjörborðinu á árinu 2005. Friðarhorfurnar í landinu hafa batnað á undanförnum mánuðum en enn er nokkuð í land. Umdeild réttarhöld yfir Saddam Hussein hófust í haust.**

Írakar hafa gengið í gegnum ótrúlegar raunir undanfarna áratugi en þrátt fyrir það sýna skoðanakannanir að meirihluti þjóðarinnar horfir björtum augum til framtíðarinnar. Þróunin undanfarna mánuði hefur líka verið jákvæð þótt vissulega hafi á móti blásið.

### Þrefaldar kosningar

Írakar bættu sér upp skort á kosningum síðustu árin með því að halda þrennar slíkar á tíu mánuðum. Í janúarlok gengu þeir að kjörborðinu og kusu stjórnlagaþing sem einnig valdi ríkisstjórn. Sjálfsagt má færa fyrir því rök að 58 prósenta kjörsókn hafi verið nokkuð viðunandi en þó verður ekki litið framhjá því að fjölmörg ofbeldisverk voru framin á kjördag og súnníar sniðgengu kosningarnar vegna bágs öryggisástands á svæðum þeirra. Síðarnefnda atriðið var sérstaklega afdrifaríkt því það þýddi að hagur súnnía batnaði lítið og því hélt uppreisnin í landinu áfram af sama krafti.

Flokkar Kúrda og heittrúaðra sjía mynduðu eftir erfiðar viðræður ríkisstjórn og næstu mánuðina unnu þingmenn þeirra að gerð nýrrar stjórnarskrár sem súnníar fengu lítil áhrif að hafa á - sér til sárrar gremju. Þeir óttuðust að ákvæði um valddreifingu til héraðanna þýddi að landinu yrði að lokum skipt upp og þeir yrðu skildir eftir í landluktri eyðimörk án aðgangs að olíulindum. Ólíkt janúarkosningunum ákváðu þeir hins vegar að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrárfrumvarpið sem fram fór í október og munaði minnstu að

**BÚNAR AÐ KJÓSA** Desemberkosningarnar gengu stóráfallalaust fyrir sig en minnihlutahópar í landinu hafa samt gagnrýnt framkvæmd þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**AF HVERJU?** Hermdarverk eru ennþá daglegt brauð í Írak. Ekki færri en 27.500 borgarar hafa látið lífið vegna átaka síðan ráðist var inn í landið vorið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þeim tækist að fella plaggið.

15. desember voru svo þriðju kosningarnar haldnar, að þessu sinni til að kjósa nýtt þing samkvæmt ákvæðum nýju stjórnarskrárinnar. Lítið sem ekkert var um ofbeldisverk á kjördag og kjörsókn var prýðisgóð, sérstaklega á meðal súnnía. Þótt kosningarnar séu eflaust þær lýðræðislegustu sem haldnar hafa verið í Mið-Austurlöndum telja súnníar og hófsamari sjíar að brögð hafi verið í tafli. Sigurvegarar kosninganna, Kúrdar og heittrúaðir sjíar, láta hins vegar gagnrýnina sig litlu varða og eru langt komnir með að mynda ríkisstjórn.

Mikið verk bíður nýrrar stjórnar og verður fróðlegt að sjá hvernig henni reiðir af. Margir óttast að íslam muni fá of mikið vægi í stjórnskipuninni og að írönsk áhrif aukist verulega en það er þó langt í frá sjálfgefið.

### Réttarhöld aldarinnar

Rúm tvö ár eru síðan Saddam Hussein var klófestur niðri í holu en réttarhöldin yfir honum hófust ekki fyrr en í október. Harðstjórinn fyrrverandi hefur ýmis myrkraverk á samviskunni, til dæmis hreinsanir á Kúrdum í lok stríðsins gegn Íran, en engu að síður er hann (í bili að minnsta kosti) aðeins ákærður fyrir hluteild sína í morðum á 143 sjíum í bænum Dujail 1982.

Svo virðist sem ætlunin sé að dæma Saddam fljótt og örugglega og taka hann svo af lífi sem allra fyrst. Að mati ýmissa mannréttindasamtaka er hins vegar tæpast hægt að tala um að réttarhöldin séu heiðarleg og þótt mikilvægt sé að hann hljóti dóm er ljóst að málaferlin hafa síst orðið til að draga úr sundrungunni á milli þjóðfélagshópanna í landinu.

### Vargöldin hvergi í rénun

Hagur írösku þjóðarinnar er hins vegar ennþá bágur. Atvinnuleysi er mikið vandamál og grundvallarþægindi á borð við rafmagn og hreint vatn eru enn af skornum skammti. Stöðug átök og árásir eru hins vegar vafalaust það sem erfiðast er að lifa með enda telja flestir Írakar brýnasta verkefni stjórnarinnar að koma á öryggi.

Að mati rannsóknarverkefnisins Iraq Body Count hafa á bilinu 27.500-31.000 borgarar týnt lífi vegna átaka og hryðjuverka frá innrásinni í mars 2003. Mörg mannskæð tilræði voru framin í landinu á árinu sem er að líða og þannig fórust 672 Írakar í árásum í maímánuði einum saman. Jafnvel óttinn við hermdarverk getur verið banvænn eins og sást í ágústlok þegar nálega eitt þúsund sjíar létust eftir að hafa troðist undir á brú í Bagdad í öngþveiti sem greip um sig eftir að kvittur komst á kreik að sjálfsmorðsárás væri í uppsiglingu.

sveinng@frettabladid.is

# SPRENGJA

## SPRENGJAN Á FULLU • ÓTRÚLEG TILBOÐ Í GANGI

OPIÐ Í DAG 9-19

0% VEXTIR

ALLAR TÖLVUR VAXTALAUSAR Í ALLT AÐ 18 MÁN TIL ÁRAMÓTA

TRODFULL BÚÐ

SPRENGJAN BYRJAR SKO MEÐ LÁTUM. FULLT ÚT ÚR DYRUM AF FÓLKI OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

SJÁUMST

Öll verð og tilboð gilda aðeins 27-31 des. 2005 eða meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innslátturvillur og myndabrengl

* Vaxtalaus tilboð gilda eingöngu á tölvum keyptar dagana 27-31 des. 2005

OPNUNARTÍMAR
29-30 DES. 9-19
31 DES. 9-12

MasterCard VISA

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**
Nóatúni 17
Sími 562 6730

**AKUREYRI**
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# skoðun

**SJÓNARMIÐ**
**KÁRI JÓNASSON**

Björgólfur Thor Björgólfsson viðskiptamaður ársins.

# Dreifum áhættunni

Björgólfur Thor Björgólfsson er vel að því kominn að hafa verið valinn viðskiptamaður ársins í Markaðnum, fylgiblaði Fréttablaðsins um markaðs- og viðskiptamál. Það var sérstök dómnefnd skipuð fræðimönnum og óháðum sérfræðingum sem sá um valið fyrir Markaðinn.

Fjármálaveldi þeirra Björgólfsfeðga byggist á velgengni þeirra í bjórframleiðslu í Pétursborg í Rússlandi, þegar þeir fluttu þangað bruggverksmiðju á réttan stað á réttum tíma, þegar miklar breytingar voru að verða á fjármála- og stjórnmálalífinu í Sovétríkjunum fyrrverandi. Eftir að hafa byggt upp mikið bjórveldi í Pétursborg héldu þeir þaðan með fullar hendur fjár, sem þeir hafa ávaxtað ríkulega síðan. Það þarf enginn að halda því fram að fjárfestingin og uppbyggingin í Rússlandi hafi verið auðveld og án áhættu. Þvert á móti tóku þremenningarnir, mikla áhættu þar, en þeim tókst það sem mörgum öðrum hefur ekki tekist á viðskiptasviðinu í Rússlandi .

*Þetta er einmitt það sem margir hafa haft áhyggjur af, því ef bakslag verður á fjármálamarkaðnum og eitt fyrirtæki verður illa úti, að önnur tengd fyrirtæki fái líka skell. Þarna talar maður með alþjóðlega reynslu og ættu menn að leggja við hlustir.*

Björgólfur Thor fer nokkrum orðum um íslensku útrásina svokölluðu í Markaðnum í tilefni af valinu á viðskiptamanni ársins . Þar segir hann : „Það sem ég hef mestar áhyggjur af er ef menn hanga allir á sama flekanum. Ef það kemur gat á flekann þá er ekki hægt að stökkva á annan fleka. Það væri mjög heppilegt fyrir íslenska fjárfesta ef þeir tækju í meiri mæli upp samstarf við erlenda fjárfesta og erlendar fjármálastofnanir.“ Og síðar: „Það býður hættunni heim ef sömu aðilar fjárfesta alltaf saman og með sömu fjármálastofnanir á bak við sig,“ sagði hinn ungi íslenski fjármálajöfur í viðtali við Markaðinn.

Þetta er einmitt það sem margir hafa haft áhyggjur af, því ef bakslag verður á fjármálamarkaðnum og eitt fyrirtæki verður illa úti, að önnur tengd fyrirtæki fái líka skell. Þarna talar maður með alþjóðlega reynslu og ættu menn að leggja við hlustir.

Það er líka athyglisvert sem Björgólfur Thor segir síðar í samtalinu í Markaðnum: „Menn eru að vinna að því að tengja viðskiptalífið við metnaðarfull þjóðfélagsverkefni. Það er mjög gott þegar það næst. Það er fyrst á þessu ári sem ég hef farið að velta slíku fyrir mér af alvöru.“ Ekki er óhugsandi að augu Björgólfs Thors hafi opnast fyrir ýmsum þjóðfélagsverkefnum, þar sem hann hefur fjárfest í fjarskipta -og lyfjafyrirtækjum í gömlu austantjaldslöndum, þar sem enn er mikið verk óunnið í þágu samfélagsins á mörgum sviðum. Miklar framfarir hafa orðið í þessum löndum á síðustu árum, en laun eru þarna lág og kröfur manna hafa ekki verið miklar, sérstaklega í dreifðum byggðum þessara landa. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Sök bítur sekan**
Halldór Ásgrímsson lagði ekki í að kalla saman Alþingi til að ræða niðurstöðu Kjaradóms, segir Össur Skarphéðinsson þingmaður Samfylkingarinnar á vefsíðu sinni.
Á Össuri má skilja að Kjaradómur hafi afhjúpað dulda launastefnu ríkisstjórnarinnar og í ljós hafi komið - eins og Garðari Garðarssyni formanni Kjaradóms hafi tekist vel að sýna fram á - að hún hafi staðið fyrir verulegum launahækkunum til hálaunastétta umfram almenna kjaraþróun.
Það er nefnilega svo, að lögum samkvæmt skal Kjaradómur gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem hann ákveður, að þau séu í samræmi við laun í þjóðfélaginu sem sambærileg geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. einnig skal Kjaradómur lögum samkvæmt taka tillit til þróunar kjaramála á markaði.
Í kjaradómi eru löglærðir menn og allt bendir til þess að þeir hafi farið nákvæmlega eftir lagabókstafnum þegar þeir hækkuðu laun æðstu embættismanna um tugi þúsunda á mánuði.

**Hver hækkaði viðmiðunina?**
Spyrja má hvort eitthvert vit sé í því að hlusta á æðtu embættismenn bera sig saman við launa- eða tekjuþróunina TIL DÆMIS á íslenskum fjármálamarkaði. Eða laun forstjóra hjá hlutafélögum í eigu ríkisins? Geta ekki aðrir tekið við ef þeir hóta uppsögn?
Kjaradómur á lögum samkvæmt að setja sér sjálfur starfsreglur. Að höfðu samráði við þjóðkjörna menn hefur forsætisráðherra blandað sér í störf dómsins.
Össur segir í pistli sínum að ef Kjaradómur hafi bein í nefinu og standi við forsendur sínar þá segi hann af sér. Þannig myndi hann setja þunga pressu á kröfuna um að Alþingi komi saman til að ræða hækkunina og forsendur hennar.
Hitt telur hann líklegra að Kjaradómur fari að beiðni forsætisráðherra og taki hækkunina aftur.
„Kjaradómur í núverandi mynd er jafndauður hvor leiðin sem er farin... Ríkisstjórnin þorði hins vegar ekki að kalla saman Alþingi af því þá hefði þjóðinni orðið ljós sú staðreynd, að hin mikla hækkun Kjaradóms var í rökréttu framhaldi af hálaunastefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart vildarhópum í ríkiskerfinu.“

johannh@frettabladid.is

# Fjárkúgun eða flokksvernd?

**Í DAG**
FJÁRREIÐUR STJÓRNMÁLA-FLOKKA

**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

*Hvað er framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins að gera í bankaráði einkarekins Landsbanka Íslands? Var það kannski gert að skilyrði við einkavæðingu bankans? Og hverra hagsmununum þjónar hann þar: bankans, sjálfs sín, einhvers hluthafahóps - eða bara Flokksins?*

Eins og kunnugt er lét Einar Kárason rithöfundur frá sér fara doðrant einn mikinn fyrir þessi jól og nefnist Jónsbók og fjallar sem kunnugt er um Jón Ólafsson athafnamann.

Þar er meðal annars að finna frásögn (bls. 421) af því þegar á lögmannsskrifstofu stjórnarformanns Sýnar, Sigurðar G. Guðjónssonar, koma, einhvern tíma á árinu 1995, tveir „stafnbúar úr Sjálfstæðisflokknum, þeir Sigurður Gísli Pálmason og Páll Kr. Pálsson fyrir hönd fjármálaráðsins og sögðu Sigurði að íslenska útvarpsfélagið ætti að borga fimm milljónir á ári til Flokksins; sú upphæð væri bara reiknuð út frá stærð og veltu fyrirtækisins. En Sigurður svaraði því til að þeir myndu ekki borga í flokkssjóði[...]. Svo að mennirnir gengu tómhentir á dyr.“

Ýmsir hafa orðið til að varpa rýrð á einhverjar einstakar frásagnir í bókinni og reyna að gera þær tortryggilegar. Það er athyglisvert að enginn hefur orðið til að véfengja sannleiksgildi þessarar frásagnar.

Ég hefði ekki orðið hissa á að sjá frásögn af þessu tagi í ítalskri ævisögu athafnamanns. En getur það verið að á Íslandi geti stjórnmálaflokkar verið í þeirri aðstöðu að skattleggja fyrirtæki „út frá stærð og veltu“ og komist upp með að innheimta þetta fé? Hvaða þjónustu veitir stjórnmálaflokkurinn í staðinn? Ég væri ekki í neinum vandræðum með að ímynda mér hvað fyrirtæki á Ítalíu fengju í staðinn: Þau mundu fá margvíslega vernd frá afskiptum og hnýsni opinberra stofnana og njóta margvíslegrar fyrirgreiðslu sem stjórnmálamenn geta veitt. En því verður einfaldlega ekki trúað að óreyndu að opinberir embættismenn hér á landi láti nota sig til óhæfuverka með þeim hætti. Samt veltir höfundur Jónsbókar því fyrir sér hvort ekki megi segja að „Jón og félagar hafi verið að safna glóðum elds að höfði sér með því að vera með derring við Flokkinn.“ Og Jón Ólafsson veltir því fyrir sér að „í ljósi sögunnar hefði líklega verið viturlegra af Sigga að borga þetta - bara til að kaupa þeim frið; það hefði verndað þá fyrir miklu veseni“!

Til skamms tíma bjuggum við reyndar við kerfi þar sem bisnissmönnum var nauðsyn að njóta velvildar pólitísks flokks og pólitískra valdamanna til að fá fyrirgreiðslu í ríkisreknu bankakerfi og opinberum sjóðum, sem gjarnan eru kenndir við „sjóðasukk“. Kannski var það talið „eðlilegt“ í slíku kerfi að menn borguðu í sjóði flokks síns til þess að eiga auðveldari aðgang að framámönnum hans, þyrftu þeir á að halda. Flokkarnir gerðu sitt til að ýta undir slíkar hugmyndir með því að skipa framkvæmdastjóra sína í bankaráð, þar sem sumir þeirra að minnsta kosti notuðu aðstöðu sína til að hafa veruleg afskipti af einstökum lánveitingum og voru þá ekki alltof tilætlunarsamir um ábyrgðir og veð! Hollusta þeirra var semsé fremur við Flokkinn sinn en þá almannastofnun sem þeim hafði verið treyst fyrir að stýra. En þetta á að vera liðin tíð.

Fróðlega frásögn af þessu tagi er að finna á öðrum stað í Jónsbók (bls. 330). Þar er sagt frá því að þegar Ingimundur Sigfússon var stjórnarformaður Íslenska útvarpsfélagsins á árinu 1994 og í fjármálaráði Sjálfstæðisflokksins, var ákveðið að kaupa nýja myndlykla fyrir félagið og veitti Íslandsbanki vilyrði fyrir 300 milljóna króna láni til kaupanna. Áður en til greiðslu kom missti Ingimundur og félagar meirihlutann í ÍÚ og afturkallaði Íslandsbanki þá lánsloforðið. Þá var leitað til Landsbankans. Formaður bankaráðs hans var þá Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og formaður útvarpsréttarnefndar, sem úthlutar rekstrarleyfum til frjálsu útvarpsstöðvanna. Bankinn hafnaði að eiga viðskipti við félagið. „Engar skýringar fengust, þó var okkur sagt [...] að Kjartan Gunnarsson legðist gegn því að Landsbanki Íslands ætti viðskipti við félag, sem Jón Ólafsson ætti aðild að.“ Í óformlegum viðræðum við Búnaðarbankann kom í ljós að einnig hann myndi lokaður Íslenska útvarpsfélaginu. Að lokum voru það sparisjóðirnir sem leystu þennan vanda ÍÚ, en í framhaldinu komst félagið í viðskipti við amerískan banka og slapp úr pólitískri hnappheldu íslenska bankakerfisins!

Nægja þessi tvö dæmi ekki til að sýna fram á nauðsyn þess, að hér á landi, eins og í flestum löndum hins vestræna heims, séu fjárreiður stjórnmálaflokkanna uppi á borðinu og gerðar opinberar og hafnar með því yfir grunsemdir og tortryggni? Og meðal annarra orða. Hvað er framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins að gera í bankaráði einkarekins Landsbanka Íslands? Var það kannski gert að skilyrði við einkavæðingu bankans? Og hverra hagsmunum þjónar hann þar: bankans, sjálfs sín, einhvers hluthafahóps - eða bara Flokksins?

Hvergi þar sem ég þekki til norðan Alpafjalla þætti við hæfi að framkvæmdastjóri stjórnmálaflokks úthlutaði leyfum til fjölmiðlunar og sæti í stjórn fjármálastofnunar, sem á að vera óháð pólitískum valdhöfum. ■

MARKAÐURINN
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



MEÐALLESTUR UNDIR 50 ÁRA

TÖLUR SKV. GALLUPKÖNNUN Í OKTÓBER 2005

# Varanlegt forskot

**SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!**

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einka-neyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!

Fíton/SÍA

# VON UM FRIÐ Á GAZA- SVÆÐINU

Í þessari þriðju grein af fimm um vendipunkta sem breyttu sögunni 2005 fjallar *Jimmy Carter,* fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, um átökin milli Ísraelsmanna og Palestínumanna og aðkomu sína að friðarviðræðum milli þjóðanna.

**PALESTÍNUMENN FAGNA** Unglingar skjóta fánum á loft við yfirgefna landnemabyggð á Gaza svæðinu hinn 14. september.
LJÓSMYND: RUTH FREMSON/NEW YORK TIMES

## VENDIPUNKTAR 2005

Á síðastliðnu ári hafa verið blikur á lofti um að lausn á deilunni milli Ísraelsmanna og palestínskra nágranna þeirra sé í sjónmáli. Meðal þess sem gefur tilefni til bjartsýni er kosning nýs forseta Palestínu og róttækar breytingar í stjórnmálalífinu í Ísrael. Það sem hins vegar er mikilvægast er brotthvarf Ísraelshers frá Gaza-svæðinu. Þessar breytingar geta stuðlað að því að skriður komist á lausn deilunnar þannig að varanlegur friður verði tryggður á svæðinu.

Snemma í janúar síðastliðnum sneri ég enn og aftur til Ísrael til að funda með leiðtogum Ísraels og Palestínu og til að stjórna hópi manna frá Carter-miðstöðinni er við fylgdumst með kosningum í Palestínu á eftirmanni Yassers Arafat sem féll frá í París einum mánuði áður.

### Fundur með Sharon

Eftir að ég lenti í Tel Aviv var fyrsti viðkomustaður minn skrifstofa forsætisráðherra Ísraels, Ariels Sharon. Ég hef þekkt hann í meira en aldarfjórðung, en líkt og ég starfaði Sharon áður sem bóndi auk þess sem hann var liðsforingi í hernum. Sharon hefur um áratugabil verið voldugur meðlimur í ísraelsku ríkisstjórninni og var hann einn af þeim sem árið 1979 aðstoðaði við að sannfæra Menachem Begin, forsætisráðherra Ísraels, um að samþykkja lokatillögur mínar um friðarsáttmála á milli Ísraels og Egyptalands, en Begin var á þeim tíma mjög hikandi um hvað hann ætti að gera í stöðunni.

Meðan á heimsókn minni stóð í janúar byrjuðum við á því að ræða gagnkvæmt gildi friðarsáttmálans á milli Ísraels og Egyptalands og þá merkilegu staðreynd að hvorugur aðilinn hefur nokkru sinni rofið sáttmálann.

Við minntumst ekki á þá ákvörðun sem Sharon tók síðar, er hann var varnarmálaráðherra árið 1982, að ráðast inn í Líbanon, og þær vanhugsuðu aðgerðir sem leiddu til þess að 1.100 saklausum og hjálparvana manneskjum var slátrað í tveimur flóttamannabúðum. Sú rannsókn á málinu sem fylgdi í kjölfarið leiddi til þess að Sharon sagði af sér og var sett bann við því að hann gegndi nokkru sinni aftur stöðu varnarmálaráðherra. Á þeim tíma datt engum í hug að hann ætti einn daginn eftir að verða forsætisráðherra.

Þessar tvær hliðar á pólitískri fortíð Sharons, annars vegar loforð um frið og hins vegar áræðnar aðgerðir, gerðu það að verkum að ég átti auðveldara með að skilja þá ákvörðun sem hann hafði nýlega tekið, að kalla ísraelska hermenn og ísraelska landnema heim frá Gaza-svæðinu, en á sama tíma að viðhalda stjórn Ísraels yfir lífi allra Palestínumanna og að hafna því að ísraelskir landnemar yrðu kallaðir heim frá Vesturbakkanum.

Ég spurði nokkurra spurninga um hvernig hinir „frelsuðu“ Palestínumenn á Gaza-svæðinu myndu getað ferðast til Egyptalands, komast yfir á Vesturbakkann í gegnum ísraelskt landsvæði og hafa óheftan aðgang að umheiminum, annars vegar sjóleiðina á Miðjarðarhafinu og hins vegar loftleiðina. Eina skýra svar hans var það að Ísraelsmenn myndu byggja lestarteina sem tengdu Gaza-svæðið við Vesturbakkann og að Palestínumönnum myndi vera leyft að starfrækja lest.

Þar sem ég hafði hjálpað til við að fylgjast með kosningu Arafats og kosningum til palestínsks þings árið 1996, spurði ég einnig hvort palestínskum kjósendum yrði gert kleift að greiða atkvæði í Austur-Jerúsalem og ef hið þéttriðna net ísraelskra eftirlitsstöðva yrði opnað til að leyfa Palestínumönnum að fara á milli staða innan herteknu svæðanna.

Sharon svaraði að Austur-Jerúsalem væri ísraelskt landsvæði og að þeir fáu Palestínumenn sem þyrðu að skrásetja sig sem íbúa þar gætu sent atkvæði sín í pósti til talningar á Vesturbakkanum og að eins margar eftirlitsstöðvar yrðu opnaðar og öryggisástæður leyfðu.

### Efi Palestínumanna, mótmæli Bush

Stuttu síðar fundaði ég með leiðtogum Palestínumanna í Ramallah, á skrifstofu þar sem útsýni er yfir húsagarðinn þar sem Arafat er grafinn. Aðaltalsmaður Palestínumanna á fundinum var Mahmoud Abbas, eða Abu Mazen, sem nokkrum dögum síðar var kjörinn arftaki Arafats sem forseti.

Palestínumennirnir drógu þá trú mína í efa að Sharon væri staðráðinn í, og hvort hann á annað borð gæti, kallað ísraelsku landnemana heim til Ísrael frá Gaza-svæðinu, og tóku þýðingu fráhvarfs Ísraela frá Gaza með miklum fyrirvara, jafnvel þó að það yrði að veruleika.

Helstu áhyggjur Palestínumannanna, aðrar en forseta- og þingkosningar sem á þeim tíma áttu að fara fram í júlí, var hertaka Ísraelshers á Austur-Jerúsalem og Vesturbakkinn.

Palestínumennirnir gjörþekktu ákvæði „vegakortsins“, friðaráætlunar sem var unnin af alþjóðlegum „kvartett“ sem samanstóð af Evrópusambandinu, Sameinuðu þjóðunum, Rússlandi og Bandaríkjunum.

Abbas og hinir héldu því fram að þeir fylgdu friðaráætluninni í hvívetna, líkt og þrír meðlimir „kvartettsins“, en þeir héldu því fram að Sharon væri á móti tólf af grunnskilyrðum áætlunarinnar, þar með töldu fráhvarfi Ísraelshers frá hinum hertekna Vesturbakka og að það væri ekkert sem benti til að ríkisstjórn George Bush myndi bregða út af algerri tillitssemi sinni við ákvarðarnir ríkisstjórnar Ariels Sharon.

Stuttu eftir að Abbas var kjörinn forseti, hinn 9. janúar, heimsótti ég skrifstofu Bush í Hvíta húsinu til að greina forsetanum frá þeim samræðum sem ég hafði átt og frá palestínsku kosningunum. Hann mótmælti áliti leiðtoga Palestínumanna, og sagði mér að hann væri algerlega fylgjandi framkvæmd „vegakortsins“.

### Fráhvarf Ísraela og áframhaldandi deilur

Síðar var þingkosningunum í Palestínu frestað þar til nú í janúar, og allir hinna 8.000 ísraelsku landnema sem bjuggu á Gaza fluttust aftur til Ísrael. Enn þá er hins vegar óljóst hversu mikið frelsi þeir Palestínumenn sem búa á Gaza-svæðinu hafa, og þá sérstaklega aðgengi þeirra að Egyptalandi, aðgengi þeirra sjó- og landleiðina að öðrum löndum, og aðgengi þeirra að öðrum Palestínumönnum sem búa á Vesturbakkanum.

Stækkun ísraelskra byggða á herteknu svæðunum á Vesturbakkanum heldur enn áfram, sem og bygging Ísraelsmanna á stórum vegg á palestínsku landsvæði. Ísraelsmenn eru einnig að byggja miklar hraðbrautir sem tengja byggðir þeirra saman og tengja þær við Ísrael. Áætlað er að margar þessar hraðbrautir verði eingöngu notaðar af Ísraelsmönnum.

Á hinn bóginn hafa Palestínumenn haldið ofbeldisverkum sínum áfram, þrátt fyrir að þeim hafi farið mjög fækkandi frá kosningunum, og sumir leiðtogar Hamas-samtakanna og samtökin Heilagt stríð hafa sagt opinberlega frá því að þeir séu staðráðnir í því að halda áfram árásum á Ísraelsmenn, bæði á ísraelska herinn sem og á óbreytta borgara, á Vesturbakkanum, á Gaza-svæðinu og í Ísrael.

*Helstu fyrirstöður meiri árangurs eru hótanir um áframhaldandi ofbeldisverk frá rótttækum Palestínumönnum, staðfesta margra ísraelskra landnema um að halda áfram að búa á palestínskum landsvæðum, eftirlátssemi annarra þjóða við Bandaríkin og leiðandi hlutverk þeirra í friðarviðræðunum og tregða bandaríska stjórnmálaleiðtoga við að standa upp í hárinu á valdamiklum öflum er tala máli Ísraels í Washington sem og annars staðar.*

Ein tíðindi sem bæði eru umdeild og hugsanlega líka upp-örvandi er þátttaka félaga úr Hamas-samtökunum í kosningum á Gaza-svæðinu og á Vesturbakkanum, og áætlanir þeirra um að bjóða sig fram til setu á palestínska þinginu. Óvæntur árangur þeirra í samkeppninni við Fata-samtök Arafats og Abbasar hefur kveikt þá von að Hamas-samtökin verði ekki eins gjörn á að grípa til ofbeldis í komandi framtíð, en einnig valdið áhyggjum því talið er að aðild þeirra gæti aukið á rótttækni þingsins.

Aðalspurningin núna er sú hvort fráhvarf Ísraelsmanna frá Gaza-svæðinu sé tákn um að ástandið sé raunverulega að breytast til betri vegar eða einfaldlega hvort hér sé aðeins enn einn áfanginn sem markar í raun engin þáttaskil í áttina að friði sem virðist vera ómögulegur.

Svarið veltur á stefnu Bandaríkjanna, og aðalatriðið er fráhvarf ísraelskra landnemabyggða frá nægilega stóru svæði á Vesturbakkanum til að þar geti orðið til palestínskt ríki sem er starfhæft á pólitískan og efnahagslegan hátt. Önnur mikilvæg atriði sem leysa þarf úr er skilgreining á því hverjir ráði yfir Austur-Jerúsalem og það hversu margir af þeim Palestínumönnum sem búa á öðrum svæðum munu fá leyfi til að verða íbúar í hinu nýja palestínska ríki, og á þeim eignum sem þeir eða fjölskyldur þeirra glötuðu árið 1948.

Lokatakmarkið sem kemur fram í „vegakortinu“ og í umræðum þar sem lagðar hafa verið fram tillögur um frið, þar með talinn Genfar-sáttmálinn, er fjallað um viðeigandi drög að friðartillögum til að hægt sé að eiga árangursríkar samningaviðræður. Mín skoðun er sú að þær grunnforsendur sem þar koma fram munu njóta stuðnings alþjóðasamfélagsins, leiðtoga nærri allra arabaþjóðanna og miklum meirihluta ísraelskra og palestínskra ríkisborgara.

### Fyrirstöður varanlegs friðar

Hverjar eru þá fyrirstöður fyrir frekari árangri? Skýrustu fyrirstöðurnar eru hótanir um áframhaldandi ofbeldisverk frá rótttækum Palestínumönnum, staðfesta margra ísraelskra landnema um að halda áfram að búa á palestínskum landsvæðum, eftirlátssemi annarra þjóða við Bandaríkin og leiðandi hlutverk þeirra í friðarviðræðunum og tregða bandaríska stjórnmálaleiðtoga við að standa uppi í hárinu á valdamiklum öflum er tala máli Ísraels í Washington sem og annars staðar.

Síðasta áhyggjuefnið þarf ekki að vera svo erfitt að yfirstíga. Líkt og ég lærði fyrir aldarfjórðungi munu flestir leiðtogar gyðinga í Bandaríkjunum styðja jafnvel óþægilegar tilslakanir ef það gerir leiðina í átt til friðar greiðfærari. Sumir menn munu vera mótfallnir nánast öllum tilslökunum, en það er lítill minnihluti.

Hvort Ísraelsmenn hafi vilja til að byggja á fráhvarfinu frá Gaza til að koma á varanlegum friði er enn þá ekki ljóst. Ein neikvæð afleiðing af fráhvarfinu frá Gaza er að enn og aftur taka Ísraelsmenn einhliða ákvarðanir, án þess að ráðfæra sig við Bandaríkin eða Palestínumenn um málefni er varða friðarferlið.

Fráhvarf Ísraelsmanna af Gaza-svæðinu færir hlutaðeigandi aðilum deilunnar skammvinnar hagsbætur er gætu grafið undan frekari tilraunum Ísraelsmanna til að koma á varanlegum friði. Þar sem Ísraelsmenn stjórna alltaf stærri og stærri hluta af Austur-Jerúsalem, og þar sem ríkir aukið öryggi á bakvið vegginn sem byggður hefur verið á Vesturbakkanum þar sem tjöld tugþúsunda ísraelskra landnema eru varin af fjölmennu herliði, standa margir Ísraelsmenn frammi fyrir þeirri freistingu að taka ekki þátt í frekari tilraunum við að leita að réttlátu samkomulagi um frið sem hvorki er byggður á „vegakortinu“ sem alþjóðlegi „kvartettinn“ útbjó né á nokkrum öðrum sambærilegum tillögum.

Ef Ísraelsmenn draga sig út úr friðarviðræðunum myndu Palestínumenn og einhver hluti alþjóðasamfélagsins þurfa að sætta sig við niðurstöðu sem að þeirra mati væri ómögulegt að samþykkja. Eins og Gaza-svæðið er skilgreint um þessar mundir, er það ómögulegt sem efnahagsleg og pólitísk eining, og það er enginn möguleiki að fullvalda palestínskt ríki gæti verið búið til úr því sem eftir er af yfirráðasvæði þeirra á Vesturbakkanum.

Tilraunir Ísraelsmanna til að varðveita þessa stöðu munu verða æ erfiðari þar sem palestínskum ríkisborgurum fjölgar gríðarlega hratt, bæði innan Ísraels og á herteknu svæðunum.

Eina skynsamlega svarið við þessum áskorunum er að blása nýju lífi í friðarferlið, með miklum áhrifum frá Bandaríkjunum. Það er óneitanlegt að árið 2006 ber með sér þá von: Hið óvænta kjör Amir Peretz sem leiðtoga Verkamannaflokksins, ásamt nýlegu brotthvarfi Sharons úr Likud-flokknum og stofnun hans á eigin flokki sem ætlar að beita sér fyrir að koma á friði, eru stórmerk og afdrifarík tíðindi.

Ásamt þessari þróun getur fráhvarfið frá Gaza-svæðinu markað þáttaskil fyrir botni Miðjarðarhafs sem gætu leitt til varanlegs friðar fyrir Ísraelsmenn og til frelsis og réttlætis fyrir Palestínumenn.

**JIMMY CARTER** *Er 39. forseti Bandaríkjanna. Hann hlaut Friðarverðlaun Nóbels árið 2002 fyrir störf sín að mannréttindamálum.*

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.21 | 13.30 | 15.39 |
| Akureyri | 11.36 | 13.15 | 14.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FRÉTTABLAÐIÐ


## Góðan dag!

**Í dag er fimmtudagurinn 29. desember 363. dagur ársins 2005.**

## KRÍLIN





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

VÍSIR

Íris Kristinsdóttir söngkona er mjög hrifin af brúnu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Notar brúnu hlýju peysuna mjög mikið

***Íris Kristinsdóttir söngkona klæðir sig eftir því í hvernig skapi hún er en henni finnst skipta miklu máli að fötin séu þægileg.***

Íris segist ekki elta tískuna neitt sérstaklega og bara kaupa það sem henni finnst flott og klæðir hana vel. „Það er samt mjög þægilegt að það er eiginlega allt í tísku núna svo maður getur valið úr," segir hún.
Íris keypti sér síðast brúna peysu sem hún notar mikið. „Ég keypti hana í Ex-unum í Kringlunni og hún er rosalega hlý og góð. Hún er hekluð með svona götum svo mér finnst mjög flott að vera annaðhvort í brúnum eða hvítum bol innanundir," segir hún.
Íris er ekki ennþá búin að finna sér jólaföt. „Ég er komin sjö og hálfan mánuð á leið þannig að ég passa ekki í neitt lengur en ég ætla að fara á stúfana um helgina og reyna að finna mér eitthvað," segir hún en hana langar í einhvern flottan kjól.
Íris segir að það sé margt sem sé ómissandi í fataskápinn. „Flottar gallabuxur eru til dæmis alveg ómissandi." Íris segist alltaf hafa verið mjög mikið í gallabuxum en núna kemst hún ekki lengur í þær. „Ég er farin að sakna gallabuxnanna minna mjög mikið," segir hún og hlær. Írisi finnst líka mikilvægt að eiga góða boli. „Núna er ég alveg vitlaus í brúnt og kaupi bara brúna og dökkbrúna boli," segir hún og bætir við að svo sé auðvitað nauðsynlegt að eiga flotta skó og þægileg og flott undirföt. „Það verður að vera eitthvað flott innanundir öllu hinu."

*emilia@frettabladid.is*

# Opnunartímar flugeldasölustaða

***Flugeldasala er farin af stað og úrvalið hefur sjaldan verið meira.***

Fjöldi aðila selur flugelda í ár en stærstir á markaðnum eru björgunarsveitirnar. Auk þeirra er hægt að nálgast flugelda hjá ýmsum íþróttafélögum, einkaaðilum og aðilum sem styrkja ýmis málefni.

### Opnunartími flugeldamarkaða

| Söluaðili | Staðsetning | 29. des | 30. des | 31. des |
|---|---|---|---|---|
| Björgunarsv. | um allt land | 10-22 | 10-22 | 9-16 |
| Valur | Hlíðarendi | 16-22* | 16-22* | 9-18 |
| Fram | Safamýri | 10-22 | 10-22 | 9-16 |
| KR | Frostaskjól | 10-22 | 10-22 | 9-16 |
| Gullborg | Bíldshöfði & Bæjarlind | 10-22 | 10-22 | 9-16 |
| Flugelda-markaður ** | Aktu-taktu í Mjóddinni | 16-22* | 16-22* | 9-18 |

*25% afsláttur af flugeldum á þessum dögum á viðkomandi sölustað.
** Til styrktar krabbameinssjúkum börnum.

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ÁRAMÓT HEILSA HEIMILI TÍSKA]**

**Flugeldum** er aðeins leyfilegt að skjóta upp frá klukkan níu á morgnana fram að miðnætti dagana 28. desember til 6. janúar. Nýársnótt er þar augljóslega undanskilin. Lögregla sinnir kvörtunum undan ónæði af völdum flugelda og getur brot á þessum reglum varðað við sektir.

**Heimilismenn** geta nýtt rólegar stundir sem gefast milli jóla og nýárs til að fara í gegnum gamalt dót, renna augum yfir fataskápinn og aðra muni til að sjá hvað má missa sín og hvað vantar. Útsölurnar fara að byrja og gott að vera undir þær búinn.

**www.missir.is** er vefur sem á erindi til einstaklinga sem vilja leita sér stuðnings á erfiðum tímum. Markmið vefsins er að safna upplýsingum um og auðvelda aðgang að efni sem fjallar um viðbrögð fólks við sjúkdómum, erfiðri lífsreynslu og sorg. Á vefnum er ítarleg skrá yfir heimildir ritaðar á íslensku eða þýddar úr öðrum málum eftir fagfólk um sjúkdóma og áföll.

**Söngkonan** Anastacia hefur hafið samstarf við S. Oliver, sem er þýskur hönnuður, og stefnir hún á að hanna kvenmannsföt. Línan mun samanstanda af léttari fötum eins og gallabuxum og bolum og núna stendur yfir leit að breskum dreifingaraðila. Vonandi að Anastaciu farnist vel á nýju sviði.

**Setstöðuráðgjöf** fyrir notendur hjólastóla er í boði hjá hjálpartækjamiðstöð TR. Um er að ræða nýja starfsemi en sambærileg ráðgjöf hefur verið í boði hjá systurstofnunum á Norðurlöndunum um nokkurt skeið.

**Áramótatískan** er frábrugðin annarri tísku. Um áramótin má allt vera yfirdrifnara en á öðrum tíma og um að gera að notfæra sér það og draga fram allt sem annars gengur ekki.

Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir
20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
Starfsfólk
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu

Útsalan er byrjuð
Fábær verð
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

flottar neglur með
Fing'rs
naglasnyrtivörum
Fing'rs fæst í
Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

igma
verslun
Opnunartími virka daga 11-18
og laugardaga 10-14
Sími 553 1144, www.igma.is
Við þökkum viðskiptin á árinu og
hlökkum til að sjá þig á nýju ári

Stuttur loðfeldur úr Warehouse. Kostar 7.900 krónur.

Silkipils með rósum úr Oasis á 15.990 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kjóll með glitrandi skrauti á berustykki. Fæst í Warehouse á 9.500 krónur.

Herðaslá úr flaueli og silki, fallega skreytt með steinum og pallíettum. Fæst í Oasis á 15.990 krónur.

Bundin pallíettublússa úr Centrum. Kostar 8.900 krónur.

# Glans & glimmer

***Gamlárskvöld er upplagt til að prófa óvenjulegan klæðnað og má þá vera nóg af glansi og glamúr.***

Aðfangadagur er stund fjölskyldunnar og einfaldleikinn í fyrirrúmi. Gamlárskvöld er allt öðruvísi og þá er leyfilegur mun óhefðbundnari klæðnaður. Pallíettur, blúndur, semelíusteinar, loðfeldir, grímur, glansandi lokkar og stór hálsmen. Allt er þetta skemmtileg viðbót við áramótafagnaðinn sem er í senn hátíðlegur og skemmtilegur. Hér koma nokkrar flíkur sem gætu virkað vel á gamlárskvöldinu góða.

Jakki skreyttur blúndum og steinum. Fæst í Oasis á 23.990 krónur.

Fagurlega skreyttur toppur úr 100 prósent silki. Fæst í Oasis á 12.990 krónur.

Fallegur silkitoppur skreyttur með pallíettum, steinum og fleiru. Fæst í All Saints á 16.900 krónur.

Pallíettukjóll, fleginn í bakið. Fæst í Warehouse á 12.990 krónur.

Tjullpils úr All Saints á 10.900 krónur.

Gyllt blússa með skemmtilegum ermum. Fæst í All Saints á 10.900 krónur.

## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Siglingaföt fyrir gamlárskvöld

Líklega hafa margir verið að hugsa um hvað gera á um áramótin. Parísarbúar skipta gjarnan hátíðunum í tvennt, jólin með fjölskyldunni og áramót með vinum. Þotuliðið eyðir áramótunum oftast í einkasamkvæmum en almenningur safnast til dæmis saman á breiðgötunni Champs-Elysée þar sem þúsundir fagna nýju ári á miðnætti. Þar getur reyndar verið hættulegt að vera, svo mikill er æsingurinn og kampavínsflöskur á flugi sem hæglega má fá í höfuðið svo ekki er hægt að mæla með gamlárskvöldi þar. Það heitasta er því að komast í einkasamkvæmi eða í klúbba þar sem erfitt getur verið að komast inn og kampavín flýtur um allt. Í slík boð dugir ekki að mæta í svarta kjólnum frá því í fyrra og ekki sleppur maður með einn ódýran.

Eftir jólagjafainnkaup og önnur útgjöld getur það reddað málunum að útsölur nálgast óðum og hefjast þær 12. janúar í París. Tískuhúsin bjóða gjarnan sínum bestu viðskiptavinum að koma á forútsölur, annaðhvort fyrir jól eða á milli jóla og nýárs, allt eftir því hvað hvert fyrirtæki ákveður. Þá er hugsanlega hægt að kaupa jóla- eða áramótakjól með þrjátíu, fjörutíu eða jafnvel fimmtíu prósenta afslætti. Vandamálið er hins vegar að þessar einkaútsölur eru kolólöglegar og því þarf að fara varlega þegar viðskiptavinir koma og biðja um að kaupa dress á útsöluverði á undan hinum eiginlegu útsölum. En einkaútsölurnar eru mikilvægar til að ná sölumarkmiðum desembermánaðar svo að starfsmenn fái sínar prósentur og því er freistandi að segja já þegar fólk biður um að fá að kaupa á útsöluverði. Sölufólkið vonar bara að það lendi ekki á útsendurum rannsóknarnefndar um ólöglega viðskiptahætti, en sekt fyrir að selja á útsöluverði, fyrir opinberar útsölur, getur hlaupið á hundruðum þúsunda.

Svo eru þær sem hafa þegar keypt allt sem er áhugavert hjá uppáhaldstískuhúsinu sínu í vetrartískunni og hafa engan áhuga á því sem eftir er. Fyrir þær er „croisiére-línan“ sem tískuhúsin bjóða upp á seint í nóvember eða í byrjun desember aðalmálið. Þessi lína var í upphafi eins og siglinganafnið gefur til kynna eins og fáguð hásumarlína sem var ætluð þeim sem fóru yfir veturinn í siglingar á suðlægum slóðum. Um leið er þessi tískulína litrík, oft skreytt Swaroskikristöllum eða perlum. Til dæmis tekur Prada gjarnan fram munna- og hjartamunstrið sitt fyrir siglingalínuna sína. Stundum er þessi lína forsmekkur af sumartískunni en þó ekki endilega. Þessi tískulína er því upplögð fyrir kampavínsteiti á stað eins og „Millionaire“ í áttunda hverfi Parísar eða í Perlunni í fyrsta hverfi Reykjavíkur.

# Konur klæðast smóking

***Eitt það flottasta í kventískunni í vetur eru klassísk kvenjakkaföt í smókingstíl.***

Smóking er sannarlega að sækja í sig veðrið, sambland af svörtu sveiflunni og kvenlegu línunum og örugglega hefur það líka áhrif að hinn margfrægi „Le Smoking“ frá Yves Saint Laurent fagnar um þessar mundir 40 ára afmæli.

Það var árið 1966 sem Saint Laurent kynnti fyrir tískuheiminum svörtu buxnadragtina með herralega ívafinu, jakki með þremur tölum, herralegar buxur með silkibryddingu á hliðinni, silkiblússa og svart bindi.

Margar konur tóku ástfóstri við þessa tísku eins og leikkonan Diane Keaton og í dag klæðast stóru stjörnurnar Gwyneth Palthrow, Angelina Jolie og Madonna „Le Smoking“ reglulega.

Hinn upprunalegi smóking frá YSL hefur tekið á sig ýmsar myndir í höndum ólíkra aðila, en svarta buxnadragtin er fyrir löngu orðin klassík í tískuheiminum.

Það er hægt að skarta hinum ýmsu flottheitum við smókinginn til að framkalla persónulegan stíl og má þar nefna blússur í mismunandi útfærslum, vesti, korselett, bindi, fullt af glingri, pallíettutoppi, herraskyrtu og svo mætti lengi telja.

Jakki kr. 19.900 (fjólublár), skyrta kr. 11.990, buxur kr. 13.990, hanskar kr. 3.990 í Kúltúr.

Jakki kr. 22.990, skyrta kr. 11.990, buxur kr. 14.990 í Karen Millen.

HERRA
HAFNARFJÖRÐUR
11 ÁRA

Skyrt´á´ann báða dagana!

2FYRIR1 á skyrtum til áramóta
með keyptum jakkafötum.

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

Herra hafnarfjörður

hausverk / SÍA

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegrar hátíðar og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
s. 561 0060 atson@atson.is
Opið mán.-fös. 10-18

Atson

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

TÍSKUVERSLUNIN Smart
Hafnarstræti 106, Akureyri, s. 462 4010
Ármúli 15, Reykjavík, s. 588 8050 • Grímsbæ v/Bústaðaveg • s. 588 8488

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

Sendum öllum landsmönnum hlýjar jóla og nýárskveðjur

SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA

SJÓNARHÓLL
gleraugnaverslun
í Hafnarfirði

Óskar landsmönnum gleðilegs nýárs
og þakkar ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða

www.sjonarholl.is
Þar sem gæðagleraugu kosta minna
Reykjavíkurvegur 22
S. 565-5970

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk

SNYRTISTOFAN salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460

birta
alltaf á föstudögum

Rauðir og smart fjaðraskór. 14.900 kr., Ilse Jacobsen.

Einstaklega smart svartir skór, með böndum, semelíusteinum og fjöðrum 17.990 kr., Karen Millen.

Svartir með semelíusteinum. 10.500 kr. Ilse Jacobsen.

Gylltir og glæsilegir, Ilse Jacobsen.

# Skrautlegir skutluskór fyrir áramótin

***Gull, glingur og glamúr eru meðal helstu tískusveiflna vetrarins. Glamúrinn öðlast ennþá meira vægi yfir hátíðarnar þegar mikið er um hátíðir og veisluhöld.***

Eitt af því sem vafalaust er á óskalista margra kvenna fyrir áramótaveislurnar eru fagurlega skreyttir háhælaðir skór sem draga fram kvenlegan þokka. Glitrandi steinar og fjaðrir eru áberandi skraut á háhæluðu skutluskónum. Karen Millen klikkar aldrei á kynþokkafullum skóm, og von er á svaka flottum háklassahælum með skvísulegu skrauti í Ilse Jacobsen Hornbæk.
Flestar búðirnar í bænum bjóða líka upp á alls kyns skrautlega hæla í skemmtilegum litum sem geta gefið áramótadressinu nýtt, ferskt og funheitt útlit.

Brúnir m. steinum 18.990 kr. Karen Millen

Skrautlegir skreyttir skór úr Ilse Jacobsen, 14.900 kr.

Semelíusteinar setja punktinn yfir i-ið, 9.900 kr. The Shoe Studio.

Rauðir bandaskór 9.990 kr.,The shoe studio.

TÍSKUVERSLUN
útsala
www.marialovisa.com
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

# Útsala Topshop hefst í dag

***Topshop í Smáralindinni hefur sína árlegu útsölu í dag. Þar verður hægt að fá nýlegar vörur á 30-70 prósenta afslætti.***

Útsölurnar hjá Topshop hafa iðulega verið vinsælar. Sigríður Héðinsdóttir verslunarstjóri segir að allt mögulegt verði á útsölunni en ekki það allra nýjasta enda fái verslunin vörur vikulega. „Afsláttur inn verður frá 30 til 70 prósent. Það eru svo ör vöruskipti hérna að það er í raun ekkert gamalt sem er að fara á útsöluna. Því ætti að vera hægt að gera mjög góð kaup hérna enda er útsölurnar hjá okkur yfirleitt mjög vinsælar,“ segir Sigríður að lokum. ■

30 til 70 prósenta afsláttur verður á ýmsum vörum á útsölunni í Topshop.

# Eins og bæjarstjóri á áramótunum

***Halldór Halldórsson verður annaðhvort eins og bæjarstjóri eða rappari á áramótunum. Hann verður með foreldrunum á slaginu tólf en ætlar að skemmta á Prikinu síðar um nóttina.***

Rapparinn Halldór Halldórsson eða Dóri DNA eins og margir kalla hann er ekki alveg búinn að ákveða hvert áramótadressið verður. „Kannski verð ég í jakkafötunum sem foreldrar mínir gáfu mér dýrum dómum. Þau eru svört og mjög plein en ég er alveg eins og bæjarstjóri í þeim. Annars verð ég í rapp-outfittinu mínu þar sem ég er í bláum gallabuxum, Jay-Z skónum mínum og með New-era-derhúfuna mína. Svo verð ég auðvitað í LA Lakers official NBA-jakkanum mínum."

Halldór segir valið fara eftir þemanu sem verði þetta kvöldið. „Jakkafötin eru kannski aðeins áramótalegri; að taka á móti nýju ári í sparitauinu. En þar sem ég verð að skemmta á Prikinu á góðu hiphop-djammi þá velur maður kannski rappdressið. Það er náttúrulega ekki amalegt að vera í LA Lakers-stöffi á áramótunum, það eru bara heiðursmenn sem klæðast því," segir Halldór sem verður veislustjóri á Prikinu ásamt Önnu Rakel Róbertsdóttur. „Þetta byrjar upp úr miðnætti og það verður rosaleg stemning. Síðan er aldrei að vita nema einhver fræg rappstjarna detti inn á staðinn."

Ef Halldór velur jakkafötin verður hann með lítinn partíhatt og tunguflautu. „Þá verð ég líka annaðhvort með silkibindið sem amma mín gaf mér á jólunum eða þetta svarta ef ég er að fara í útfararstjóralúkkið. Ef ég vil hins vegar vera sérstaklega hátíðlegur slengi ég á mig rauðu bindi og axlaböndum," segir rapparinn sem verður í Mosfellsbænum yfir sjálf áramótin. „Ég skála með foreldrunum í kampavíni og tívolíbombu á slaginu tólf."

Halldór í svörtu jakkafötunum á síðustu áramótum. Þá var hann með kúrekasylgju sem hann keypti í Hollandi af bandarískum sígauna sem sagði að sylgjan kæmi beint úr villta vestrinu.

mariathora@frettabladid.is

Auglýsingaplakat með Cindy Crawford er ekki lengur leyfilegt í höfuðborg Hvíta-Rússlands.

Naomi Campbell ofurfyrirsæta.

# Myndir af erlendum fyrirsætum bannaðar

***Ekki má lengur birta myndir af frægum fyrirsætum svo sem Cindy Crawford og Kate Moss í höfuðborginni Minsk.***

Forseti Hvíta-Rússlands hefur sett blátt bann við erlendum fyrirsætum í þarlendum auglýsingaherferðum. Nýju lögin sem tóku gildi í apríl síðastliðnum hafa valdið ringulreið hjá auglýsingafyrirtækjum. Nú þurfa þau að sýna fram á hvít-rússneskan ríkisborgararétt hjá þeim fyrirsætum sem fengnar eru í auglýsingar og hafa stórfyrirtæki eins og Renault og L'Oréal tekið upp á því að gera auglýsingar án fólks.

Ennfremur hefur glundroði myndast hjá fyrirsætuskólum sem verða nú að sækja um sérstakt kennsluleyfi en ríkisstjórnin þykir rög við að gefa það.

Fyrirsætan Heidi Klum.

Þessar aðgerðir munu líklega gefa hvít-rússneskum ríkisborgurum aukin tækifæri. Þrátt fyrir það verður landið seint miðpunktur tískuheimsins og efnilegar fyrirsætur frá Hvíta-Rússlandi halda áfram að sækja til Parísar eða New York fremur en heimalandsins.

allt tilboð
Alla föstudaga



**Á milli jóla og nýárs** hafa margir nóg að gera við að koma öllu sem þeir fengu í jólagjöf fyrir á heimilinu. Stundum verður að fjarlægja eitthvað gamalt til þess að rýma til fyrir nýju.

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Re Hus Grensásvegi 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rehus.is

Fallegar yfirbreiðslur
sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.

Sófalist,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is

Póstsendum

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Sericu

SERICA
Opið frá 11-18 virka daga,
11-15 laugardaga.
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s: 565 1504

Mikið af því sorpi sem fylgir jólunum er endurnýtanlegt og mælst er til þess að fólk flokki og skili sorpinu til endurvinnslustöðva.

# Verum vistvæn við jólafrágang

***Margt af því sem fylgir neysluhlið jólanna má flokka og skila og endurnýta, en nauðsynlegt er að kunna réttu tökin við flokkun á rusli.***

Í anda jólanna skulum við vera vistvæn og flokka ruslið sem fylgdi hátíðunum áður en við hendum því frá okkur.

Jólapappír og jólakort má ekki setja í pappírsgáma. Sterkir litir, gyllingar og glimmer gerir það að verkum að pappírinn er óendurnýtanlegur. Pappakassar (bylgjupappar) sem oft eru í umbúðum eru hins vegar gott hráefni til endurvinnslu.

Dagblöð, tímarit og auglýsingapóstur er svo flokkaður sér. Allan prentpappír sem til fellur á heimilinu má flokka saman og eru hefti og smærri gormar ekki skaðleg endurvinnslunni. Frá prentpappírnum þarf að aðskilja plast, gluggaumslög og merkimiða með límí. Að sama skapi þarf að aðskilja pappa, sem til dæmis er í morgunkornspökkum og skókössum og öðru þvíumlíku, þykkan kartonpappír, ámálaðan pappír og bækur með harðri kápu.

Kertaafganga má einnig endurnýta og er þeim skilað í sérstakar tunnur á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu eða á bensínstöðvar Olís. Sólheimar taka svo við kertaafgöngunum og búa til ný kerti úr þeim.

Undanfarin ár hafa sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sótt jólatré til íbúa svæðisins og veita þau nánari upplýsingar um hvernig og hvar það mun fara fram. Einnig er hægt að skila jólatrénu á endurvinnslustöðvar Sorpu.

Þeir sem vilja verða fyrirmyndarsorpflokkarar er bent á heimasíðu Sorpu, www.sorpa.is, þar sem finna má nákvæmar flokkunarleiðbeiningar.

ato
BÓKHALDSÞJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldsþjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldsþjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

**Tökum að okkur verkefni varðandi:**

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/ sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl

Hamraborg 1-3
200 Kópavogi
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404

allt bílar
Alla laugardaga

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Fatabúðarinnar

Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

TEXTÍLGALLERY

SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM POTTAPLÖNTUR

## Túlípanar - með hækkandi sól!

Fátt er jafn uppörvandi í skammdeginu en litaglaðir og brosmildir túlípanar í vasa. Yfir túlípanablómum er einhver svalur og frísklegur þokki sem engin önnur tegund blóma hefur til að bera.

**Saga**
Allir tengja túlípanana á einhvern hátt við Holland, sem er alveg rétt. En ekki vita allir að þangað bárust túlípanarnir fyrst fyrir drjúgt fimm öldum. Fram að því höfðu þeir verið ræktaðir í görðum keisara og soldána í Mið-Austurlöndum í 2500 ár. Og þvílíkt dálæti höfðu þessir höfðingjar á túlípönunum, að óbreyttir garðyrkjumenn fengu hvergi að koma nálægt ræktun þeirra, heldur var hún falin í hendur sérstakra túlípanameistara, sem yfirleitt voru „lærðir menn“ og oftast skáld að auki!
Það er umdeilt hvort höfuðfat trúaðra á þessum slóðum, túrbaninn, dragi nafn af túlípönum, eða öfugt. Alla vega er merkingin sú sama og vísar til mikillar virðingar. En á dögum Suleimans hins mikla, soldáns og kalífa í Konstantínópel, bárust túlípanar fyrst til Evrópu. Suleiman var mjög lunkinn pólitíkus og diplómat sem opnaði ríkið til vesturs. Við hirð hans var franskur sendiherra sem fékk nokkra túlípanalauka með sér heim til Frakklands. Þar hitti grasafræðingurinn Clusius hann og sníkti af honum fáeina lauka fyrir grasagarðinn sinn í Leyden í Hollandi. Fyrr en varði varð túlípaninn að þjóðarblómi Hollendinga. Skilyrði í því landi eru sérstaklega góð fyrir túlípanarækt og þaðan kemur þorri þeirra túlípana sem prýða heimsins lönd með blómum sínum á vorin.

**Nútíminn**
Nú eru skráð, og í umferð hjá ræktendum um 2500 mismunandi túlípanayrki. Hér á landi látum við nægja að þekkja og nota bara um fimmtíu þeirra. Blómlitirnir eru yfirleitt mjög hreinir og afgerandi í hvítum, bleikum, gulum, rauðum eða rauðgullnum skala. Dálítið er líka um túlípana sem fara út í fjólublátt.

**Neytendaráð**
Túlípanar njóta sín best margir saman, helst 10 til 20 eða fleiri, í látlausum, dálítið víðum blómavösum. Það er í fínu lagi að blanda saman blómlitum og formum. Flestir kjósa þó að halda hverjum lit fyrir sig. Það gefst sjaldan vel að hafa aðrar tegundir blóma með þeim í vendi, þótt í lagi sé að stinga grænum greinum með. Túlípanar hafa öðruvísi „vasaþarfir“ en flest önnur blóm. Þótt almennt sé mælt með að setja blómanæringu í vatn fyrir afskorin blóm, á það ekki við um túlípana. Túlípanar eru seldir í búntum og þola að standa vatnslausir í umbúðunum inni í kæli nokkra daga án þess að það komi nokkuð niður á gæðum þeirra eða endingu. En þegar við höfum fengið búntin í hendur og erum komin með þau heim þarf að gera eftirfarandi:

**1.** Skera tvo til þrjá sentimetra neðan af stilkunum og láta búntin standa og „draga sig“ í hálftíma í fötu með um tíu sentimetra djúpu vatni. Nota hreint, kalt kranavatn. Halda umbúðunum á meðan.
**2.** Taka túlípanana upp og úr umbúðunum. Koma þeim svo fyrir í vasa með vatni og láta stilkana ná fimm cm niður í vatnið.
**3.** Það lengir endinguna talsvert að hafa túlípana á köldum stað á næturnar.
**4.** Skerið ögn neðan af stilkunum á hverjum degi og skiptið um vatn.


Gleðilegt ár!

Megi nýja árið
færa ykkur birtu og yl.

Þökkum fyrir viðskiptin
á árinu sem er að líða.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 · Sími 567 2133 · www.arinn.is



Verslunin Betra Bak óskar viðskiptavinum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Betra BAK
Faxafeni 5 • Sími 588 8477
www.betrabak.is
Opið virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16


# STELLIÐ: JASPER CONRAN

Ofangreind tillaga verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 29. desember 2005 til 26. janúar 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 13. febrúar 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

---

**KÓPAVOGSBÆR**

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:**

**Þinghólsbraut 49. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. september 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 49 við Þinghólsbraut. Í tillögunnu felst heimild til að byggja 2 hæða parhús auk kjallara á lóðinni. Nýtingarhlutfall lóðar verður að hámarki 0,7 og hámarkshæð í kóta 17,6m. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. ofangreindra laga frá 27. júlí til 24. ágúst 2005 með athugasemdafresti til 7. september 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust á kynningartíma. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 29. desember 2005.

**Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Breiðahvarf og Melahvarf. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 6. október 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dimmuhvarf, Grundarhvarf, Breiðahvarf og Melahvarf. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 5 nýjum íbúðarlóðum fyrir einnar til tveggja hæða einbýlishús við Dimmuhvarf 5, 13, 17, 19 og 19a; fyrirhuguðu tveggja hæða sambýli við Breiðahvarf 1 er breytt í tveggja hæða fjölbýli með 4 íbúðum; skilgreindir eru nýir byggingarreitir og breytt afmörkun lóða við Dimmuhvarf 3, 7, 15 og við Melahvarf 14 og Grundarhvarf 22. Við Grundarhvarf 22 (áður Vatnsendablettur 72) er jafnframt gert ráð fyrir að núverandi hesthús og gerði standi áfram. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. ofangreindra laga frá 15. ágúst til 12. september 2005 með athugasemdafresti til 26. september 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsnefndar 4. október 2005 var tillagan lögð fram að nýju og samþykkt með þeirri breytingu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 13 við Dimmuhvarf var frestað. Bæjarráð samþykkti tillöguna 6. október 2005 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 29. desember 2005.

**Dalvegur 10-14. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 11. október 2005 samþykkt tillögu að breytt deiliskipulagi við Dalveg 10-14. Í breytingunni felst að lóðirnar nr. 10, 12 og 14 við Dalveg eru sameinaðar og að á þeim verði reist atvinnuhúsnæði (verslun/skrifstofur/lager) á 1-3 hæðum auk kjallara (að hluta) allt að 7.500 m$^2$ að grunnfleti og að samanlögðum gólffleti allt að 10.500 m$^2$. Nýtingarhlutfall er áætlað 0.6 og fjöldi bílastæða 1 stæði á 35 m$^2$ í húsnæði. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. ofangreindra laga frá 1. júní til 29. júní 2005 með athugasemdafresti til 13. júlí 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Tillagan var lögð fram að nýju og samþykkt í skipulagsnefnd 16. ágúst 2005 ásamt umsögn um framkomnar athugasemdir og ábendingar. Var tillagan samþykkt óbreytt. Tillagan var síðan samþykkt í bæjarstjórn 11. október 2005 eins og að ofan greinir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 29. desember 2005.

**Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.**

## KAUPVENJUR

# *Með seðla í G-unit klemmunni*

Daníel Deluxe Ólafsson plötusnúður heldur upp á búðina Turntablelab í Bandaríkjunum. Hann er alltaf búinn að taka út peninga áður en hann fer í verslunarleiðangur.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?** Ætli ég verði ekki að segja Turntablelab, en hún er staðsett bæði í New York og Los Angeles. Hún er með allar græjur sem dj-ar þurfa, mikið af nýjum vínyl, flottum fötum og hönnun, alls konar tímaritum, dvd-diskum, bókum og fylgihlutum; fimm stjörnu deluxe.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?** Ætli ég verði ekki að segja plötur, sérstaklega ef maður kemst í góðar plötubúðir úti. Mér finnst einnig mjög gaman að kaupa mér föt.

**Verslar þú í útlöndum?** Já, mjög mikið. Sérstaklega þá í Bandaríkjunum, en ég verð að segja að flottustu fatabúðir sem ég hef komið í eru í London. Leiðinlegt bara hvað pundið er hátt.

**Einhverjar venjur við innkaup?** Ég reyni oftast að vera búinn að taka út nokkra bláa til þess að hafa í G-unit peningaklemmunni minni áður en ég fer að versla. Það vill nefnilega oft til að maður eyðir meiru í rugl ef maður notar kredit.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?** Já, eiginlega alltaf.

## VISSIR ÞÚ...

...að fyrsta loftárásin fór fram 1849? Þá sendu Austurríkismenn loftbelgi með tímasprengjum til Ítalíu en óhagstæð vindátt bar belgina langt af leið.

...að fyrsta loftárásin úr flugvél var framkvæmd af Ítölum árið 1911? Þá varpaði Guilio Gavotti 4 handsprengjum á tyrkneskar herbúðir úr 185 m hæð.

...að þyngsta fallbyssa sögunnar er rússnesk og var smíðuð árið 1868?

...að þyngsta fallbyssa sögunnar kallaðist Tsar-fallbyssan? Hún vegur 144,1 tonn og kúlurnar eru 500 kg á þyngd.

...að afríska risapokarottan er notuð til að þefa uppi jarðsprengjur? Hún er svo létt að hún getur stigið á jarðsprengju án þess að hún springi.

...að stysta milliríkjastríðið entist í 45 mín? Stríðandi fylkingar voru Bretar og Zansibar og áttust þær við 1896.

...að lengsta stríðið er 30 ára stríðið? Það byrjaði 1618 en í því áttust við fjölmargar Evrópuþjóðir.

...að þyngsti skriðdrekinn sem notaður hefur verið var franski Char de Rupture 2Cbis-skriðdrekinn?

...að hann var 75,2 tonn á þyngd og Í áhöfn hans voru 13 manns?

...að hann komst heila 12 km á klst.

...að þyngsti skriðdrekinn í dag er 63 tonn? Það er M1A2 Abrams-orustudrekinn sem notaður er af Bandaríkjaher.

## SJÓNARHORN

Vetrarfegurð á Þingvöllum. Fréttablaðið/Vilhelm

allt matur
Alla föstudaga

MAZDA TRIBUTE

Umboðsaðilar:
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
BSA Akureyri - Sími 462 6300
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100

X4 ehf.

Opið virka daga 10-18:30
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.524 **+0,33%** **Fjöldi viðskipta:** 451 **Velta:** 6.839 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Íslandsbanki | +1,18% | SÍF | -2,87% |
| KB banki | +0,95% | Mosaic Fashions | -1,60% |
| Marel | +0,62% | Össur | -0,89% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,30 -0,60% ... Bakkavör 51,10 -0,80% ... FL Group 20,20 +0,50% ... Flaga 4,86 -0,80% ... HB Grandi 9,30 -0,50% ... Íslandsbanki 17,20 +1,20% ... Jarðboranir 24,50 +0,00% ... KB banki 741,00 +1,00% ... Kögun 60,80 -0,20% ... Landsbankinn 25,50 -0,40% ... Marel 65,00 +0,60% ... SÍF 4,06 -2,90% ... Straumur-Burðarás 15,50 -0,60% ... Össur 112,00 -0,90%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Heimilt að kaupa í EIBank í Búlgaríu

Seðlabankinn í Búlgaríu hefur gefið grænt ljós á að Novator, eignarhaldsfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, eignist 34 prósent í búlgarska bankanum EIBank að því er AP fréttastofan greindi frá í gær.

Tilkynnt var um kaupin í júlí í sumar og var samningur þess efnis undirritaður í september með fyrirvara um samþykki seðlabankans. Samkeppnisyfirvöld í Búlgaríu hafa þegar samþykkt þessi kaup.

EIBank er áttundi stærsti bankinn í Búlgaríu. Samkvæmt búlgörskum fjölmiðlum voru heildareignir EIBank um 35 milljarðar króna í lok apríl á þessu ári.

Einnig kom fram í gær að Björgólfur Thor ætli að vera búinn að tryggja sér um 50 prósent hlut í bankanum byrjun árs 2007. - **bg**

**UMSVIFAMIKILL Í BÚLGARÍU**
Björgólfur Thor Björgólfsson hefur fengið heimild búlgarskra yfirvalda til að kaupa 34 prósent í þarlendum banka.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR.

# Áfram góðæri

Efnahagur heimsins er á leið inn í annað gott ár ef marka má könnun þar sem 240 af helstu efnahags- og fjármálasérfræðingum tóku þátt í. Þeir heimshlutar sem taldir eru munu standa sig best eru Austur-Evrópa, Suðaustur-Asía og Suður-Ameríka.

Sérfræðingar vara hins vegar við yfirvofandi árekstrum á milli Ísraels og Íran sem geta orðið til þess að olíuverð rjúki upp. Aðrir þættir sem geta haft slæm áhrif á efnahag heimsins eru viðskiptahalli Bandaríkjanna og að Asíuríki eins og Kína hætti að kaupa dollara sem myndi leiða til þess að gengi hans félli mikið.

Fasteignaverðshækkanir sem hafa átt sér stað í mörgum Evrópulöndum og Bandaríkjunum geta haft áhrif til hækkunar á vöxtum sem hefur slæm áhrif á efnahagslífið.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur heimsins muni verða 3,2 prósent á næsta ári eða sá sami og í ár og verðbólga 2,7 prósent samanborið við 2,6 prósent á þessu ári. Talið er að vextir í Bandaríkjunum, Evrópu og jafnvel í Japan muni hækka lítillega á árinu 2006. Spáð er að olíuverð verði nokkuð stöðugt í kringum 56 dollara á fatið.

Gert er ráð fyrir 2,1 prósent hagvexti í Bretlandi, 1,9 prósent vexti á evrusvæðinu og að í Bandaríkjunum muni vöxtur áfram verða mikill eða um 3,4 prósent. Japanska hagkerfinu er spáð góðu gengi og það muni halda áfram að rétta úr kútnum með um 2 prósent hagvöxt árið 2006.

Ef þessar spár ná fram að ganga verður þetta fimmta árið í röð þar sem hagvöxtur er umfram meðaltal en það hefur ekki gerst síðan á sjöunda áratug tuttugustu aldar.

**VERÐBRÉFAMIÐLARAR Á ÞÖNUM**
Sérfræðingar spá að næsta ár verði gott í efnahagslegu tilliti.

# Mosaic hagnast

Hagnaður Mosaic Fashion á þriðja ársfjórðungi eftir skatta var um 491 milljón króna. Er þá ekki tekið tillit til kostnaðar sem fellur til bara á þessu ári vegna kaupa og samruna við Karen Millen og Whistles, skráningar í Kauphöll Íslands og endurfjármögnunar. Það sem af er þessu ári er hagnaður Mosaic Fashion 785 milljónir króna eftir skatt.

Derek Lovelock, forstjóri Mosaic Fashion, segir í tilkynningu til Kauphallarinnar að hann sé ánægður með vöxt félagsins á árinu og salan hafi aukist um fimmtán prósent það sem af er ári. Þriðji ársfjórðungur hafi verið verslunarrekstri erfiður í Bretlandi vegna minnkandi eftirspurnar. - **bg**

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

3 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

Íslenskt stjórnborð

Miele




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**

**MIELE ÞVOTTAVÉL** - *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | | |
|---|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 128.428 | **Kr. 89.900** | **Tilboð** |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 148.200 | **kr. 133.380** | stgr. |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 168.700 | **kr. 151.830** | stgr. |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 98.800 | **Kr. 69.160** | **Tilboð** |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 115.400 | **Kr. 80.780** | **Tilboð** |

*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK

*– hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

**MARIANNE FAITHFULL (1946-) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Það eina góða sem fylgir sambandsslitum er að maður getur samið lög um þau.“*

***Marianne Faithfull er ensk söngkona.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 29. DESEMBER 1993

### *Kókaíni smyglað til Bretlands*

Á þessum degi árið 1993 fann breska lögreglan kókaín að andvirði 70 milljóna punda sem reynt hafði verið að smygla til landsins. Lögreglan staðfesti að kókaínsmyglið tengdist ítölsku mafíunni og var þetta fyrsta staðfesta kókaínsmygl mafíunnar til Bretlands. Það var skip frá Kólumbíu sem sigldi með eiturlyfin til Bretlands og kom í höfn í Felixstowe.

Breska lögreglan fékk vísbendingar um smyglið frá ítölskum aðgerðahópi, sem barðist gegn áhrifum og uppgangi ítölsku mafíunnar, og hafði breska tollgæslan beðið komu skipsins í viku. Rúmlega 250 kíló af efninu fundust við leit tollgæslunnar og lögreglu í Bretlandi en smyglið teygði anga sína víðar um heiminn. Með aðstoð lögreglunnar í Kólumbíu fann lögreglan á Sikiley rúmlega 750 kíló af kókaíni og í kjölfarið voru tveir menn handteknir.

Í Bretlandi voru þrír menn handteknir, tveir þeirra voru ákærðir fyrir eiturlyfjasmygl en þeim þriðja var sleppt úr haldi. Lögreglan hafði fylgst með þeim í tvo daga og lét til skarar skríða þegar mennirnir komu í höfnina að sækja fenginn.

Að sögn lögreglunnar í Bretlandi kom kókaínið frá Medellin-eiturlyfjahringnum í Kólumbíu og taldi lögreglan íhlutun ítölsku mafíunnar óvenjulega þar sem hópur frá öðru landi hafði ekki áður skipt sér af eiturlyfjasmygli frá Suður-Ameríku.

Þetta var talið benda til þess að ítalska mafían ætlaði að hasla sér völl á þeim vettvangi í kjölfar dauða eiturlyfjabarónsins Pablo Escobar sem var leiðtogi Medellin-eiturlyfjahringsins.

## MERKISATBURÐIR

**1170** Thomas Becket er veginn í dómkirkju sinni í Englandi.

**1891** Thomas Edison fær einkaleyfi fyrir útvarpi.

**1969** Sigurður Nordal hlýtur heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright þegar þau eru veitt í fyrsta sinn.

**1975** Sprengja springur á LaGuardia-flugvelli í New York. Ellefu manns deyja.

**1995** Ríkisstjórn Íslands ákveður að ekki sé lengur hægt að óska nafnleyndar þegar sótt er um opinberar stöður.

**1997** Í Hong Kong er byrjað að slátra kjúklingum til að koma í veg fyrir útbreiðslu lífshættulegrar inflúensu.

†

*Ástkær dóttir mín, móðir okkar, systir, tengdamóðir,*

**Bjarnfríður H. Guðjónsdóttir (Fríða)**

Orrahólum 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 24. desember. Útförin auglýst síðar.

**Lára Hjartardóttir**
**Ester Gísladóttir** — **Haukur Barkarson**
**Eyrún Helga Jónsdóttir** — **Sigurður Sigurðsson**
**Elva Rut Jónsdóttir**
**Erna Ósk Guðjónsdóttir**
**Þórdís M. Guðjónsdóttir** — **Margeir Elentínusson**
**Lára Samira Benjnouh** — **Yann Le Pollotek**
**Þórdís Nadía Óskarsdóttir**
**og barnabörn.**

†

*Ástkær unnusta mín, dóttir okkar, systir og tengdadóttir,*

**Margrét Jónsdóttir**

Arnarhrauni 14, Hafnarfirði,

sem lést miðvikudaginn 21. desember verður jarðsungin frá Grensáskirkju á morgun, föstudaginn 30. desember, kl. 13.00. Jarðsett verður í Hafnarfjarðarkirkjugarði.

**Oddbergur Sveinsson**
**Jón Gunnlaugsson** — **Pálína Karlsdóttir**
**Anna Björg Jónsdóttir** — **Erik Ohlsson**
**Gunnlaugur Jónsson**
**Vilhelmína Jónsdóttir** — **Eyvindur Guðmundsson**
**Sveinn Sigurðsson** — **Kolbrún Oddbergsdóttir**

†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,*

**Jóhannes Kr. Magnússon**

frá Bolungarvík,

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík á Þorláksmessukvöld, föstudaginn 23. desember. Útförin fer fram frá Aðventkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 30. desember kl. 15.00.

**Hjördís Guðbjörnsdóttir** — **Robin Bovey**
**Rebekka Sigurðardóttir** — **Stefán Jónsson**
**Atli Rafn Sigurðarson** — **Brynhildur Guðjónsdóttir**
**og barnabarnabörn.**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

## EDDA RÓS KARLSDÓTTIR: ER FERTUG Í DAG

# Siglir á Gambíufljóti

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, á fertugsafmæli í dag. Þegar blaðamaður náði tali af henni var hún að panta sér pitsu á veitingastað á Kanaríeyjum þar sem hún dvelur um þessar mundir ásamt fjölskyldu sinni. Í dag mun hún svo halda á framandi slóðir þar sem menn gera flest annað en að spá í gengisvísitöluna.

„Ég hef alltaf átt góð afmæli,“ segir afmælisbarnið. „Foreldrar mínir pössuðu vel upp á það að afmælisveislan félli ekki í skuggann af hátíðunum hvor sínu megin við hana. Þetta var líka heppilegur tími að því leyti að allir krakkarnir voru alltaf í fríi á afmælinu mínu. Pabbi gerði alltaf svokallaða negraköku og svo voru piparkökur á boðstólum og allt lagt í sölurnar líkt og þegar haldið var upp á önnur afmæli í fjölskyldunni. Svo tekur þetta náttúrlega breytingum og þegar ég var milli 25 og 30 ára sló ég alltaf upp stórpartíi í tilefni dagsins. En nú kýs ég að ganga öllu hægar um gleðinnar dyr og vera bara í rólegheitum með fjölskyldunni.“

Það var í haust sem þau hjúin, Edda Rós og Kjartan Daníelsson, fóru að skrafa um það hvernig þau ættu að verja þessum degi. „Lendingin varð sú að við ákváðum að fara til Kanaríeyja og ég gæti bara ekki haft það betra enda er ég umkringd góðu fólki,“ segir Edda Rós. Auk þeirra skötuhjúa eru þar börnin þrjú, foreldrar hennar og mágur með alla sína fjölskyldu. Þó verður liði skipt á afmælisdaginn sjálfan enda er stefnt á framandi slóðir. „Við ætlum að fara til Gambíu,“ segir Edda Rós og tilhlökkunin leynir sér ekki í röddinni. „Þá munum við sigla upp Gambíufljót og koma við á einhverjum sveitabæjum og jafnvel heilsa upp á innfædda. En þá munu foreldrar mínir hins vegar verða eftir á Kanaríeyjum ásamt yngstu dóttur okkar.“

**EDDA RÓS KARLSDÓTTIR** Allt er fertugum fært og Edda Rós fer nú um Gambíufljót á fertugsafmælisdegi sínum.

En hefur forstöðumaður greiningardeildar einhverjar áhyggjur af genginu meðan hún er í fríi? „Nei, maður er búinn að læra það að þetta fer allt einhvern veginn hvort sem maður hefur áhyggjur af því eða ekki. Ég var reyndar dálítinn tíma að aftengja mig frá vinnunni fyrstu dagana en svo hætti ég að hugsa um þetta.“ Það virtist þó ekki vera alveg rétt því að endingu spurði hún blaðamann: „Heyrðu, veistu hver gengisvísitalan er?“ ■

†

*Ástkær faðir okkar, sonur, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Guðbjartur Ingi Bjarnason**

Feigsdal, Ketildölum, Arnarfirði,

lést að kvöldi jóladags.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Viðar Hólm Guðbjartsson**

†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir*

**Sr. Ólafur Oddur Jónsson**

Sóknarprestur í Keflavík

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 30. desember kl. 13.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

**Birgir Örn Ólafsson** — **Helga Ragnarsdóttir**
**Ólafur Ragnar Ólafsson**
**Kristinn Jón Ólafsson** — **Bergþóra Hallbjörnsdóttir**
**barnabörn og systur.**

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Bjarma félag um sorg og sorgarferli á Suðurnesjum (nr. 0142-05-70735).

## ANDLÁT

**Droplaug Pálsdóttir** frá Grænavatni, Espigerði 10, Reykjavík, lést á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 26. desember.

**Guðmundur Stefán Björnsson,** Krosseyrarvegi 8, Hafnarfirði, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sólvangi sunnudaginn 25. desember.

**Hulda Thorarensen** athafnakona, Öldugötu 61, Reykjavík, lést á Landspítala Landakoti föstudaginn 16. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingimundur Ólafsson** kennari, Langholtsvegi 151, lést laugardaginn 24. desember.

**Ingunn Jónsdóttir** frá Vagnsstöðum, Hólabraut 6, Hornafirði, andaðist sunnudaginn 25. desember.

**Jóhannes Kr. Magnússon** frá Bolungarvík, andaðist á Hrafnistu í Reykjavík, föstudaginn 23. desember.

**Kristín Sigurðardóttir Gjøe,** lést í Kaupmannahöfn að morgni 25. desember.

**María Jensen,** Samtúni 28, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt 27. desember.

**Sigríður Ásmundsdóttir,** Bólstaðarhlíð 41, lést á heimili sínu laugardaginn 24. desember.

**Snorri Bjarnason,** Flúðabakka 1, Blönduósi, andaðist miðvikudaginn 21. desember.

**Svanberg K. Þórðarson,** Grænukinn 6, Hafnarfirði, lést á Landspítala Landakoti, sunnudaginn 25. desember.

**Þorleifur Hólm Gunnarsson,** Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði, lést að kvöldi 24. desember.

**Þorsteinn Ingi Jónsson,** Árkvörn 2b, Reykjavík, andaðist á Landspítalanum 25. desember.

**Þórður Sveinsson,** frá Barðsnesi, er látinn.

## JARÐARFARIR

11.00 **Salvör Gottskálksdóttir,** Bröttukinn 25, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðakirkju.

11.00 **Sigurpáll Ísfjörð Aðalsteinsson,** áður til heimilis á Kópavogsbraut 1a, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.00 **Einar Guðmundsson,** Kirkjulundi 6, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ.

13.00 Minningarathöfn um **Kristrúnu Sigfríði Guðfinnsdóttur,** Gerðavöllum 1, Grindavík, fer fram í Grindavíkurkirkju. Útför hennar verður gerð frá Hólskirkju í Bolungarvík á morgun.

13.30 **Steingrímur Bernharðsson,** fyrrverandi bankaútibússtjóri, síðast til heimilis að Dalbæ Dalvík, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Steingrímur Kristjánsson,** Árnatúni 3, Stykkishólmi, áður Öckerö, Svíþjóð, verður jarðsunginn frá Stykkishólmskirkju.

15.00 **Jóhann Ingi Einarsson,** Bæjargili 96, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI

**Hinrik Hinriksson** húsgagnabólstrari er áttræður.

**Hr. Ólafur Skúlason** er 76 ára.

**Hervar Gunnarsson**, fyrrverandi verkalýðsforingi á Akranesi, er 55 ára.

**Pétur Snæbjörnsson** hótelstjóri í Mývatnssveit er 46 ára.

**Huginn Freyr Þorsteinsson** friðarsinni er 27 ára.



*Allan ársins hring eru*

# 2000

## *manns til taks þegar kallið kemur*

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

***Þú þekkir flugeldamarkaði björgunarsveitanna og vörur okkar á þessu merki.***

*Í björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru ríflega **2000 sjálfboðaliðar** sem hafa lagt fram meira en **650 þúsund vinnustundir** á árinu sem er að líða.*
*Fólk úr öllum starfsgreinum sem er tilbúið að standa upp frá vinnu sinni eða fara úr frí hvenær sem er - þegar kallið kemur.*

*Þetta fólk **lagði fram 1780 klukkustundir** að meðaltali á dag á þessu ári – allt ólaunað! Þennan hóp og landsmenn alla skiptir miklu máli að til taks séu tæki sem geta tekist á við þær erfiðu aðstæður sem upp geta komið í íslenskri náttúru.*

*Þú getur **stutt á öflugan hátt við björgunarstarfið** með því að **kaupa flugeldana af okkur** því flugeldasalan heldur okkur gangandi.*

Þessi fyrirtæki eru styrktaraðilar Slysavarnafélagsins Landsbjargar

ÍSLANDSBANKI · LÍU · SAMSKIP · SJÓVÁ

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

***- berst fyrir lífi þínu***

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ærandi brjálaður kokkteill

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** ER Í TÓMU RUGLI.

Fátt er jafn skáldlegt og íslensk áramót. Þau eru ærandi brjálaður kokkteill, blandaður tárum og eftirsjá og sítrónukreistum loforðum um betri tíð. Á því einstaka augnabliki þegar klukkan slær tólf og flugeldarnir ætla allt að æra, kossar fljúga og kampavín freyðir gerist eitthvað í hjörtum og hugum allra, enginn er ósnortinn. Okkur finnst sjálfum þessi áramót okkar svo æðisleg að við viljum helst deila þeim með allri heimsbyggðinni og að þessu sinni munu sprengjuhvellirnir berast alla leiðina til Hollywood þar sem sjálfur Tarantino mun eflaust lýsa þeim með miklum tilþrifum í amerísku sjónvarpi.

Sögurnar munu berast víða af brjáluðu Íslendingunum sem eins og varúlfar í tunglskininu verða að trylltum skepnum í öllu sprengjuregninu. Rólegustu menn fá brjálæðisglampa í augun, nágrannar fallast í faðma og unglingarnir stíga trylltan dans fram á næsta dag. Öllum finnst sjálfsagt að vaka fram eftir öllu, og allt agakerfið, sem tók allt árið að byggja upp hjá börnunum, fýkur út í veður og vind. Nótt verður að degi, dagur verður að nóttu. Hljómar eiginlega frekar eins og Hollywoodbíómynd en raunveruleiki, því auðvitað er þetta tómt rugl allt saman. Rugl sem gerir áramótin svo dásamlega skemmtileg, því fátt er skemmtilegra en tilgangslaust rugl, sem inniheldur vænan skammt af blönduðum tilfinningum.

Þannig eru lífsins bestu stundir samsettar. Ég ætla þó ekki að ganga svo langt að segja að áramótin séu með því besta sem maður upplifir um ævina, en þau koma ansi nálægt því. Ég óska ykkur því góðra stunda í öllu ruglinu. Sleppið ykkur nú lausum og eigið gleðilegt nýtt ár.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli

### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 6 | | | 2 |
| | | | 7 | | | 5 | | 9 |
| | | 5 | | | 4 | | 3 | 8 |
| | 6 | | | | | | 5 | 4 |
| | | | 6 | | 3 | | | |
| 7 | 1 | | | | | | 8 | |
| 6 | 9 | | 2 | | | 1 | | |
| 1 | | 2 | | | 7 | | | |
| 8 | | | 1 | | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 1 | 6 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 9 | 5 | 4 | 7 | 6 | 1 | 2 | 3 | 8 |
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 9 | 7 | 4 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 7 | 3 | 5 | 8 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 9 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 6 | 7 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

**EMILÍANA TORRINI** Emilíana gaf út plötuna Fisherman´s Woman á árinu og fékk góðar viðtökur.

# Vinsælustu lög Bylgjunnar 2005

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns á þrjú af tuttugu vinsælustu lögum útvarpsstöðvarinnar Bylgjunnar á árinu 2005.

Emilíana Torrini, Bubbi Morthens og Í svörtum fötum koma þar á eftir með tvö lög hver. Sálin gaf út plötuna Undir þínum áhrifum á árinu sem náði gullsölu og fékk góða dóma gagnrýnenda. Kemur því fáum á óvart að sveitin sé í efsta sæti hjá Bylgjunni. Emilíana Torrini gaf út plötuna Fisherman´s Woman snemma á árinu sem einnig féll vel í kramið á meðal almennings. Telja margir plötuna á meðal þeirra bestu sem komu út á árinu. ■

**SÁLIN HANS JÓNS MÍNS** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns á þrjú af tuttugu vinsælustu lögum Bylgjunnar á árinu.

## [BYLGJAN TOPP 20]

*20 vinsælustu lög Bylgjunnar 2005 (ekki í réttri röð)*

| | |
|---|---|
| **ALDREI LIÐIÐ BETUR** | SÁLIN |
| **UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM** | SÁLIN |
| **ÞÚ FÆRÐ BROS** | SÁLIN |
| **SUNNY ROAD** | E. TORRINI |
| **HEARTSTOPPER** | E. TORRINI |
| **VONIN BLÍÐ** | BUBBI |
| **ÞÚ** | BUBBI |
| **MEÐAN ÉG SEF** | Í SVÖRTUM FÖTUM |
| **VAKNAÐU** | Í SVÖRTUM FÖTUM |
| **SÖKUDÓLGUR ÓSKAST** | NÝ DÖNSK |
| **ÉG VIL FÁ MÉR KÆRUSTU** | HJÁLMAR |
| **HÚMAR AÐ** | RAGNHEIÐUR GRÖNDAL |
| **HÚN** | SKÍTAMÓRALL |
| **RABBITS** | PAPAR |
| **IF I HAD YOUR LOVE** | SELMA |
| **EINN GÓÐAN DAG** | MARGRÉT EIR |
| **LÍF** | HILDUR VALA |
| **HERE FOR YOU** | MYST |
| **SKANDINAVÍUBLÚS** | Á MÓTI SÓL |
| **KÓNGUR EINN DAG** | HELGI BJÖRNSSON |

# Allt er þegar þrennt er?

**[ UMFJÖLLUN ]**

**TÓNLIST**

Stundum get ég ekki alveg ákveðið mig hvort ég eigi að missa trú á fólki eða plötufyrirtækjum. Þessi sveit hér var að missa plötusamning sinn við Island, þrátt fyrir að hafa skilað af sér þessari fínu plötu sem hér er til umfjöllunar fyrir aðeins nokkrum vikum síðan. Kannski á svona grafalvarleg rafsveit bara ekki heima á útgáfurisa eins og Island, þar sem öll áherslan er lögð á að moka inn seðlum með því að selja smákrökkum tilbúnar, karamelluhúðaðar stráka- eða stelpusveitir.

Það var búið að vera ljóst í nokkurn tíma að framtíð Ladytron væri í hættu. Það er því kannski ekki svo undarlegt að það skuli vera svona mikill eldmóður í sveitinni á plötunni, enda ólm í að sanna sig. Það kemur því ekki á óvart að Ladytron gerist ögn aðgengilegri en áður, en alveg án þess að selja sál sína til meðalmennskudjöfulsins.

Hún er enn listræn og leitandi, þrátt fyrir að hún sé ef til vill byrjuð að þreifa sig niður tröppur sem aðrir hafa áður hrasað niður um. Hún er líka farin að hljóma mun líkari Stereolab, og minna eins og kvenkyns útgáfa af Kraftwerk þó áhrifin þeirra heyrist enn. Það er líka ennþá greinilegt að þessir krakkar eru aldir upp við sveitir á borð við Depeche Mode, Soft Cell og New Order.

Helsti galli Ladytron er hversu einsleit sveitin er. Þó svo að lögin séu mörg afbragðs fín, eru þau öll mjög keimlík. Þess vegna hefur henni líklegast ekki tekist að brjóta sig úr undirdjúpum grúskara og upp í meginstrauminn, og mun líklegast aldrei gera. Þetta er metnaðarfull plata sem krefst þess af hlustandanum að hann gefi henni ítrekaða hlustun, og verðlaunar hann fyrir vikið. En á því taflborði sem sveitin hefur verið að reyna leika á, er enginn tími fyrir annan séns. Þess vegna er Ladytron skák og mát. Kannski bara kominn tími til þess að herða sultarólina, og reyna fyrir sér hjá minna útgáfufyrirtæki?

Við getum bara vonað að við höfum ekki heyrt það síðasta frá Ladytron. Ef svo er, þá geta þau eytt því sem eftir er ævinnar með þá vitund að þau stimpluðu sig út með sinni bestu plötu til þessa.

**Birgir Örn Steinarsson**

**LADYTRON:** WITCHING HOUR

**Niðurstaða:** Þriðja breiðskífa Ladytron er bæði tap og sigur. Hún er ekki nægilega fjölbreytt til þess að halda samningi þeirra við útgáfurisann Island, en nægilega metnaðarfull til þess að liðsmenn haldi höfði.

**Kl. 21.00**
*Á styrktartónleikum fyrir fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan, sem haldnir verða í Austurbæ, koma fram* ***Jagúar, Milljónamæringarnir*** *ásamt* ***Bogomil Font*** *og* ***Páli Óskari, Ragnheiður Gröndal, Stefán Hilmarsson*** *og* ***Eyjólfur Kristjánsson, Dúndurfréttir, Cynic Guru, Helgi Rafn*** *ásamt* ***Twisted Reality Show, Brynhildur Guðjónsdóttir, Shadow Parade, Pétur Ben, Myst, Leaves*** *og* ***Jón Ólafsson****.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Ár Mozarts rennur upp

Hinn bráðefnilegi píanóleikari Víkingur Heiðar Ólafsson, sem vakið hefur mikla athygli og margir hafa áhuga á að fylgjast með, mun spila verk eftir Mozart á hátíðartónleikum Rótarýhreyfingarinnar í Salnum 8. janúar næstkomandi.

Tónleikarnir eru haldnir til að fagna nýju ári og eru jafnframt helgaðir Wolfgang Amadeusi Mozart í tilefni þess að á nýja árinu verða liðin 250 ár frá fæðingu þessa mikla snillings.

Tvennir tónleikar verða í Salnum sunnudaginn 8. janúar, þeir fyrri hefjast klukkan 16 en þeir síðari eru haldnir klukkan 20 og seldist strax upp á fyrri tónleikana.

Einnig koma fram á tónleikunum ung og glæsileg sópransöngkona, Margrét Sigurðardóttir, er hlotið hefur lofsamlega dóma, hinn góðkunni Blásarakvintett Reykjavíkur og Jónas Ingimundarson, píanóleikari og stjórnandi tónleikanna.

Víkingur H. Ólafsson hlaut í fyrra hin eftirsóttu tónlistarverðlaun Rótarý og hefur síðan stundað framhaldsnám í Bandaríkjunum. Tónlistarverðlaun Rótarý árið 2006 verða veitt á hátíðartónleikunum og mun hinn nýi verðlaunahafi bætast í hóp þeirra er þar flytja list sína.

## > Ekki missa af ...

... sýningu **Guðrúnar Veru Hjartardóttur**, Velkomin(n) í mannheima, og sýningunni **Aðföng Listasafns Reykjavíkur** 2002-2005, en báðum lýkur þeim í Hafnarhúsinu á morgun.

... sýningunni **Ný íslensk myndlist II** sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands.

... barokktónleikum í Fríkirkjunni annað kvöld þar sem tónlistarhópurinn **Reykjavík barokk** flytur barokktónlist frá Englandi.


ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er lokuð til 2. janúar. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn: www.opera.is
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum farsældar á nýju ári!

ÍSLENSKA ÓPERAN



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

**SALKA VALKA**
Su 8/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20
Fi 26/1 kl. 20

**WOYZECK**
Í kvöld kl. 21 UPPSELT Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20

**KALLI Á ÞAKINU**
Su 8/1 kl. 14 Su 15/1 kl. 14
Lau 21/1 kl. 14 Su 22/1 kl. 14

**CARMEN**
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Fö 20/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

Nýja svið/Litla svið

**MANNTAFL**
Su 8/1 kl. 20 Lau 14/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT

**BELGÍSKA KONGÓ**
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
EFTIR GARY OWEN.
Í SAMSTARFI VIÐ STEYPIBAÐSFÉLAGIÐ STÚT
Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Fö 13/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
4. sýn. í kvöld fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus, 9. sýn. sun. 8/1 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 12/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1, lau. 14/1.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Frumsýn. í kvöld fim. 29/12 uppselt**, fös. 30/12 **uppselt**, fös. 6/1, lau. 7/1 **kl. 17:00,** sun. 8/1, fös. 13/1, lau. 14/1, fös. 20/1, lau. 21/1.

LEIKHÚSKJALLARINN
**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**
Miðasala við inngangin. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.

*Gleðileg jól!*

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í sima 555 2222 og á midi.is



KRINGLU KRÁIN

Labbi í Mánum og Karma
föstudagskvöld

Leikhúsgestir munið glæsilega matseðilinn
www.kringlukrain.is sími 568 0878

**ATÓN ÆFIR SIG** Í gær voru félagar í Atón á æfingu fyrir tónleikana í Iðnó. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Við erum óð í ný verk

**Á morgun ætlar tónlistarhópurinn Atón að frumflytja fjögur ný verk á tónleikum í Iðnó. Í lokin ætlar hópurinn að sprella svolítið.**

„Við verðum með óvænt sprell í lokin á tónleikunum," segir Berglind María Tómasdóttir flautuleikari, sem kemur fram á tónleikum í Iðnó annað kvöld ásamt félögum sínum í Atón. Á undan sprellinu, sem engar upplýsingar fást um hvað felst í, ætlar hópurinn að frumflytja verk eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur, Guðmund Stein Gunnarsson, Ólaf Björn Ólafsson og Charles Ross.

„Þessi verk eru öll skrifuð fyrir okkur, nema reyndar verkið hans Charles, en hann er að skrifa annað verk fyrir okkur núna."

Hópinn skipa að þessu sinni, auk Berglindar, þau Ingólfur Vilhjálmsson á klarínett, Snorri Heimisson á fagott, Ingi Garðar Erlendsson á básúnu, Tinna Þorsteinsdóttir á píanó, Páll Ivan Pálsson á rafbassa, Ólafur Björn Ólafsson á slagverk og Áki Ásgeirsson á trompet og tölvur. „Samsetningin er alltaf aðeins breytileg," segir Áki. „Í þetta skiptið erum við með rafbassa og trommur, hljóðfæri sem eru meira notuð í rokktónlist, en það opnar ýmsa möguleika."

Næst kemur Atón fram á Myrkum músíkdögum, sem að venju verða haldnir í febrúar á nýju ári. „Þar frumflytjum við ennþá fleiri verk. Við erum óð í að frumflytja ný verk," segir Bergljót.

Allt frá upphafi hefur Atón haft það markmið að frumflytja ný tónverk. Hópurinn var stofnaður sumarið 1998 af nokkrum ungum tónlistarmönnum í tengslum við Hitt húsið. „Við fengum vinnu í eitt sumar við að spila á vegum borgarinnar. Í raun og veru vorum við einn af fyrstu skapandi sumarhópum Hins hússins, eins og þetta er kallað í dag." Hópurinn kom síðan saman á hverju sumri allt til ársins 2001 og hélt tónleika þar sem frumflutningur nýrra verka var jafnan uppistaðan í dagskránni. „Síðan fórum við í frí og gerðum ekkert 2002 og 2003," segir Áki, en árið 2004 var farið af stað aftur og síðan þá hefur starfsemin vaxið og eflst. Tónleikahald er ekki lengur bundið við sumartímann, og nú er utanlandsferð á dagskránni. Í apríl verður haldið til Kaliforníu þar sem leikið verður á alls oddi,

Árið 2004 hlaut Atón tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem bjartasta vonin. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER
26 27 28 **29** 30 31 1

### Fimmtudagur

**TÓNLEIKAR**

☐ 17.00 **Bubbi Morthens, Sálin hans Jóns míns, Jónsi, Skítamórall, Nylon, Heiða, Hildur Vala, Heitar lummur, Paparnir** og fleiri tónlistarmenn koma fram á tónleikum til styrktar Styrktarfélagi krabbameinsjukra barna í Háskólabíói.

☐ 21.00 Styrktartónleikar fyrir fórnalömb jarðskjálftans í **Pakistan** verða haldnir í Austurbæ í samstarfi við Kópavogsdeild Rauða krossins. Fram koma **Jagúar, Milljónamæringarnir** ásamt **Bogomil Font** og **Páli Óskari, Ragnheiður Gröndal, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson, Dúndurfréttir, Cynic Guru, Helgi Rafn** ásamt **Twisted Reality Show, Brynhildur Guðjónsdóttir, Shadow Parade, Pétur Ben, Myst, Leaves** og **Jón Ólafsson**.

☐ 21.00 **Pétur Ben, Karl Henry, Beggi, Haukur Heiðar, Bob Justman, Kristur** og **Svavar Knútur** koma fram á tónleikum á Gauki á Stöng til þess að heiðra minningu Elliotts Smith.

☐ 23.00 **Brylli** (Brynjar Jóhannsson) heldur tónleika ásamt hljómsveit á Dillon.

**LISTAHÁTÍÐ**

☐ 20.00 **Eldhús eftir máli**, leikverk **Völu Þórsdóttur**, sem hún hefur unnið upp úr smásögum **Svövu Jakobsdóttur**, verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í leikstjórn **Ágústu Skúladóttur**.

**TÓNLIST**

☐ 22.00 **Helgi og hljóðfæraleikararnir** ætla að halda tónleika í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**FULLTRÚI ÍSLANDS** Í gær var skýrt frá því hvaða íslenska leikskáld verður tilnefnt fyrir Íslands hönd til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Jón Atli tilnefndur

Jón Atli Jónasson hefur verið tilnefndur fyrir Íslands hönd til Norrænu leikskáldaverðlaunanna 2006. Tilnefninguna hlýtur Jón Atli fyrir leikrit sitt Brim, sem gerist um borð í litlu fiskiskipi. Það er Leiklistarsamband Íslands sem stendur að tilnefningunni af Íslands hálfu.

„Leikritið BRIM stendur föstum fótum í séríslenskum veruleika um leið og það bregður upp sammannlegri mynd af hlutskipti manneskjunnar hvar sem er og hvenær sem er," segir í rökstuðningi dómnefndar, sem skipuð var þeim Sveinbirni I. Baldvinssyni leikskáldi, Steinunni Knútsdóttur leikstjóra og Silju Aðalsteinsdóttur bókmenntafræðingi.

„Án þess að segja nokkurn tíma of mikið, eða hlaða að óþörfu undir blóðhráan textann með nærtækum leikhúsmeðölum, fær sjaldgæfur slagkraftur einlægninnar og meðlíðaninnar með manneskjunni í heiminum að njóta sín, kraumandi heitur og nístandi kaldur."

Til Norrænu leikskáldaverðlaunanna var stofnað af Norræna leiklistarsambandinu og voru þau veitt í fyrsta sinn 1992 þegar norrænir leiklistardagar voru haldnir á Íslandi. Þá hlaut verðlaunin Hrafnhildur Hagalín þau fyrir leikrit sitt Ég er meistarinn. Þau hafa ekki hlotnast íslensku leikskáldi síðan. Verðlaunin hafa verið veitt á tveggja ára fresti, þegar Norrænir leiklistardagar eru haldnir til skiptis á Norðurlöndunum. Norrænu leikskáldaverðlaunin verða veitt á Norrænum leiklistardögum sem haldnir verða um mánaðamótin júlí/ágúst á næsta ári.

Leikfélagið Vesturport frumsýndi Brim í Vestmannaeyjum fyrir nærri tveimur árum, í febrúar árið 2004. Verkið hefur síðan verið sýnt víða um land og hópurinn hefur farið með það í sýningarferðir út fyrir landsteinana. Verkið hlaut Grímuna sem besta leikrit ársins árið 2004. ■

Heineken®
DJAMMIÐ UM HELGINA:
- breakbeat.is -
GAUKUR Á STÖNG
GAMLÁRSKVÖLD
MARCUS INTALEX
Soul:R - Revolve:R - Metalheadz - Manchester UK
KALLI - LELLI - EWOK
breakbeat.is
Kjallari:
OZY & EARL MONDEYANO
Forsala aðgöngumiða fer fram
í Þrumunni, Laugavegi 69
Aldurstakmark: Fædd 1986 og eldri
Húsið opnar kl. 00.45
- breakbeat.is -
MEIRA UM DJAMMIÐ Á
Heineken.is




**Klassíski Listdansskólinn býður nú í fyrsta sinn á Íslandi 2 ára heilstætt nám í nútíma listdansi.**

Námið er þróað í nánu samstarfi við kennara sem starfa við **Laban** School of Dancing í London. Þeir nemendur sem ljúka nútíma listdansnáminu geta vænst þess að eiga greiðari leið til framhaldsnáms á háskólastigi.

Nútíma listdansnámið skiptist í fjórar 15 vikna annir. Kennd verður klassísk ballettækni, danstækni í nútímadansi, listdanssaga, danssmíðar og sviðstækni.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.ballet.is**

*Hvatning - Metnaður - Árangur*

KLASSÍSKI
LISTDANSSKÓLINN

Álfabakka 14a og Grensásvegi 14 - Sími 587 9030 - www.ballet.is

**Ekki gleyma**
*...að borða hollan mat á nýju ári eftir allar hátíðarlystisemdirnar.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON

## Nýsteiktir froskar á páskadag

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** „Ég held ég verði að segja mjólkurmatar í þessu tilliti. Hann bara kemur svo víða við."

**Hver er besta máltíð sem þú hefur fengið?** „Flatbrauð með hangikjöti og malt eftir göngu á Gölt, sem er fjall staðsett vestur á fjörðum, eða nánar tiltekið við Súgandafjörð, árið 1981. Hún er allavega sú máltíð sem er hvað mest lifandi í minningunni."

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** „Já, kæst skata er ómeti en annars þyki ég ósmekklega frjálslyndur í matarmálum.

**Hvað leynist í eldhússkápunum?** Þar finnst gjarnan appelsínusafi og skyr. Þar gætir þú örugglega einnig komið auga á nokkrar tegundir osta.

**Hvað borðar þú til þess að láta þér líða betur?** „Hnetur. Ég er einstaklega sólginn í hnetur, sérstaklega eftir að ég komst að því að þær eru svona hollar.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** „Ég á alltaf til lýsi í mínum skáp. Það klikkar aldrei."

**Ef þú yrðar fastur á eyðieyju, hvaða mat myndir þú taka með þér?** „Ég myndi hiklaust taka með mér indverskt take-away.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** „Það mun vera þegar við fórum til Kína um árið. Þar borðuðum við það skrýtinn mat oftar en einu sinni að við þorðum ekki að spyrja hvað þetta var. Ennfremur þorðum við ekki að hugsa um hvað þetta ómeti var og höfum reynt að bægja þeim hugsunum frá okkur núna samfellt í nítján ár.

MARTINI ASTI:

## Eitt mest selda freyðivínið

Tappinn flýgur úr flöskunni. Skál! Það er fátt hátíðlegra. Freyðivínið frá Martini Asti hentar einstaklega vel til að skála inn nýja árið. Martini-vínfyrirtækið var stofnað árið 1847 og má merkilegt teljast að þeir eiga engar vínekrur. Í stað þess að stýra fjölda ekra af landi með kaldri iðnvæddri hugsun, kaus Martini að koma sér upp sterku sambandi við bændur og einbeita sér að því að framleiða vín í heimsklassa. Martini Asti er millisætt freyðivín og hefur frábært jafnvægi milli sykurs og sýru, sem gerir það ferskt og ávaxtaríkt. Áramótavín fyrir alla!

*Verð í vínbúðum 790 kr.*

JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON SÖNGVARI

## Ný sýn á matargerð

„Uppáhaldsmaturinn minn er auðvitað nautalundir. Það er ekki spurning um það. En ef við erum að tala um svona hversdagsmat þá eru það helst ýmiss konar pastaréttir," segir óperusöngvarinn og matmaðurinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Spurður um hvort hann eldi oft segir Jóhann að hann geri töluvert af því. „Það er þá einna helst spagetti með alls konar sósum. Þá er tagliatelle einnig mjög vinsælt hjá mér og öðrum fjölskyldumeðlimum. Svo gerir maður hina og þessa rétti þegar þannig liggur á manni.,"

Jóhann segist hafa byrjað að elda töluvert þegar hann var úti í námi á Ítalíu. „Þegar ég fór til Ítalíu til náms opnuðust augu mín svolítið fyrir eldamennskunni. Þar sá ég hvað það var í raun einfalt að búa til góðan mat. Mér finnst ítalskur matur alveg afbragðs góður og þeir byggja allt upp á miklum einfaldleika í sinni matargerð. Þegar ég komst að raun um þetta fór ég mikið að þreifa mig áfram í eldamennskunni. Maður fór að kynnast hinum ýmsu hráefnum betur, eins og grænmetinu. Það opnaði svolítið nýja sýn hjá mér."

Að sögn Jóhanns er alveg nauðsynlegt að eiga ákveðna hluti þegar matur er framreiddur. „Á mínu heimili er alltaf til salat og tómatar. Ef ég er að gera ítalska rétti þá verð ég að hafa peperoncino. Það er krydd sem ég hef ekki séð hérna á Íslandi. Þetta er krydd með svolítið sterkum keim en samt þannig að þeir sem kunna ekki að meta sterkt geta samt notið þess. Ég kaupi þetta alltaf þegar ég fer til Ítalíu. Þetta krydd er æðislega gott. Svo er auðvitað nauðsynlegt að vera með ferskt hráefni. Þá er ólívuolían einnig bráðnauðsynleg," segir hann að lokum.

EFTIRFARANDI ER DÆMIGERÐ UPPSKRIFT FRÁ MÉR FYRIR CA. 4 PERS.

Mikið af ólífuolíu, extra virgin, látið á pönnu.
Sett út í olíuna:
1-2 teningar af kjötkrafti.
Salt og pipar - slatti.
Origano og basilico krydd.
(Peperoncino-krydd ef það fæst)
1 dós tómat-puré.
Látið sjóða saman, svo sett út í:
2-3 stórir laukar, skornir smátt
Heill hvítlaukur, skorinn smátt eða pressaður.

Því næst:
Ósæt tómatsósa (t.d. frá Hunt's - sauce) 2 dósir
Tómatmauk (t.d. frá Hunt's, stewed) 1 dós

Að lokum getur maður sett t.d.
niðurskorið kjöt (t.d. nautkjötsafganga) eða
skorið niður í bita danska skinku úr dós nú eða
sett túnfisk út í.

500 gr. tagliatelle
Vatnið látið sjóða, saltað með grófu salti og smá slettur af extra virgin ólífuolíu ofaní.
Tagliatelle sett ofan í sjóðandi vatnið og látið sjóða í 7-8 mín., (al dente).
Borið fram með nýju snittubrauði og ferskum parmesan osti.



BERONIA:

## Vín mánaðarins og fékk Gyllta glasið

Beronia Tempranillo er ný útfærsla af víni frá Rioja. Vínið hefur hlotið góðar viðtökur hér á landi. Má nefna að það var valið vín mánaðarins í Gestgjafanum í janúar og var eitt af tíu vínum sem fékk viðurkenninguna Gyllta glasið hjá Vínþjónasamtökum Íslands. Það er aðferðin sem notuð er sem gerir þetta vín að allt öðru víni en hin klassísku Rioja-vín. Beronia Tempranillo er látið gerjast í eikartunnum sem veitir þessu víni sín sérkenni. Það hefur djúpan dökkrauðan lit, opinn ilm þar sem ávextir, vanilla, kaffi og súkkulaði blandast saman. Þetta er gríðarlega bragðmikið vín, langt, með mikinn friskan unglegan ávöxt.

Þorri Hringson hjá Gestgjafanum sagði í umsögn sinni um vínið að: „Þeir sem drukku vín frá Rioja fyrir 5 til 10 árum en sneru sér svo að vínum frá Nýja-heiminum ættu að prófa þetta vín." Steingrímur Sigurgeirsson gaf því 19/20 í Mbl. „Hreint og beint snilldarverk," segir Smakkarinn.is, „og verðið er hlægilegt miðað við gæði." Flauelsmjúkt, bragðið öflugt, sæt tannín, berjaávextir, kaffi, reykur! En umfram allt einkennist vínið af mýkt og gæðum. Frábær kaup!

*Verð í vínbúðum 1.390 kr.*

# Flugeldasýning á Vínbarnum

Það má með sanni segja að hátíðarstemning ríki á Vínbarnum næstu daga. Tappar munu fljúga úr freyði- og kampavínsflöskum og gestir geta smakkað á vínum frá heimsþekktum framleiðendum. Má þar nefna Mumm, Perrier Jouet, Codorniu og Jacob's Creek. Áramótin eru tími freyðandi vína og flugelda og tilvalið að koma við á Vínbarnum og fá sér freyðandi eðalvín. Sérstök tilboð verða í gangi.

**Mumm Cordon Rouge Brut**
Þetta er Formúlu 1 kampavínið fræga. Því ekki að upplifa sömu stemningu og frægir ökuþórar og fagna nýju ári með stæl? Mumm Cordon Rouge var fyrst kynnt 1875 með hinum áberandi rauða borða frönsku heiðursorðunnar og er eitt af vinsælustu kampavínum heims.
*Verð í Vínbúðum 2.850 kr.*

**Codorniu Semi Seco**
Fyrirtaks freyðivín fyrir þá sem vilja smá sætu. Eitt vinsælasta freyðivínið á síðasta ári. Það hefur ríkan ávaxtailm og bragð sem minnir á epli og ristað brauð. Opið og gott vín sem hentar við öll tækifæri. Magnað vín fyrir lítinn pening.
*Verð í Vínbúðum 990 kr.*

**Jacob´s Creek Chardonnay-Pinot Noir Brut**
Freyðivín frá Ástralíu sem er hlaðið verðlaunum og óhætt er að mæla með. Framleitt samkvæmt hefðbundnu kampavínsaðferðinni en má auðvitað ekki heita kampavín frekar en önnur freyðivín sem framleidd eru utan Champagne-héraðs. Nefna má að boðið hefur verið upp á það á Saga Buisness Class í vélum Icelandair undanfarin misseri.
*Verð í Vínbúðum 1.130 kr.*

## VEITINGASTAÐURINN
## ENRICO'S LAUGAVEGI 3

**Stemningin:** Vert er að minnast á húsið sem hýsir staðinn þar sem það er mjög flott að utan. Staðurinn sjálfur er mjög ljós og það er létt yfir manni þegar maður gengur þar inn. Það er eins og allt stress hreinlega hverfi eins og dögg fyrir sólu við innkomuna. Það má því segja að umhverfið sé mjög afslappað. Barinn gefur staðnum einnig skemmtilegt yfirbragð þar sem hvítu og ljósbrúnu litirnir fá að njóta sín vel. Allt þetta gerir staðinn að nokkurs konar blöndu margra áhrifa. Hægt er að sjá ákveðna Miðjarðarhafsstemningu en jafnframt er margt mjög íslenskt við hann.

**Matseðill:** Matseðillinn er mjög blandaður. Hægt er að fá nokkra fisk- og kjötrétti og einnig er boðið upp á pasta. Einnig eru svokallaðir klassískir réttir á boðstólnum. Þá er einnig hægt að fá salat ef svo ber undir. Einnig býður staðurinn leikhúsgestum upp á þriggja rétta máltíð sem eru súpa, lamb og brulée. Þetta eru svona hálfgerðir hraðréttir sem henta fyrir þá sem vilja fara út að borða fyrir leikhúsið en samt njóta gæðamatar.

**Vinsælast:** Lambasteikin er vinsælust á Enrico's. Vöðvinn er glóðarsteiktur og borinn fram með piparrótarrjóma. Svo eru pastaréttirnir einnig mjög vinsælir. Þar má nefna tagliatelle með humar, hörpuskel, sveppum og kóríandersósu svo eitthvað sé nefnt.

**Réttur dagsins:** Það er ávallt boðið upp á rétt dagsins í hádeginu og það er mismunandi eftir dögum hvað boðið er upp á. Það rokkar frá fiskréttum til pastarétta og allt þar á milli.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
visir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

*Look, why don't we just the cut the shit here? We both know why I was transferred. People think I'm crazy, in which case, I'm fucked and nobody wants to work with me. Or they think I'm faking to draw a psycho pension, in which case, I'm fucked and nobody wants to work with me. Basically, I'm fucked.*

Martin Riggs útskýrir fyrir Roger Murtaugh af hverju hann sé ekki með neinn félaga í Lethal Weapon.

# bíó

bio@frettabladid.is

## Vinkonan sló í gegn

Árið sem nú er að líða hefur ekki verið auðvelt fyrir Jennifer Aniston. Í janúar á þessu ári sótti hún um skilnað frá eiginmanni sínum Brad Pitt og þurfti síðan að þola stöðugt áreiti frá fjölmiðlum á meðan Pitt lá ástfanginn í örmum Angelinu Jolie.
Leiklistin er Aniston í blóð borin. Faðir hennar, John Aniston, lék lengi í sápuóperunni Days of Our Lives. Móðir hennar, Nancy Dow, reyndi einnig fyrir sér í leiklistinni með misjöfnum árangri en einbeitti sér að uppeldi barnanna sinna eftir að hún skildi við eiginmann sinn. Jennifer var staðráðin í að gera leiklistina að lifibrauði sínu en það gekk hvorki né rak á upphafsárum hennar. Hún fékk smáhlutverk í sjónvarpsþáttum og tók þátt í leiksýningum. Árið 1993 var ferillinn kominn í þrot en þá kom upp í hendurnar á henni prufuþáttur sem bar heitið Friends Like These. Aniston var boðið að prófa sig á hlutverki Monicu Geller en harðneitaði og sagðist frekar vilja fá hlutverk stroku-prinsessunnar Rachel Green. Framleiðendurnir féllust á þessa bón hennar og það þarf varla að hafa fleiri orð um framhaldið. Þættirnir fengu nafnið Friends og eru meðal vinsælustu sjónvarpsþátta sem framleiddir hafa verið. Aniston hafði alltaf í hyggju að reyna fyrir sér á hvíta tjaldinu og hefur náð ágætis árangri á því sviði. Henni hefur í það minnsta tekist betur upp en hinum í Vinunum sem vel flestir hafa þurft að sætta sig við hlutverk í b-myndum. Hún stofnaði kvikmyndafyrirtæki ásamt Brad Pitt og hefur verið að færa út kvíarnar í framleiðslu á kvikmyndum. Þau eiga það enn sameiginlegt þrátt fyrir skilnaðinnn fræga.
Næst kom Aniston fram í kvikmyndum á borð við Derailed þar sem hún lék á móti Clive Owen að ógleymdri kvikmyndinni The Break Up þar sem núverandi kærasti hennar, Vince Vaughn, leikur stórt hlutverk.

JENNIFER ANISTON

### > Ekki missa af...

Ice Harvest með þeim John Cusack og Billy Bob Thornton. Fínasta film noir-skemmtun um tvo hrappa sem halda að þeir komist upp með að ræna frá glæpaforingja. Skemmtileg flétta með góðum leikurum og athyglisverðum endi. Fyrir þá sem nenna ekki að sjá ævintýramyndir eða íslenskar kvikmyndir.

**COSTNER OG ANISTON** Það verður uppi fótur og fit þegar upp kemst að Huttinger-fjölskyldan er hugsanlega fyrirmyndin að The Graduate.

## Þar sem er reykur...

Þegar litið er yfir „kreditlista" kvikmyndarinnar Rumor Has It... er ljóst að hér hefur öllu verið tjaldað til. Rob Reiner í leikstjórastólnum og Jennifer Aniston, Kevin Costner og Shirley MacLaine í aðalhlutverkum. Þar að auki eru George Clooney og Steven Soderbergh meðal framleiðenda.

Sarah Huttinger stendur á tímamótum í lífi sínu. Kærastinn hennar Jeff veður eld og brennistein fyrir hana og Sarah hefur nýlega tekið bónorði hans. Á leiðinni í brúðkaup systur sinnar gerir Sarah sér grein fyrir því að hún hefur alltaf verið utanveltu í fjölskyldu sinni, sem elskar tennis og býr í Pasadena. Faðir hennar hefur aldrei getað skilið Söruh og eftir andlát móðurinnar hafa feðginin fjarlægst hvort annað. Sarah sér því fram á að amman, Katherine, verði eini ljósi punkturinn í þessari veislu enda er hún feiknalegur stuðbolti.

Það er þó varla búið að opna kampavínið þegar sú gamla missir út úr sér leyndarmál sem hún hafði lofað að taka með sér í gröfina. Í ljós kemur að mamma Söruh var ekki öll sem hún var séð og það sé hugsanlegt að pabbi Söruh eigi ekki heiðurinn af getnaði hennar. Eftir því sem Sarah grefur dýpra kemst hún í raun um að hugsanlega sé fjölskylda hennar fyrirmyndin að bókinni The Graduate þar sem ungur drengur er dreginn á tálar af sér eldri konu en er ástfangin af dóttur hennar. Þetta veldur auðvitað Söruh miklum sálarkvölum og hún ákveður að leita þennan unga mann uppi.

# Ævintýri að hætti Gilliam

**Kvikmyndaleikstjórinn Terry Gilliam verður seint sakaður um að fara troðnar slóðir í kvikmyndagerð sinni. Hann hefur núna búið til ævintýri um Grimm-bræðurna frægu sem ferðuðust um og söfnuðu þjóðsögum.**

Jakob og Will eru svikahrappar í Frakklandi. Þeir ljúga því til að þeir geti ráðið niðurlögum illra álaga, stokkið nornum á braut eða látið skrímsli hverfa. Grimm- bræðurnir auðgast á hjátrú heimskra manna...eða svo telja þeir.

Á sama tíma og stjórnvöld komast á snoðir um óheillindi þeirra eru Jakob og Will fengnir í lítinn sveitabæ þar sem ungar stúlkur hafa horfið sporlaust að undanförnu. Að sjálfsögðu telja bræðurnir að hér sé ekki um neina töfra að ræða en þegar þeir fara grenslast fyrir uppgötva þeir að ekki er allt sem sýnist. Ævintýrum á borð við Rauðhettu, Öskubusku og Hans og Grétu er síðan blandað inn í söguþráðinn þannig að úr verður sannkallaður töfraheimur að hætti Gilliam.

Það eru Matt Damon og Heath Ledger sem leika svikabræðurna. Damon vakti fyrst athygli fyrir handrit sitt að myndinni Good Will Hunting sem hann samdi ásamt fóstbróður sínum Ben Affleck. Síðan hefur hlutskipti þeirra tveggja verið heldur ólíkt. Damon hefur tekist að halda sér á toppnum á meðan ferill Affleck hefur verið á hægri en öruggri niðurleið. Heath Ledger er á hvers manns vörum í Hollywood um þessar mundir og er það ekki síst velgengni Brokeback Mountain að þakka. Þar leikur Ledger samkynhneigðan kúreka á móti Jake Gyllenhal en myndin var tilnefnd til sjö Golden Globe-verðlauna á dögunum. Þessi ástralski leikari skaust upp á stjörnuhimininn þegar hann fékk hlutverk sonarins í The Patriot á móti landa sínum Mel Gibson.

Leikstjórinn Terry Gilliam verður að teljast stórstjarnan í kvikmyndinni um Grimm-bræðrurna. Gilliam var eini bandaríski meðlimur Monty Python-flokksins og hefur yfirleitt verið utangarðs í kvikmyndageiranum. Myndir hans hafa þó notið mikillla vinsælda enda hrífast margir af ótrúlegu hugmyndaflugi hans og sérkennilegum stíl. Gilliam hefur misstigið sig nokkrum sinnum á ferli sínum en á að baki tímalausa snilld á borð við The Fisher King og Twelve Monkeys að ógleymdum kvikmyndunum Brazil, Time Bandits og Monty Python and the Holy Grail.

freyrgigja@frettabladid.is

**GRIMM-BRÆÐURNIR** Jakob og Will eru svikahrappar af guðs náð en þegar þeir komast í kynni við alvöru galdra og álög eiga þeir úr vöndu að ráða.

SONY

# Áramóta bomban!

**Heildarpakkinn!**
**28.325 kr.**
**á mánuði* í 12 mánuði**
eða 339.900 krónur staðgreitt.

Listaverð 389.900 krónur

**KLVS40A10**
**SONY 40"LCD SJÓNVARP**

- 40" LCD sjónvarp
- 1366 x 768 pixel upplausn
- High Definition ready
- HDMI tengi, PC tengi
- Component tengi
- 2x Scart

**Verð áður**
**319.950 krónur**

HD ready

## Framtíðin er NÚNA!
## ...vertu með.




**DAVDZ500F**
**SONY HEIMABÍÓ M/DVD**

- S-Master Digital Magnari
- 1000 Wött (5x143W +285W)
- Útvarp FM/AM RDS
- Fjölkerfa
- Spilar VCD/S-VCD/MP3/JPEG/Divx
- Dolby Digital, DTS og PLII
- Pal Progressive Scan
- Fjarstýring

**Verð áður**
**69.950 krónur**

BaseCamp

**Flugeldapakkinn Trausti fylgir öllum LCD sjónvörpum til áramóta**

like.no.other™

## Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Spjallþáttastjórnandinn Oprah Winfrey komst heldur betur í hann krappan á þriðjudag. Var hún á leið frá Los Angeles til Chicago ásamt heitmanni sínum þegar brestur kom í rúðu á einkaþotu hennar rétt eftir flugtak. Varð flugmaðurinn að snúa vélinni við og lenda aftur í Los Angeles vegna þessa. Sluppu allir í vélinni við meiðsli. Grunur lék á að fugl hefði flogið á glugga vélarinnar en sá möguleiki var útilokaður seinna meir. Grunur leikur á að um þreytu í glerinu hafi verið að ræða.

Leikkonan Tori Spelling, sem gerði garðinn frægan í þáttunum Beverly Hills 90210, hefur nú gengið upp að altarinu. Hinn heppni er leikarinn Dean McDermott. Hittust þau við tökur á kvikmynd sem þau léku bæði í Toronto í Kanada. „Við erum svo hamingjusöm og ástfangin" sagði húnn í sjöunda himni. Fyrir utan leik sinn í þáttaröðunum um unglingana í Beverly Hills er Spelling þekktust fyrir að vera dóttir kvikmyndaframleiðandans forríka, Aarons Spelling.

Leikkonan ástralska, Nicole Kidman, varði, að sögn, jólunum hjá kærastanum sínum, sveitasöngvaranum Keith Urban, og fjölskyldu hans í Nashville. Þessi 38 ára leikkona kyndir því undir þær sögusagnir að samband þeirra sé alvarlegra en þau vilja vera láta. Parið hittist fyrst í janúar síðastliðnum í galakvöldverði í Los Angeles þar sem þekktir Ástralar voru verðlaunaðir. Hafa þau verið saman æ síðan.

# Örlygsstaðabardagi á áramótum

Flugeldasölur landsins opnuðu í gær eins og ráða mátti af háum hvellum víða um bæ. ***Bergsteinn Sigurðsson*** kannaði hvað er efst á baugi í vopnabúrum björgunarsveitanna þetta árið.

Það var rólegt um að litast á flugeldasölum borgarinnar í dag, enda rétt verið að opna. „Þetta byrjar alltaf rólega og eykst svo jafnt og þétt þegar nær dregur gamlársdegi," segir Dagbjartur Brynjarsson hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar."

Flugeldarnir sem björgunarsveitir landsins selja eru hannaðar fyrir íslenskan markað og er innblástur fyrir nafngiftirnar sóttur í íslensku fornsögurnar. „Flugeldaúrvalið köllum við vopnabúrið," segir Bragi Björnsson, flugeldasérfræðingur Hjálparsveitar skáta. „Þar er lásboginn stærstur og mestur. Hann er eins og tívolíbomba, falleg stjarna sem springur með miklum látum og litadýrð. Hnífurinn lika vinsæll, þrískipt og skemmtileg raketta en svo kaupa menn líka atgeir, spjót og sverð."

Stærstu skotkökurnar eru kallaðar *bardagar*. Þeirra stærstir eru Ingólfsbardagi og Örlygsstaðabardagi. Bardagarnir eru eins mismundandi og þeir eru margir; sumir leggja meiri áherslu á litadýrð en aðrir á hávaða. „Þetta er í rauninni bara lítil flugeldasýning," segir Dagbjartur. „Enda hafa terturnar slegið í gegn og rjúka út hjá okkur." Sömu sögu er að segja af skotkökunum sem bera nöfn fornkappanna, til dæmis Grettir og Gunnar á Hlíðarenda og segir Bragi að það færist sífellt í aukana að fjölskyldur og nágrannar taki sig saman og leggi í púkk fyrir veglegri flugeldaveislu.

Bragi segir að karlar og konur leiti yfirleitt ekki eftir því sama í flugeldum. „Konur hafa meira gaman af litadýrð en karlarnir eru fyrir hávaða. Í ár bjóðum við upp á tertu sem á að höfða til kvenna og við köllum Þórunni hyrnu. Hún er hjartalaga og skartar mörgum litum." Braga finnst það góður siður að vísa til fornsagnanna í nafngiftum flugeldanna. „Það myndast skemmtileg stemning. Fólk kemur ár eftir ár og biður um Guðríði eða Gretti. Það er líka auðveldara að muna nöfnin á flugeldunum með þessu móti."

Það er jákvæð þróun, að mati Sigrúnar A. Þorsteinsdóttur sviðsstjóra slysavarnasviðs Landsbjargar, að skotkökurnar verða sífellt vinsælli. „Gegnumgangandi eru þær öruggari en flugeldarnir svo lengi sem fólk fer eftir leiðbeiningum. Það er meiri hætta á að flugeldur fari á hliðina og skjótist í átt að fólki en skotkaka, en það verður að gæta þess að undirlagið sé slétt." Sigrún segir að reyndar valdi skotkökur oft slysum en það stafi oftar en ekki af fikti. „Það er vinsælt meðal unglinga að rífa þær í sundur og safna púðrinu saman í öfluga sprengju og af því hafa orðið ljót slys. En sé leiðbeiningum fylgt og fólk sýnir aðgát eru kökurnar að jafnaði öruggari en flugeldarnir. ■

**ÁRIÐ SPRENGT Í BURTU** Það er gott, að mati Sigrúnar Þorsteinsdóttur, að skotkökurnar sækja í sig veðrið því þær eru öruggari en flugeldarnir.

**BRAGI BJÖRNSSON** Segir nokkurn mun á þeim flugeldum sem höfða til karla og kvenna.
FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI


# STÓR HUMAR

**aðeins 3900 kr/kg.**

# GLÆNÝ ÝSUFLÖK
# LÚÐUSNEIÐAR,
# LÚÐUFLÖK
# TÚNFISKUR OG LAX.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

**PETE DOHERTY** Vandræðagemlingurinn breski ætlar að taka til í einkalífi sínu á næsta ári.

# Doherty vill bæta sig

Pete Doherty, söngvari Babyshambles, ætlar að taka til í einkalífi sínu á næsta ári og vinna aftur ástir ofurfyrirsætunnar Kate Moss. Moss hætti með Doherty fyrr á árinu vegna eiturlyfjavanda hans.

Þetta kemur fram í viðtali sem breska ríkisútvarpið, BBC, tók við hann á dögunum. Doherty segist ætla að snúa lífi sínu til betri vegar með hjálp tónlistarinnar. Ætlar hann ekki að sóa góðum tækifærum í lífinu á sama hátt og George heitinn Best. „George Best var frægur fyrir fótboltahæfileika sína en lenti síðan í algjöru rugli. Hjá mér verður þetta akkúrat öfugt," segir Doherty.

Doherty hefur ekki í hyggju að segja fjölmiðlum nánar frá sambandi sínu og Moss. Hefur hann þegar eytt ástarbréfum sínum til hennar svo þau komist ekki í rangar hendur einhvern daginn. Einnig óttast hann að dagbækur hans lendi í röngum höndum en hann hefur enn ekki viljað eyðileggja þær.

# Bæði tilhlökkun og kvíði hjá Rowling

J. K. Rowling, höfundur bókanna um galdrastrákinn Harry Potter, hefur sagt að hún bæði kvíði og hlakki til þess að skrifa sjöundu og síðustu bókina í bókaflokknum um Potter. „Eftirvæntingin kemur af því að ég get varla beðið eftir því að byrja á bókinni og segja frá seinasta hluta sögunnar um Harry og þar með svara öllum þeim spurningum sem hafa brunnið á vörum aðdáenda bókanna. Kvíðinn kemur auðvitað vegna þess að eftir þessa bók verður sögunni um Harry lokið og ég get eiginlega ekki ímyndað mér lífið án hans."

Rowling hefur undanfarnar vikur verið að fínstilla beinagrindina fyrir seinustu söguna sem hún mun byrja að skrifa í janúar næstkomandi. „Að lesa í gegnum beinagrindina er eins og að skoða kort af ókunnu landi sem maður er um það bil að ferðast til. Það koma ávallt kaflar sem eru erfiðari en aðrir og maður heldur að maður geti ekki komist lengra í skrifunum. En að lokum rambar maður alltaf á einhverja lausn."

Seinasta bókin um Harry Potter kom út í júlí á þessu ári og varð strax metsölubók um allan heim. Þrátt fyrir að ekki sé enn ljóst hvenær seinasta bókin verður gefin út er ljóst að útgáfa hennar verður vafalítið einn mesti bókmenntaviðburður allra tíma. Spurð um hvenær von sé á seinustu bókinni, svarar hún því í engu. „Þolinmæði þrautir vinnur allar, vinir mínir." ■

**J.K. ROWLING** Ekki er enn ljóst hvenær seinasta bókin verður gefin út en ljóst er að útgáfa hennar verður vafalítið einn mesti bókmenntaviðburður allra tíma.


Þetta er Invita

25 ára afmælistilboð

20" LCD
flatskjársjónvarp

**Áramótaskaupið á eldhúsflatskjánum**

Gerum okkur glaðan dag og meðan birgðir endast
**gefum við 20" Toshiba LCD flatskjái** með Invita eldhúsinnréttingum.

Á www.invita.com sérðu enn fleiri innréttingalausnir.

INVITA®
- persónulega eldhúsið

Eldaskálinn | Brautarholti 3 | 105 Reykjavík
sími: 562 1420 | eldaskalinn@eldaskalinn.is | www.invita.com



# Pink Floyd besta rokksveitin

Hljómsveitin Pink Floyd hefur verið kjörin besta rokksveit allra tíma. Var hún ein fjögurra breskra sveita sem komust á topp fimm í könnuninni, sem var gerð af bresku útvarpsstöðinni Planet Rock.

Led Zeppelin lenti í öðru sæti og The Rolling Stones í því þriðja. The Who kom þar á eftir og áströlsku rokkararnir í AC/DC lentu í því fimmta.

Pink Floyd er þekktust fyrir plöturnar Dark Side of the Moon og The Wall. Sveitin kom saman á Live 8 í sumar í fyrsta sinn í langan tíma með upphaflegum meðlimum. Hyggur hún á frekara samstarf á næstunni.

**DAVE GILMOUR** Gilmour og félagar í Pink Floyd eru í efsta sæti í nýrri breskri skoðanakönnun.

**Tíu bestu rokksveitirnar:**
1. Pink Floyd
2. Led Zeppelin
3. The Rolling Stones
4. The Who
5. AC/DC
6. U2
7. Guns N´ Roses
8. Nirvana
9. Bon Jovi
10. Jimi Hendrix

# Tvöföld plata frá Red Hot

**RED HOT CHILI PEPPERS** Tvöföld plata er á leiðinni í apríl á næsta ári.

Bandaríska hljómsveitin Red Hot Chili Peppers gefur út tvöfalda plötu í apríl á næsta ári sem hefur fengið nafnið Stadium Arcadium. Sveitin hefur tekið upp 25 ný lög fyrir plötuna, þar á meðal Charlie, Discretion Smile og Hard to Concentrate. Samhliða útgáfu plötunnar ætlar Red Hot Chili Peppers í umfangsmikið tónleikaferðalag um heiminn. Síðasta plata sveitarinnar, By the Way, kom út sumarið 2002.

**PETE DOHERTY** „Ástæðurnar fyrir því að Kate Moss hætti með mér eru tvær; ég gat ekki keypt demantshringa og hafði þar að auki of lítið undir mér.“ Svo mörg voru þau orð hjá dóphausnum Doherty, sem kaus fíkniefni fram yfir ofurfyrirsætuna.

**PARIS HILTON** „Ég kemst næst því að vera aðalsborinn Bandaríkjamaður.“ Það er greinilegt að stúlkan veit hversu mikill munur er á Jóni og séra Jóni þar vestra.

**JESSICA SIMPSON** „Ég hef þjálfað líkama minn af mikilli hörku til að gefa eiginmanni mínum eitthvað gott. Þetta er gjöf sem lifir,“ en hún dó ansi snögglega þegar hún skildi við Nick Lachey seint á þessu ári.

# Hvað sögðu þau á árinu?

Stjörnurnar á síðum slúðurblaðanna eiga það oft til að segja ýmislegt sem í fyllingu tímans hljómar hálf asnalega. Breska sjónvarpsstöðin Sky tók sig til og valdi nokkur ummæli sem þóttu hvað eftirminnilegust á árinu sem nú er að renna sitt skeið.

**LIAM GALLAGHER** „Ég er ljúfur, ástríkur og fallegur náungi sem lemur ljósmyndara öðru hvoru.“ Getur kona óskað sér einhvers meira?

**KATIE HOLMES** „Ég horfi á Brad Pitt-myndir og hugsa með mér, hringdu Brad! Ég er hér,“ sagði Katie áður en hún komst í kynni við hjartaknúsarann Tom Cruise en ást þeirra hafði undarleg áhrif á leikarann.

**JUSTIN HAWKINS** „Chris Martin? Hverjar eru aftur dauðasyndirnar? Græðgi? Leti? Að skíra barnið sitt Apple?“ sagði söngvarinn þegar hann var inntur álits á söngvara Coldplay.

# Mynd um Cash sýnd í fangelsi

Kvikmyndin Walk the Line, sem er byggð á ævi kántríhetjunnar Johnny Cash, verður sýnd í Folsom-fangelsinu í Kaliforníu. Mun Joaquin Phoenix, sem leikur Cash í myndinni, kynna myndina fyrir föngunum 3. janúar næstkomandi.

Cash hélt sögufræga tónleika í fangelsinu alræmda árið 1968 sem hann gaf út á hljómplötu sem seldist eins og heitar lummur. Atriði í kvikmyndinni gerast einmitt í þessu sama fangelsi.

„Við buðum 20th Century Fox að sýna Walk the Line í Folsom vegna þess að Johnny Cash sýndi það og sannaði að það er aldrei of seint fyrir menn að snúa lífi sínu til betri vegar. Þetta er saga sem þessir menn þurfa að sjá," sagði Joe Avila, framkvæmdastjóri samtaka bandarískra fanga.

Auk Phoenix fer Reese Witherspoon með aðalhlutverk í myndinni, sem verður frumsýnd í byrjun febrúar.

**JOHNNY CASH** Kántríhetjan hélt sögufræga tónleika í Folsom-fangelsinu árið 1968.

# Rifust við lögregluþjón á jóladag

Eva Longoria, stjarnan úr þáttunum Aðþrengdar eiginkonur, og kærasti hennar, körfuknattleiksmaðurinn Tony Parker, voru stöðvuð af lögreglu á jóladag vegna þess að þau virtu ekki stöðvunarskyldu. Var Parker sektaður á staðnum bæði fyrir umferðarbrotið og að vera ekki með ökuskírteini á sér við aksturinn. Mun Parker hafa reiðst mjög vegna þessa og ausið svívirðingum yfir lögreglumanninn. Longoria mun hafa bent kærasta sínum á að líklega vildi þessi aumi lögreglumaður bara fá eiginhandaráritun. Hann væri bara lítil mótorhjólalögga frá Mexíkó. Samkvæmt lögreglumanninum sem sektaði parið á Parker að hafa sagt að þetta væri það eina sem löggan gerði þessa dagana, að trufla fólk með tilgangslausri vitleysu. Samkvæmt tilkynningu frá blaðafulltrúa Longoria viðurkennir hún að parið hafi verið stöðvað af lögreglunni en neitar alfarið að hafa svívirt lögreglumanninn á nokkurn hátt. „Að segja að ég hafi öskrað á hann og sagt að hann væri aumur mexíkanskur lögreglumaður er fáránlegt. Það væri furðulegt af mér að telja hann slæman fyrir að vera frá Mexíkó þar sem ég er sjálf þaðan."

**EVA LONGORIA OG TONY PARKER** Á góðri stund.



## Allir á völlinn

Það er lítið jólafrí hjá körfuboltamönnum en fimm leikir fara fram í Iceland Express-deild karla í kvöld og tilvalið að gera sér dagamun um jólin og skjótast á völlinn.

**sport**

sport@frettabladid.is

FJÁRÖFLUNARLEIKUR HJÁ ÍR: GAMLIR ÍR-INGAR MÆTA ÍR-LIÐI DAGSINS Í DAG

# *Viggó bregður sér í hlutverk dómara*

Það verður ekki tekið af leikmönnum meistaraflokks ÍR í handbolta að þeir fara frumlegar og skemmtilegar leiðir í fjáröflun sinni fyrir æfingaferð til Kanaríeyja. Þeir eru búnir að bóna bíla, selja spilastokka og halda handboltanámskeið. Punkturinn yfir i-ið er síðan leikur sem fram fer í Austurbergi á föstudagskvöldið.

Þá tekur ÍR-liðið á móti liði sem skipað er gömlum ÍR-ingum á borð við Einar Hólmgeirsson, Ragnar Óskarsson, Fannar Þorbjörnsson, Hannes Jón Jónsson og Ólaf Gylfason. Liðinu stýra síðan Hólmgeir Einarsson, stjórnarmaður félagsins, og Hrafn Margeirsson, fyrrum markvörður liðsins. Dómaraparið er síðan ekki af verri endanum en landsliðsþjálfararnir Viggó Sigurðsson og Bergsveinn Bergsveinsson munu taka hið óverðskuldaða starf að sér að þessu sinni. Viggó hefur verið óhræddur við að láta dómara heyra það í gegnum tíðina og eflaust bíða margir spenntir eftir því að sjá hvernig honum ferst verkið úr hendi.

„Hólmgeir bað mig um að vera eitthvert skemmtiatriði þarna og það var alveg sjálfsagt. Ég er alltaf að dæma á æfingum þannig að ég er öllu vanur," sagði Viggó við Fréttablaðið í gær en hann mælir með því að dómarar landsins fjölmenni á völlinn. „Ef þeir vilja læra þá mæta þeir," sagði Viggó léttur.

Landsliðsþjálfarinn segist vera sanngjarn dómari og sá eini sem hann hefur áhyggjur af að verði til vandræða í leiknum er Júlíus Jónasson, aðstoðarþjálfari ÍR. „Ég gæti þurft að taka hann eitthvað í gegn. Hann er aldrei til friðs," sagði Viggó en hann býst fastlega við að vera útidómari allan leikinn. Bergsveinn fær að hlaupa enda segist hann vera í toppstandi að því er Viggó segir. Leikurinn hefst klukkan 19.00 og er frítt inn.

SAMSETT MYND/KRISTINN

### > McShane bestur í Grindavík

Knattspyrnumaðurinn Paul McShane var í gær útnefndur íþróttamaður Grindavíkur árið 2005 en hann var lykilmaður í liði Grindavíkur sem bjargaði sér frá falli úr Landsbankadeildinni á ævintýralegan hátt. Körfuboltakappinn Páll Axel Vilbergsson varð annar og körfuknattleikskonan Berglind Anna Magnúsdóttir varð þriðja.

**STUART PEARCE** Vill fá Wright-Phillips aftur.

Stuart Pearce stjóri Man. City:

## Vill fá Wright-Phillips til baka

**FÓTBOLTI** Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City, segist munu taka Shaun Wright-Phillips opnum örmum fari svo að hann fái möguleika á því að snúa aftur til félagsins. Wright-Phillips hefur ekki fengið mörg tækifæri í byrjunarliði Chelsea í ár eftir að hafa verið keyptur til liðsins fyrir rúmar 20 milljónir punda í sumar en orðrómur hefur verið uppi um að Man. City gæti hugsanlega fengið hann lánaðan út tímabilið.

„Hann er frábær leikmaður og frábær félagi. Auðvitað myndi ég vilja hafa hann í mínu liði," segir Pearce, sem vill ekki meina að Wright-Phillips hafi gert rangt með því að fara til Chelsea.

„Það var rétt ákvörðun hjá honum að fara og eðlilegt skref fyrir leikmann í þeirri þróun sem hann hefur verið í undanfarin ár. Ég held að hann muni fara á HM og það hlýtur að koma að því að hann fái að spila meira," segir Pearce. - vig

# Við höfum breytt markmiðunum

**Guðmundur Guðmundsson, þjálfari toppliðs Fram í DHL-deild karla í handbolta, segist engan veginn hafa átt von á því fyrir tímabilið að lið hans myndi sitja á toppi deildarinnar yfir hátíðarnar.**

**HANDBOLTI** Öllum að óvörum, meðal annars Guðmundi Guðmundssyni þjálfara, er Fram á toppnum í DHL-deild karla nú þegar langt hlé á mótinu er hafið vegna hátíðanna og þátttöku íslenska landsliðsins á EM í Sviss sem hefst í lok næsta mánaðar. „Ég held að enginn, hvorki ég né aðrir handboltamenn, hafi átt von á því að Fram yrði á toppnum um jólin," segir Guðmundur en Fram hefur eins stigs forskot á Hauka eftir 14 leiki í deildinni, en liðið hefur unnið tíu leiki, gert tvö jafntefli og aðeins tapað tveimur leikjum.

„Fram átti í erfiðleikum á síðasta tímabili og þegar ég tók við liðinu gerði ég mér grein fyrir því að verkefnið yrði erfitt. Auk þess er ég með mjög ungt lið í höndunum og ég átti von á því að það tæki lengri tíma fyrir okkur að komast á þennan stall," segir Guðmundur, sem tók við liði Fram fyrir tímabilið í ár eftir að hafa verið í fríi frá þjálfun íslensks félagsliðs frá árinu 1999.

Hann segir að lykillinn að velgengni Fram það sem af er móti sé dugnaður og metnaður lærisveina sinna. Leikmennirnir eru allir mjög samviskusamir og metnaðarfullir og það er forsendan að velgengni. Þeir eru tilbúnir að fara eftir því sem ég legg upp með og til þessa höfum við verið með réttu svörin gagnvart hinum liðunum, bæði varnar- og sóknarlega, og við höfum náð að finna það leikskipulag sem hentar þessu liði. Leikgleðin er mikil og sjálfstraustið hefur aukist leik frá leik."

Guðmundur telur að þrátt fyrir að deildin sé ekki eins sterk og hún hefur áður verið þá sé hún að mörgu leyti mun skemmtilegri og telur hann að hið nýja fyrirkomulag deildarinnar hafi komið henni til góða.

„Mótið hefur verið rosalega skemmtilegt og margir spennandi leikir. Við hjá Fram höfum upplifað algjörlega byltingu hvað varðar áhuga á liðinu og umgjörð í kringum leiki. Hver einasti leikur skiptir miklu máli og það er að skila sér til áhorfenda."

Guðmundur segir að deildin hafi ekki spilast eins og hann átti von á og að hann hefði átt von á að nokkur lið væru ofar en raun ber vitni. „FH, Stjarnan, HK og jafnvel Aftureldingin eru allt lið sem ég átti von á að yrðu ofar en Stjarnan hefur verið á siglingu og ég á von á að liðið fari að blanda sér í baráttuna eftir áramót. Menn hafa sagt að Fylkir hafi komið á óvart en að mínu mati er liðið einfaldlega feikiöflugt með góðan mannskap. Þeir hafa staðið sig mjög vel en ég átti alveg eins von á því."

Upprunalegt og opinbert markmið Fram fyrir tímabilið var einfalt – að enda mótið á meðal átta efstu liða svo að sæti í úrvalsdeild að ári verði tryggt. Guðmundur segir að það markmið sé enn í fullu gildi en neitar því jafnframt ekki að í ljósi góðs gengis Fram-liðsins hafi orðið til ný markmið innan liðsins sem almenningi verður þó ekki gert kunnugt um. „Það er alveg ljóst að við erum búnir að breyta okkar markmiðum."

Ætlar Fram að verða Íslandsmeistari?

„Við erum allavega í baráttunni núna og ætlum að sjálfsögðu að reyna að halda okkur í henni í seinni hluta mótsins."

vignir@frettabladid.is

**KOMINN INN MEÐ KRAFTI** Guðmundur Guðmundsson gerir frábæra hluti með hið unga Fram-lið og hefur komið inn í íslenska boltann af krafti á nýjan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓLP

**WILLY SAGNOL** Hefur tekið miklum framförum hjá Bayern.

Franski bakvörðurinn Willy Sagnol:

## Áfram hjá Bayern eftir allt saman?

**FÓTBOLTI** Samkomulag franska bakvarðarins Willy Sagnol við Juventus er líklega úr sögiunni eftir samtal hans við Karl-Heinz Rumenigge, stjórnarformann Bayern Munchen. Samningur Sagnol við Bayern rennur út næsta sumar og hafði hann samþykkt að ganga til liðs við ítölsku meistarana fyrir næstu leiktíð. En svo virðist sem að Rumenigge hafi náð að sannfæra Sagnol um að Bayern sé liðið sem hann á mesta möguleika á að vinna meistaradeildina með, en áður hafði Sagnol lýst yfir löngun sinni til að vinna þá keppni.

„Ég er 99 prósent viss um að Sagnol muni skrifa undir nýjan samning þegar hann kemur aftur til München í janúar eftir jólafríið," sagði Rumenigge í gær en hann vildi ekkert fara út í hvað það hefði nákvæmlega verið sem hann sagði við Sagnol sem fékk hann til að skipta um skoðun. „Það er á milli mín og hans." - vig

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, fór að breytast í mjúkan mann um jólin:

# Biðst afsökunar á hrokanum

**FÓTBOLTI** Hinn stóryrti stjóri Chelsea, Jose Mourinho, hefur verið mjög ólíkur sjálfum sér síðustu vikur því hann hefur ítrekað beðist afsökunar á hinu og þessu og er orðinn mjög lítillátur sem er hlið sem hann hefur ekki sýnt áður. Steininn tók algjörlega úr í gær þegar hann baðst afsökunar á því að hafa verið svona hrokafullur frá því hann kom til Englands.

„Ég varð Evrópumeistari með Porto 24. maí og kom til Chelsea tveimur eða þremur dögum síðar. Fjölmiðlar byrjuðu strax að efast um mig og ég varð steinhissa. Svo hissa að ég biðst afsökunar ef ég hef verið hrokafullur en ég tel mig ekki hafa verið það," sagði Mourinho.

„Eftir þessar móttökur var áskorunin mikil að standa sig. Ef ég hefði ekki staðið mig svona vel fyrsta árið hefðu blöðin legið í mér," sagði Mourinho og bætti við að honum hefði þótt sárt að sjá á eftir Adrian Mutu á sínum tíma enda hefði hann verið góður strákur. Aðstæður hefðu aftur á móti ekki boðið upp á annað en að láta Mutu fara. Annars hefði félagið sent út röng skilaboð sem það vill alls ekki senda út í knattspyrnuheiminn.

**JOSE MOURINHO** Óvænt orðinn mjög lítillátur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**ROBBIE FOWLER** Þarf að sætta sig við að spila með varaliði Man. City.

Forráðamenn Norwich:

## Viljum ekki fá Fowler

**FÓTBOLTI** Nigel Worthington, knattspyrnustjóri Norwich í ensku 1. deildinni, kveðst ekki hafa áhuga á að fá framherjann Robbie Fowler í sínar raðir á nýju ári. Fowler er neðstur í goggunaröð framherja Man. City í augnablikinu og hefur þráfaldlega verið orðaður við sölu frá félaginu í janúar. Worthington segir ástæðuna fyrir áhugaleysingu vera einfalda: Fowler sé ekki nægilega hungraður.

„Fowler hefur þénað vel á sínum ferli og hefur ekki lengur metnað sem fótboltamaður. Ég vil bara hafa hungraða leikmenn í mínu liði," segir Worthington en nýlega bárust af því fréttir að Fowler hefði verið á stjái í bænum. „Já það virðast allir hafa séð hann," sagði Worthington. „En hann hlýtur að hafa verið að kaupa sér hús eða eitthvað. Ég hef heyrt að hann eigi eitthvað í kringum 80 fasteignir. Nú á hann örugglega 81." **- vig**

Rafael Benitez:

## Vill fá tvo frá Deportivo

**FÓTBOLTI** Liverpool ætlar sér að næla í tvo varnarmenn frá Deportivo þegar félagsskiptaglugginn opnast í janúar. Leikmennirnir sem um ræðir eru þeir Fabrizio Coloccini og Cesar en sá síðarnefndi verður samningslaus eftir tímabilið og ætti að geta fengist á góðu verði.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, sem þekkir báða leikmennina vel frá tíma sínum á Spáni, er einnig sagður á höttunum á eftir Daniel Agge hjá Bröndby í Danmörku sem er verðlagður á 600 milljónir króna. Þá ætlar Benitez að losa sig við spænska bakvörðinn Josemi og er Liverpool í viðræðum við Sevilla um kaup á honum. **- vig**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

26 27 28 **29** 30 31 1

### Fimmtudagur

**LEIKIR**

- 19.15 **Skallagrímur** og **Fjölnir** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- 19.15 **KR** og **Grindavík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Haukar** og **Höttur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Þór Ak.** og **Snæfell** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.
- 19.15 **Hamar/Selfoss** og **ÍR** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta.

**SJÓNVARP**

- 09.20 **Heimsbikarkeppnin á skíðum** á Rúv. Bein útsending.
- 12.20 **Heimsbikarkeppnin á skíðum** á Rúv. Bein útsending.
- 19.00 **Aflraunir Arnolds** á Sýn.
- 19.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 20.00 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 20.30 **Enski boltinn** á Sýn. Arsenal gegn Man. Utd.
- 22.45 **Box** á Sýn.

Skíðafólk ársins útnefnt í gær:

# Dagný Linda og Björgvin best

**SKÍÐI** Skíðasamband Íslands útnefndi Dagnýju Lindu Kristjánsdóttur og Björgvin Björgvinsson skíðamenn ársins í gær. Athygli vekur að Dagný Linda skarar fram úr þótt hún hafi aðeins hafið keppni á árinu í nóvember vegna meiðsla. Hún stóð sig vel í stórsvigskeppnum á árinu og er eina íslenska skíðakonan sem hefur unnið sér þátttökurétt á ólympíuleikunum í Tórínó í febrúar.

Björgvin er reyndasti keppnismaður landsins og hefur stokkið upp heimslistann á árinu. Hann er í 77. sæti í svigi og 137. sæti í stórsvigi. Björgvin er Íslandsmeistari í svigi og tvíkeppni, náði 28. sæti á heimsmeistaramótinu í svigi og stóð uppi sem sigurvegari í Ástralíu og Nýja-Sjálandsbikarnum í haust. Hann náði þeim árangri fyrstur Íslendinga en ekki er tekið fram hversu margir Íslendingar hafa reynt fyrir sér á mótinu í fréttatilkynnningu Skíðasambandsins.

Skíðasambandið skrifaði einnig undir styrktarsamning við Eimskip í gær en aðalstyrktaraðilar sambandsins eru þá orðnir fimm talsins. **- hbg**

**DAGNÝ LINDA OG BJÖRGVIN** Bestu skíðamenn landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





JÓNSSON & LE'MACKS • JLIS

VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTUR HEIMS ER NÚNA Á SIRKUS.
HVER STENDUR UPPI SEM IDOL-STJARNA BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

# Liverpool vann borgarslaginn gegn Everton

**Það var líf og fjör í enska boltanum í gærkvöld en þremur leikjum var frestað vegna slæms veðurs. Heiðar Helguson skoraði aftur fyrir Fulham.**

**FÓTBOLTI** Veðrið spilaði stóra rullu í enska boltanum í gærkvöldi en þremur leikjum var frestað vegna veðurs. Leik Newcastle og Charlton var frestað af öryggisástæðum en leikjum Blackburn og Sunderland og Bolton og Middlesbrough var frestað þar sem völlurinn var hreinlega frosinn.

Íslendingarnir Heiðar Helguson og Eiður Smári Guðjohnsen voru báðir í byrjunarliðum sinna liða og Heiðar Helguson skoraði annan leikinn í röð fyrir Fulham úr vítaspyrnu. Vonandi að Heiðar sé að fá aukið sjálfstraust en hann er loksins að fá verðskuldað tækifæri með liði Fulham eftir að hafa fylgst með af bekknum framan af vetri.

**TVÖ MÖRK Í RÖÐ** Heiðar Helguson skoraði annan leikinn í röð fyrir Fulham og aftur úr vítaspyrnu. Brian McBride sést hér fagna honum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**SJÓÐHEITUR** Steven Gerrard fagnar hér marki sínu gegn Everton ásamt Xabi Alonso og leiðist ekki lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Borgarslagur Everton og Liverpool á Goodison Park var sá leikur sem vakti hvað mesta athygli í gær. Gestirnir byrjuðu mikið mun betur og Crouch og Gerrard komu Liverpool í þægilega stöðu í leikhléi. Heimamenn mættu síðan grimmir til síðari hálfleiksins og James Beattie kom Everton fljótlega inn í leikinn á ný. Þetta var fyrsta markið sem Liverpool fær á sig í ansi mörgum leikjum.

Djibril Cisse kom síðan Liverpool til bjargar skömmu síðar með fínu marki og eftir það gátu gestirnir leyft sér að bakka nokkuð og halda forskotinu. Everton-menn reyndu hvað þeir gátu til að jafna en höfðu ekki erindi sem erfiði.

Manchester United hvarð fyrir miklu áfalli í gær en strákarnir hans Sir Alex máttu illa við því að tapa stigum gegn Birmingham sem þeir og gerðu. Stuðningsmenn félagsins gleðjast þó yfir því að Ole Gunnar Solskjær spilaði sinn fyrsta leik fyrir aðallið félagsins í marga mánuði.

Chelsea neitar að gefa nokkuð eftir og sigraði með marki Joes Cole sem kom úr frákasti eftir skot Eiðs Smára sem fór af velli á 83. mínútu.

henry@frettabladid.is

**JUAN ROMAN RIQULEME** Hefur verið frábær hjá Villareal eftir að hann kom til liðsins frá Barcelona.

Juan Roman Riquelme:

## Á leið til Inter eftir tímabilið?

**FÓTBOLTI** Argentínski leikstjórnandinn Juan Roman Riquelme hjá Villareal á Spáni er nú sterklega orðaður við Inter Milan. Hinn 27 ára gamli Riquelme er góðvinur Esteban Cambiasso og er sagður vilja ólmur spila við hliða hans á miðju Inter. Þá er Riquelme aukinheldur af flestum talinn alltof góður leikmaður til að spila í miðlungsliði á borð við Villareal.

Forráðamenn Inter eru að leita að arftaka Juans Sebastian Veron sem leikur á miðju, en hann ætlar að snúa til heimalands síns Argentínu eftir núverandi leiktíð. Ljóst er að félagið þarf að reiða fram væna fúlgu til að fá Riquelme frá Villarel en hann er samningsbundinn félaginu til ársins 2009.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| ARSENAL-PORTSMOUTH | 4-0 |
| 1-0 Dennis Bergkamp (7.), 2-0 Jose Antonio Reyes (13.), 3-0 Thierry Henry (37.), 4-0 Thierry Henry, víti (43.). | |
| BIRMINGHAM-MAN. UTD | 2-2 |
| 0-1 Ruud Van Nistelrooy (5.), 1-1 Jamie Clapham (13.), 1-2 Wayne Rooney (54.), 2-2 Walter Pandiani (78.). | |
| MAN. CITY-CHELSEA | 0-1 |
| 0-1 Joe Cole (79.). | |
| NEWCASTLE-CHARLTON | |
| Leiknum var frestað. | |
| WBA-TOTTENHAM | 2-0 |
| 1-0 Nwankwo Kanu (23.), 2-0 Nwankwo Kanu (52.). | |
| WEST HAM-WIGAN | 0-2 |
| 0-1 Jason Roberts (43.), 0-2 Henri Camara (45.). | |
| FULHAM-ASTON VILLA | 3-3 |
| 1-0 Brian McBride (13.), 1-1 Luke Moore (29.), 2-1 Heiðar Helguson, víti (32.), 2-2 Liam Ridgewell (60.), 3-2 Brian McBride (61.), 3-3 Liam Ridgewell (76.). | |
| BLACKBURN-SUNDERLAND | |
| Leiknum var frestað. | |
| BOLTON-MIDDLESBROUGH | |
| Leiknum var frestað. | |
| EVERTON-LIVERPOOL | 1-3 |
| 0-1 Peter Crouch (11.), 0-2 Steven Gerrard (18.), 1-2 James Beattie (52.), 1-3 Djibril Cisse (47.). | |

### *Enska 1. deildin:*

| | |
|---|---|
| STOKE-LEEDS | 0-1 |
| Hannes Sigurðsson var á varamannabekk Stoke City. | |
| READING-LEICESTER | 2-0 |
| Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading en Brynjar Gunnarsson á bekknum. Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester. Brynjar skoraði seinna mark Reading. | |

Real Madrid og Newcastle:

## Gravesen fyrir Luque?

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Real Madrid eru sagðir ætla að gera tilraun til að fá vængmanninn Albert Luque aftur til Spánar en hann var keyptur til Newcastle frá Deportivo í sumar. Til þess ætla þeir að nota danska miðjumanninn Thomas Gravesen auk 800 milljóna króna.



**STEVEN GERRARD** Vill bæta við titlum í ár.

Steven Gerrard:

## Sigurviljinn er gríðarlegur

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, fyrirliði Evrópumeistara Liverpool, segist aldrei hafa kynnt öðrum eins sigurvilja og er nú hjá Liverpool frá því að hann hóf að leika með liðinu. Hann segir að liðið geti ennþá náð Chelsea að stigum í baráttunni um Englandsmeistaratitilinn.

„Þegar ég lít í augun á strákunum í búningsklefanum sé ég sigurviljann. Vonandi skilar það okkur einhverjum titlum í hús á þessari leiktíð," segir Gerrard. „Það má segja að liðið sé nú orðið að gengi sem hungrar í medalíur og bikara. Allir vilja fleiri titla – og fullt af þeim! Ég held að við getum enn unnið deildina. Ef litið er á stigatöfluna sést að við erum í tánum á Chelsea og Man. Utd. Allt getur gerst," segir Gerrard.

- vig

Stór humar

Risarækja, Hörpuskel, Túnfiskur, Laxaflök

Áramótaveisla sælkerans

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070

**TRACY MCGRADY** Eignaðist son en Houston tapaði án hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fabio Capello, knattspyrnustjóri Juventus:

# Það yrði draumur að fá að þjálfa Man. Utd

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, stjóri Juventus, viðurkenndi í gær að það yrði draumi líkast ef hann fengi tækifæri til að þjálfa lið Man. Utd í nánustu framtíð. Capello hefur verið lengi verið orðaður sem líklegasti eftirmaður Sir Alex Ferguson, en Skotinn knái er sagður líklegur til að hætta með liðið eftir næsta tímabil.

„Það yrði sem draumur fyrir mig, rétt eins og það yrði fyrir flesta aðra þjálfara," segir Capello, sem hefur lengi verið einn virtasti þjálfarinn í evrópskum fótbolta. „Man. Utd er stórkostlegt félag með mikla sögu og ég ber óendanlega mikla virðingu fyrir Ferguson. Ég hef engin formleg tilboð fengið frá félaginu," ítrekaði Capello sem hefur einnig verið bendlaður við stjórastöðuna hjá Real Madrid.

„Það er alltaf verið að orða við mig við þessi tvö félög og ég er hættur að spá í þessar vangaveltur. Nú er ég að einbeita mér að því að klára tímabilið með Juventus þar sem við viljum vinna ítölsku deildina og meistaradeildina. Ég vil sanna mig sem þjálfara á Englandi á einhverjum tímapunkti og ég myndi aldrei neita tilboði um að þjálfa á Englandi." - vig

**KÓNGURINN Á ÍTALÍU** Fabio Capello langar að þjálfa Manchester United.

Afdrifarík fæðing:

# Hrun hjá Houston án McGrady

**KÖRFUBOLTI** Utah Jazz hefur væntanlega sent Tracy McGrady og eiginkonu hans blóm og konfekt eftir að þau eignuðust son á þriðjudagskvöldið. Ástæðan fyrir því að það gladdi Jazz sérstaklega er sú að McGrady var að pakka Jazz-liðinu saman með liði sínu Houston þegar konan hans fór á fæðingardeildina. McGrady nýtti leikhléið til þess að klæða sig og stökkva upp á fæðingardeild. Hann var þá búinn að skora 21 stig og Houston að sigra leikinn. Án McGradys hrundi leikur Houston og Jazz sigraði, 82-74.

„Fjölskyldan kemur fyrst. Ég vil óska honum til hamingju með soninn en þetta var ekki gott fyrir Houston," sagði Andrei Kirilenko, leikmaður Utah, glaður í leikslok.

Jeremie Aliadiere:

# Vill fá fleiri tækifæri

**FÓTBOLTI** Jeremie Aliadiere, franski framherjinn sem er í láni hjá West Ham frá Arsenal, gagnrýndi stjóra sinn Alan Pardew harkalega í gær fyrir að gefa sér ekki tækifæri í liðinu. Aliadiere hefur aðeins komið við sögu í sex leikjum West Ham á tímabilinu - í öll skiptin sem varamaður.

„Ég er í góðu formi, líður vel og á ekki við nein meiðsli að stríða. En ég fæ ekki að spila," segir Aliadiere. „Ég skil ekki af hverju þetta er svona og það gerir David Bellion ekki heldur, sem er í sömu stöðu og ég. Hann fékk að spila meira hjá Manchester United en hann gerir hjá West Ham."

- vig

**DOUG ELLIS** Hugsanlega á förum frá Villa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Aston Villa:

# Leikmenn styðja yfirtöku

**FÓTBOLTI** Leikmenn Aston Villa styðja 64 milljóna punda yfirtökutilboð sem væntanlegt er á næstu dögum frá írskum fjárfestum. Ekki er vitað hversu miklir peningar fara í leikmannamál verði af yfirtökunni en Doug Ellis, sem hefur verið ákaflega umdeildur í fílabeinsturni sínum á Villa Park, hverfur þá á brott frá félaginu.

Stuðningsmenn félagsins taka tíðindunum fagnandi enda telja þeir félagið hafa staðnað á síðustu árum.





TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANÞÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

# dagskrá

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You can mess with a lot of things, but you can't mess with kids on Christmas."**

**Svar:**
Kevin úr kvikmyndinni Home Alone 2:Lost in New York frá árinu 1992

## VIÐ TÆKIÐ TÓMAS ODDUR HRAFNSSON HORFÐI Á ÞÁTT UM UMBREYTINGU DEKURBARNS.

# *Jack Osbourne bætir ráð sitt*

Eins og glöggir lesendur Fréttablaðsins hafa vafalaust tekið eftir hefur verið mikið ritað og rætt um raunveruleikasjónvarp og hvort sú tegund sjónvarpsþátta sé góð eða slæm þróun í menningarlegu tilliti. Þessi dálkur hefur ekki farið varhluta af þessari umræðu. Þrátt fyrir þá neikvæðu umfjöllun sem hefur verið um raunveruleikasjónvarpið langar mig samt sem áður að tala um þátt sem ég sá fyrr í vikunni og nefnist „Jack Osbourne á útopnu" . Eins og margir vita er Osbourne-fjölskyldan ekki eins og fólk er flest og má eiginlega segja að skrítnari fjölskyldu sé varla hægt að finna. Ozzy karlinn er auðvitað gamall dóphaus og vegna agaleysis og skorts á almennilegu uppeldi leiddist sonurinn út í vitleysuna líka. í þessum þáttum er hann hins vegar að reyna eftir fremsta megni að bæta ráð sitt. Hefur Jack fengið til liðs við sig tvo fjallaklifrara sem hafa það að takmarki að koma honum í form þar sem takmarkið er að klífa þúsund metra háan fjallvegg í þjóðgarði einum í Bandaríkjunum. Til þess að ná þessu takmarki sínu verður hann þó að undirbúa sig á ýmsa vegu, meðal annars með þátttöku í hinum ýmsu fjallgöngum, víðavangshlaupum og meira að segja hinu árlega nautahlaupi í Pamplona á Spáni. Þegar ég stóð mig að því að horfa á þennan þátt gerði ég mér grein fyrir hvað það er nú einu sinni gaman að fá að skyggnast inn í líf annast fólks með svo beinum hætti. Maður fær að kíkja á bak við tjöldin hjá fólki og vera fluga á vegg í lífi þess. Þetta er klárlega helsti kosturinn við raunveruleikasjónvarpið. Fólk eins og Jack Osbourne, sem verður að teljast nokkuð áhugaverð persóna, veitir manni innsýn í líf sitt með hjálp myndavélarinnar. Það er ekkert víst að allir skemmti sér við að horfa á fitukeppinn Jack glíma við sína djöfla. Kannski er hann bara athyglissjúkur sonur gamallar poppstjörnu sem borðaði leðurblökur. En ég hef að minnsta kosti gaman af. ■



▶ **22.25** *Drama*

BLACKPOOL

▶ **21.55** *Kvikmyndir*

SHERLOCK HOLMES

▶ **20.00** *Gaman*

FRIENDS

▶ **20.00** *Ævintýri*

10TH KINGDOM

▶ **20.30** *Fótbolti*

ENSKI BOLTINN

### SJÓNVARPIÐ

**9.20** Heimsbikarkeppnin á skíðum

**12.20** Heimsbikarkeppnin á skíðum **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Erna á frænku í Afríku

**18.30 Latibær**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Nýgræðingar (90:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk leikur Zach Braff.
**20.50 Svona var það** (That 70's Show)
**21.15 Launráð** (Alias IV) Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Blackpool (6:6)** Breskur myndaflokkur. Ripley Holden rekur leiktækjasal í Blackpool og ætlar sér að efnast vel.

**23.25** Aðþrengdar eiginkonur (19:23) **0.10** Dóttir hershöfðingjans (Bönnuð börnum) **2.05** Kastljós **2.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Joe Somebody **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air **13.30** Blue Collar TV **13.55** The Block 2 **14.40** Two and a Half Men **15.05** What Not to Wear **15.35** Tónlist **16.00** Jimmy Neutron **16.25** Með afa **17.20** Barney **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons (11:22)**
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel (9:9)** Sérstakur áramótaþáttur.
**21.05 Inspector Lynley Mysteries (2:8)** (Lynley lögregluvarðstjóri)
▶ **21.55 Sherlock Holmes and the Case of Silk Stockings** (Sherlock Holmes og silkisokkamorðin) Ný og vönduð sjónvarpsmynd um frægasta einkaspæjara sögunnar, Sherlock Holmes og aðstoðarmann hans Dr. Watson, sem aðsetur hafa á Baker Street í Lundúnum. Bönnuð börnum.

**23.30** Clear And Present Danger (Str. b. börnum) **1.45** The John F. Kennedy Jr. Story **3.15** Twenty Four 3 **4.00** Eldsnöggt með Jóa Fel **4.30** Deadwood **5.30** Fréttir og Ísland í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**18.55 Fashion Television (9:34)**
**19.20 Ástarfleyið (10:11)**
▶ **20.00 Friends 5 (21:23)**
**20.30 Sirkus RVK (9:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 Ástarfleyið (11:11)** Lokaþáttur.
**21.40 Smallville (3:22)** (Facade) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville.
**22.25 Girls Next Door (9:15)** (Under The Covers)
**22.50 So You Think You Can Dance (12:12)**

**23.40** Rescue Me (13:13) **0.25** Friends 5 (21:23) (e) **0.50** The Newlyweds (19:30) **1.15** Tru Calling (19:20)

### SKJÁREINN

**17.20** Cheers – 9. þáttaröð **17.45** 10th Kingdom (4/5) (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið (e)**
**19.30 Complete Savages (e)**
▶ **20.00 10th Kingdom – lokaþáttur** Jólasería Skjás eins verður The 10th kingdom, ævintýraþættir fyrir alla fjölskylduna. Öll könnumst við við Grimms-ævintýrin. Þeir Grimms-bræður ferðuðust um töfraheim tíu konungsríkisins á nítjándu öldinni og höfðu með sér til baka vitneskjuna um Mjallhvíti, Öskubusku og fleiri þekkta íbúa þessa heims. Þessi töfraheimur er byggður upp á níu ríkjum.
**21.45 House** House fær til sín tíu ára offitusjúkling.
**22.30 Sex and the City – 3. þáttaröð** Carrie Bradshaw skrifar dálk um kynlíf og ástarsambönd.

**23.00** Jay Leno **23.45** The Enforcer **1.30** Cheers – 9. þáttaröð (e) **1.50** NÁTTHRAFNAR **1.50** Everybody loves Raymond **2.15** Da Vinci's Inquest **3.00** Fasteignasjónvarpið (e) **3.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur.
**19.00 Aflraunir Arnolds** (Arnold Schwarzenegger mótið 2005)
**19.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**20.00 Ensku mörkin**
▶ **20.30 Enski boltinn** (Arsenal – Manchester United) Útsending frá úrslitaleiknum í enska bikarnum sem fram fór 22. maí 2005. Leikurinn var gríðarlega spennandi og dramatískur.
**22.45 Hnefaleikar** (JL Castillo – Diego Corrales) Útsending frá einum eftirminnilegasta boxbardaga sem fram hefur farið.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scorched **8.00** Duplex **10.00** The Wild Thornberrys Movie **12.00** The Curse of the Pink Panther **14.00** Scorched **16.00** Duplex **18.00** The Wild Thornberrys Movie **20.00** **The Curse of the Pink Panther** (Bölvun Bleika pardusins) **22.00 Torque** (Riddarar götunnar) Fast and the Furious á mótorhjólum. Bönnuð börnum. **0.00** The Matrix Reloaded (Bönnuð börnum) **2.15** Aliens (Stranglega bönnuð börnum) **4.30** Torque (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup UK **14.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **18.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News **19.30** Girls of the Playboy Mansion **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** Hot Love Gone Bad **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Hot Love Gone Bad **1.30** Party @ the Palms **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**12.00** Man. City – Chelsea frá 28.12 **14.00** Bolton – Middlesbrough frá 28.12 **16.00** W.B.A. – Tottenham frá 28.12 **18.00** Birmingham – Man. Utd frá 28.12

**20.00 Everton – Liverpool frá 28.12** Leikur sem fram fór í gær.
**22.00 Newcastle – Charlton frá 28.12** Leikur sem fram fór í gær.

**0.00** West Ham – Wigan frá 28.12 **2.00** Dagskrárlok

www.expressferdir.is

IMATS 2006
(International Make-Up Artist Show)
27.–29. janúar í London

Nú býðst fagfólki í förðun, stílistum og hárgreiðslufólki einstakt tækifæri til að skreppa til London og kynnast öllu því heitasta í bransanum. IMATS-sýningin sem einfaldlega er kölluð „The Show" af þeim fremstu í faginu, verður nú haldin 27.–29. janúar í The Business Design Centre í Islington-hverfinu í London. Algjör skyldumæting fyrir þá sem vilja skara fram úr í bransanum!

» Bókaðu núna!

IMATS 2006
43.900 kr.
INNIFALIÐ:
Flug og skattar, gisting í 2 nætur, morgunverður og miði á báða daga sýningarinnar. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi. Hægt er að greiða 15.000 kr. aukalega til að vera einn í herbergi.

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Filton/SIA

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Ástarfleyið** — **Sirkus kl. 21.00**

### *Spilin lögð á borðið í kvöld*

***Hópurinn sem sigldi um höf ástarinnar***

Ástarfleyið sigldi úr höfn í október og er óhætt að segja að ýmislegt hafi drifið á daga þátttakenda á tímabilinu. Þátttakendurnir sóttu um af afar mismunandi ástæðum, komu úr ólíkum þjóðfélagshópum og höfðu mismunandi mikla reynslu af ástarsambönd-um og lífinu yfir höfuð. Í kvöld koma þátt-takendur í sjónvarpssal og tjá sig í fyrsta sinn um hvernig þau upplifðu reynsluna. Krakkarnir hafa haldið hópinn og hittast reglulega, halda m.a. úti bloggsíðunni www.visir.is/astarfleyid en þau hafa verið þögul sem gröfin um framvindu mála umfram það sem fram hefur komið í þátt-unum. Það er ljóst að þátttakan í Ástarfleyinu hefur breytt lífi þátttakendanna var-anlega og í þættinum í kvöld verða öll spil lögð á borðið og leyndarmálin afhjúp-uð. Stór hluti klukkutímanna 200 sem festir voru á filmu mun þó einungis lifa í hjörtum þeirra sem voru á staðnum, því allar spólur og öll gögn sem ekki voru notuð í þáttunum sjálfum verða brennd að þáttaröðinni lokinni.

### TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **9.05** Laufskálinn **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Í barndómi **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Tónlist á síðdegi **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vítinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Afmælisveislan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **7.30** Fréttayfirlitr **9.03** Brot úr degi

**12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Jóla hvað.... **20.30** Jóla hvað.... **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radió** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radió Reykjavík** / Tónlist og afþreying

**▶21.10**
***Fréttir***
60 MINUTES

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Fréttaljós**
**21.00** **Fréttir**
**▶21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**22.00** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**
**12.30** Figure Skating: Torino Italy **13.30** Ski Jumping: World Cup Oberstdorf **15.00** All sports: WATTS **16.00** Football: Football World Cup Season Legends **17.00** Football: Football World Cup Season Legends **18.00** Ski Jumping: World Cup Oberstdorf **19.45** Martial Arts: Paris-Bercy **21.00** Boxing **22.00** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** S Club 7: Viva S Club **16.00** Animal Hospital – The Big Story **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** EastEnders **19.00** Only Fools and Horses **20.15** Top of the Pops 2 Specials **20.35** Cutting It **21.30** Strictly Come Dancing **22.30** French and Saunders **23.10** Strictly Come Dancing: Christmas Special **23.30** The Kumars at Number 42 **0.00** Secrets of the Maya Underworld **1.00** Great Natural Wonders of the World **2.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds From Disaster **13.00** 2005 – The Earth in Review **14.00** King Tut's Curse **15.00** Egypt **16.00** Tomb Robbers **17.00** King Tut's Curse **18.00** Most Amazing Moments **19.00** Most Amazing Moments **20.00** Most Amazing Moments **21.00** The Day James Dean Died **22.00** The Dark Side Of Elephants **23.00** Most Amazing Moments **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Most Amazing Moments

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Gorilla, Gorilla **15.00** Gorilla Encounters **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Gorilla, Gorilla **21.00** Gorilla Encounters **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Growing Up... **2.00** The Snake Buster

**CLUB**
**12.20** Innertainment **12.45** Girls Behaving Badly **13.10** Staying in Style **13.35** Lofty Ideas **14.00** Art and Soul **14.30** Fantasy Open House **15.00** Weddings **15.30** Race to the Altar **16.30** Design Challenge **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Fantasy Open House **18.40** e-love **19.05** Paradise Seekers **19.30** Weddings **20.00** Awesome Interiors **20.25** Cheaters **21.15** Sextacy **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Women Talk **23.00** My Messy Bedroom **23.30** It's a Girl Thing **0.00** Power Food **0.30** The Villa **1.20** Weddings **1.50** Innertainment



## HRÓSIÐ

*...fær söngvarinn Garðar Thor Cortes en fyrsta plata hans seldist mest allra platna á Íslandi þetta árið eða í rúmum átján þúsund eintökum. Platan var gefin út fyrir aðeins sex vikum.*

## AÐ MÍNU SKAPI ÓLAFUR EGILL EGILSSON LEIKARI

# *Glymskratti Gunnlaugs, Barnagælur og Dalvík*

**TÓNLIST** Bróðir minn Gunnlaugur, sem nú býr og starfar í Stokkhólmi, er mikill tónlistargrúskari og í þessari jólaheimsókn Gunnlaugs heim á klakann skiptumst við bræðurnir á tónlist; ég afritaði ipodinn hans og hann minn svo það er nóg af nýmeti í glymskrattanum: Vashti Bunyan, Broadcast, Jonathan Fire Eater, Fourtet, Jordi Savall og hans frú Montserrat Figueras og fleira forvitnilegt.

**BÓK** Hef lítið getað legið í bókum síðustu vikur, en handritið að Túskildingsóperunni hefur sjaldnast verið langt undan. Las samt síðast „Barnagælur" eftir Óttar Norðfjörð, aðallega vegna þess að hún fékk svo afspyrnu slæma ritdóma, það vakti forvitni mína. Enda kom á daginn að bókin var áhugaverð í margan stað Þar á undan hafði ég hesthúsað „Svartur á leik" eftir Stefán Mána í tengslum við rannsóknarvinnu tengdri Túskildingnum og reyndar stýfði ég sömuleiðis úr hnefa „Í frostinu" eftir vin minn Jón Atla Jónasson.

**BÍÓMYND** Werner Herzog hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér, bæði þegar hann gerði kvikmyndir með ofurleikaranum Klaus Kinsky og líka eftir að hann sneri sér alfarið að heimildarmyndagerð. Ég sá síðast mynd hans „Grizzly Man", sem er stórkostleg heimildarmynd um dýravin frá Kalíforníu sem var étinn af kanadískum skógarbirni. Svo var auðvitað kvikmyndun Herzogs á Woyzeck Buchners búin að rúlla í gegn í nokkur skipti meðan Vesturport var að vinna þá sýningu.

**BORG** Borg að mínu skapi er hver sú borg þar sem hægt er að sitja utandyra að kvöldlagi yfir lengra tímabil en sem nemur tveimur vikum á ári. Annars kom ég á Dalvík í sumar og þótt það sé kannski ekki stórborg eru íbúarnir heimsborgarar og gestrisnir með afbrigðum, sérstaklega á Fiskidaginn mikla. Hvar annarss taðar er maður kallaður af götunni inn á gafl hjá bláókunnugum og boðið upp á selshreifa og fiskisúpu rétt eftir miðnætti?

**BÚÐ** Ha? Uppáhaldsbúð? Það væri búðin þar sem ekkert er til sölu en allt fæst gefið gegn góðum fyrirheitum.

**VERKEFNIÐ** Fimm sýningar á Túskildingsóperunni þessa vikuna og samtímis hefjast æfingar á Pétri Gaut í Þjóðleikhúsinu. Annars er maður bara að reyna að sinna því verkefni að vera manneskja, þrátt fyrir dýrseðlið og allt hitt áreitið.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR** Ný íslensk sjónvarpsþáttaröð hefst í Ríkissjónvarpinu 15. janúar og segir þar frá lögfræðingnum Ara sem tekur að sér morðmál.

## ANNA RÖGNVALDSDÓTTIR: ÍSLENSKT LEIKIÐ EFNI Á UNDANHALDI

# Sjónvarpsstöðvar kaupa frekar erlenda þætti

Þann fimmtánda janúar hefjast sýningar á nýrri íslenskri þáttaröð sem ber nafnið „Allir litir hafsins eru kaldir" hjá Ríkissjónvarpinu. Það telst alltaf til tíðinda þegar íslenskar framhaldsþáttaraðir eru sýndar í sjónvarpi en þættirnir hafa verið seldir víða um Evrópu. Einnig var gerð hundrað mínútna löng kvikmynd sem ekki er ráðgert að verði sýnd hér á landi.

Það er Anna Rögnvaldsdóttir sem leikstýrir þáttunum og segir hún Alla liti hafsins upprunalega hafa verið hugsaða fyrir sjónvarp í þáttaraðaformi. „Síðan kom í ljós að það er auðveldara að selja hundrað mínútna langa kvikmynd og því var farin sú leið að skrifa tvö handrit, eitt fyrir myndina og annað fyrir þættina," útskýrir hún. Verkið er að mestu leyti fjármagnað af erlendum aðilum og segir Anna að myndin og þættirnir hafi verið hugsaðir ekki aðeins fyrir Ísland heldur einnig fyrir erlendan markað.

Mikið hefur verið rætt um framleiðslu á leiknu innlendu efni og hefur Anna sínar skoðanir á því. Hún telur ákveðið áhugaleysi, skipulagsleysi og metnaðarleysi ríkja gagnvart þessu efni. „Sjónvarpsstöðvarnar eiga kost á því að kaupa erlent leikið efni fyrir brotabrot af þeim kostnaði sem fylgir innlendu efni," segir Anna en hún telur lausnina geta verið í sjónmáli með breytingum á útvarpslögunum og vonar að Ríkissjónvarpið verði tekið í gegn þegar þær lagabreytingar ná fram að ganga. „Hjá Ríkisútvarpinu er starfandi leiklistardeild með sitt fjármagn. Að stofna slíka deild hjá Ríkissjónvarpinu gæti verið hluti af lausninni," segir Anna sem vinnur nú að gerð tveggja handrita auk bókar um þessar mundir en villl ógjarnan gefa nokkuð upp.

Í þáttunum Allir litir hafsins er sagt frá lögfræðingnum Ara Jónssyni sem er falið að taka að sér morðmál, en málavextir virðast við fyrstu sýn vera borðleggjandi. Aldraður málverkasafnari finnst látinn á heimili sínu eftir hrottalega líkamsárás og allt bendir til að um misheppnað rán sé að ræða. Þegar hins vegar er kafað dýpra taka málin óvænta stefnu. Aðalhlutverkin í þáttunum leika þau Hilmir Snær Guðnason og Þórunn Lárusdóttir en auk þeirra fara þeir Pétur Einarsson og Jón Sæmundur Auðarson með stór hlutverk, en sá síðarnefndi er kannski betur þekktur sem eigandi fataverslunarinnar Dead. Jón Sæmundur hefur þó áður leikið því hann fór með stórt hlutverk í kvikmyndinni Ein stór fjölskylda auk þess að koma stutt fram í Óskabörnum þjóðarinnar.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ástarfleyið hefur lagst að bryggju og í kvöld verður síðasti þátturinn sýndur á Sirkus. Um var að ræða dýrustu framleiðslu sjónvarpsstöðvarinnar en hún skilaði ekki miklu áhorfi og þættinum tókst ekki að ná þeim vinsældum sem stjórnendur stöðvarinnar höfðu eflaust vonast til. Það er þó ekki útilokað að fleyið muni leggja úr höfn á næsta ári og þátturinn hefur þá vonandi sjóast. Í kvöld verður svokallaður uppgjörsþáttur en allir þátttakendur munu hittast í fyrsta skipti eftir að tökum lauk. Ekki er útilokað að einhver krassandi leyndarmál muni koma upp úr kafinu enda gerðust skipverjar víst ansi fjölþreifnir á meðan dvölinni stóð við strendur Tyrklands. Flestir eru þó sammála um að hápunkturinn hafi verið þegar myndatökumanni var skipt inn á í staðinn fyrir einn þátttakandann.

Birni Inga Hrafnssyni hefur borist óvæntur liðstyrkur en völva tímaritsins Vikunnar spáir honum sigri í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík. Björn skrifar smáfærslu á heimasíðu sinni og greinir frá þessari spá en hún gerir einnig ráð fyrir að kona muni hreppa annað sætið. Frambjóðandinn tekur þessu þó öllu með stóískri ró og segir ekki vera hægt að bóka neitt fyrirfram þó völvan sé bjartsýn fyrir hönd framboðsins. „Ég vona auðvitað að hún muni reynast sannspá, en það er samt verk að vinna og allir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að leggja hönd á plóginn," skrifar frambjóðandinn sem greinilega vill hafa vaðið fyrir neðan sig þrátt fyrir góða spá.

Þó lokatölur og skilauppgjör bóksala séu ekki komin í hús eru útgefendur þegar byrjaðir að fagna góðu gengi á vertíðinni sem nú er afstaðin. Hjá Eddu útgáfu ríkir mikil gleði enda mun sala á bókum forlagsins hafa farið fram úr væntingum. Gleðin er ekki minni á Bræðraborgarstígnum hjá Jóhanni Páli Valdimarssyni en á heimasíðu JPV segir að Íslendingar hafi keypt 208.346 bækur frá forlaginu það sem af er árinu 2005. Söluhæsta bók JPV þetta árið var Ragon sem var prentuð í 7000-7500 eintökum og lagði sjálfan Harry Potter á lokasprettinum. - fgg/þþ



**LÁRÉTT**
**2** starf **6** guð **8** kopar **9** geislahjúpur **11** dreifa **12** kryddblanda **14** mont **16** rykkorn **17** rotnun **18** viljugur **20** tveir eins **21** leikni.

**LÓÐRÉTT**
**1** fituskán **3** tveir eins **4** þakíbúð **5** knæpa **7** mergð **10** urrdan **13** skarð **15** þvo **16** kraftur **19** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2** verk, **6** ra, **8** eir, **9** ára, **11** sá, **12** karri, **14** grobb, **16** ar, **17** fúa, **18** fús, **20** óð, **21** list.
**LÓÐRÉTT:** **1** brák, **3** ee, **4** ríslbúð, **5** krá, **7** aragrúi, **10** arr, **13** rof, **15** baða, **16** afl, **19** ss.

allt
tilboð
Alla föstudaga

STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Tvennir styrktartónleikar

Tvennir styrktartónleikar verða haldnir í Reykjavík í kvöld. Annars vegar verða haldnir tónleikar í Háskólabíói til stuðnings Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna og hins vegar í Austurbæ síðar um kvöldið til styrktar fórnarlömbum jarðskálftans í Pakistan.

Tónleikarnir í Háskólabíói hefjast klukkan 17.00 og standa yfir til klukkan 19.05. Á meðal þeirra sem troða upp eru Sálin hans Jóns míns, Jónsi, Paparnir, Bubbi, Hildur Vala, Nylon og Skítamórall.

Gunnar Ragnarsson, formaður Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, segir að tónleikarnir séu orðnir fastur þáttur í fjáröflun þess. „Þessi aur sem kemur þarna er geysilega mikilvægur fyrir félagið," segir Gunnar. „Það er margt í gangi hjá okkur. Við erum núna að opna í vor nýtt hvíldarheimili austur á Flúðum fyrir fjölskyldur krabbameinssjúkra barna. Þessir peningar koma sér vel við að klára það," segir hann.

Á tónleikunum í Austurbæ, sem hefjast klukkan 21.00 koma meðal annarra fram Jagúar, Milljónamæringarnir ásamt Bogomil Font og Páli Óskari, Ragnheiður Gröndal, Stefán og Eyvi, Leaves og Dúndurfréttir.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Kópavogsdeild Rauða krossins og mun allur ágóði renna í hjálparstarf Rauða krossins á hamfarasvæðunum í Pakistan. Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is og í miðasölu Austurbæjar sem er opin frá 13-17. ■

**JAGÚAR** Hljómsveitin Jagúar kemur fram á styrktartónleikum í Austurbæ í kvöld. Ágóðinn rennur til fórnarlamba jarðskjálftans í Pakistan þar sem hátt í 100.000 manns týndu lífi.

CITROËN

# Betra verð en Peugeot.* Kauptu Citroën á jólatilboði Brimborgar

Jólatilboð Brimborgar

Jólin líða
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg
Veldu franska hönnun
eins og hún gerist best

*Bestu kaupin í dag.*
*Sjálfskiptur 2,0i 143 hestafla Citroën C5.*
*Jólaverð 2.190.000 kr.*

► Nú er gott að kaupa Citroën. Tvöfalt tilboð - bæði jólatilboð og afmælistilboð. Láttu sjá þig á Citroën. Við hjálpum þér að eignast nýjan og öruggan bíl.

Berðu saman frönsk gæði. Berðu saman Citroën og Peugeot. Berðu saman verð, búnað og gæði. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best.

Komdu í Brimborg - við bjóðum þér betra verð en Peugeot*. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.** Tilboðin gilda aðeins til 6. janúar.

## Besta tilboð á Citroën

Jólin líða. Lækkað verð. Mikill afsláttur. Lítil útborgun. Lægri mánaðargreiðslur. Við erum í jólaskapi. Við staðgreiðum einnig gamla bílinn þinn.** Takmarkað magn til á jólatilboði Citroën. Komdu núna.

*Við erum bæði í góðu afmælis- og jólaskapi. Komdu í fimm ára afmæli Citroën á Íslandi. Veldu Citroën á frábæru verði og þú færð verðmæta afmælisgjöf. Skoðaðu greiðslukjörin. Veldu franska hönnun eins og hún gerist best. Láttu sjá þig á nýjum Citroën.*

5 ára

## Tugþúsunda afmælisgjöf

Þú færð tugþúsundir í afmælisgjöf veljir þú nýjan Citroën - sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar. Við erum í afmælisskapi þessa dagana: 5 ár frá því Brimborg hóf sölu á Citroën. Komdu í Brimborg.

LÝSING
Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör í tilefni 5 ára afmælis Citroën á íslandi

**Brimborg staðgreiðir gamla bílinn þinn.** Auðveldara getur það ekki verið.**

Berðu saman bíla. Kynntu þér verð og gæði. Komdu núna í Brimborg.

**C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö***
Jólaverð 1.319.000 kr.
Rekstrarleiga 23.963 kr.
Bílasamningur 17.779 kr.

**Berlingo Multispace 5 gíra 1,6i 110 hö***
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 28.762 kr.
Bílasamningur 20.878 kr.

**C2 VTS 5 gíra 1,6i 125 hö***
Jólaverð 1.569.000 kr.
Rekstrarleiga 29.950 kr.
Bílasamningur 21.146 kr.

**C4 COUPÉ VTR 5 gíra 1,6i 110 hö***
Jólaverð 1.650.000 kr.
Rekstrarleiga 28.450 kr.
Bílasamningur 22.240 kr.

**C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö***
Jólaverð 1.690.000 kr.
Rekstrarleiga 29.231 kr.
Bílasamningur 22.779 kr.

**Xsara Picasso Exclusive 5 gíra 1,8i 117 hö***
Jólaverð 1.799.000 kr.
Rekstrarleiga 31.133 kr.
Bílasamningur 24.247 kr.

**C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö***
Jólaverð 2.190.000 kr.
Rekstrarleiga 38.455 kr.
Bílasamningur 29.516 kr.

**C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö***
Jólaverð 2.849.000 kr.
Rekstrarleiga 49.023 kr.
Bílasamningur 38.399 kr.

*Þú færð afmælisgjöf – sumardekkin í skottið og vetrardekkin undir bílinn án aukakostnaðar – veljir þú nýjan Citroën.*

Jólatilboð Brimborgar

Fimm ár eru liðin frá því Íslendingar kynntust að nýju ekta frönskum munaði. Frakkar hafa sýnt svo um munar að þeir þekkja orðið gæði. Citroën er vinsælasta franska fólksbílamerkið á Íslandi. Og vinsældirnar aukast með degi hverjum. 1.400 ánægðir Íslendingar aka nú stoltir um vegi landsins, sumar og vetur. Brimborg leggur mikla áherslu á þjónustu við Citroën eigendur. Við erum stolt yfir því að vera öruggur kaupstaður Citroën bíla. Láttu sjá þig á Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Miðað við verð þann 24.11.2005. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum af: C4 er álfelgur; C5 er álfelgur og sóllúga; Berlingo er þokuljós.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL - gci50056

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

**BAKÞANKAR**

JÓNS GNARR

## *Hrokaskegg*

„Þú ert svo hrokafullur, Jón.“ Orðin smullu á mér eins og svipuhögg. Hvernig vogaði hann sér að segja svona við MIG? Það var eins og aðvörunarbjalla hefði farið í gang inni í höfðinu á mér. Ég varð svo reiður, öskureiður. Mig langaði að segja eitthvað verulega særandi á móti. En ég þagði. Svo fékk ég sáran sting í hjartað og tárin tóku að flæða út í augun. Þetta var satt. Ég var hrokafullur. Sjálfselskur hrokagikkur. Einu sinni enn. Og ég sem ætlaði ekki að vera það.

**HROKINN** er sá hluti af mér sem ég vildi helst vera laus við. En hann fer ekki. Hann vex inni í mér eins og skeggið á andlitinu á mér. Hann er hluti af mér. Ég verð að raka hann af mér reglulega. Hann er hluti af mér. Ef ég lít af honum eitt augnablik þá vex hann upp úr öllu valdi og ég er skyndilega orðinn fúlskeggjaður af hroka, hrokaskeggi og sting og meiði alla í kring um mig. Hrokinn er illgresið í garðinum mínum.

**HROKINN** kemur þegar ég verð hræddur eða þegar ég kemst í aðstæður sem mér finnst ég ekki ráða við. Ég brynja óttaslegið hjarta mitt með hroka. Þannig ver ég mig ósjálfrátt. En ég hef annan möguleika. Ég get viðurkennt vanmátt minn. En til þess þarf ég auðmýkt. Ég á svo lítið til af henni en meira af andstæðu hennar, stoltinu. Stoltið vill ekki að ég viðurkenni vanmátt.

**ÉG** hef enga aðra rakvél til að raka af mér hrokann en auðmýktina. Bænin er raksápan mín. Ég krýp á kné. Ég er ekki þess verður að Guð hlusti eitthvað sérstaklega á mig en ég bið hann bara um að miskunna mér þó ég sé svona illa innrættur. Rakvélin mín er þjónusta við aðra. Með þjónustunni raka ég burtu hrokabroddana og skola þeim niður með einlægni. Þannig fer hrokinn og ég verð aftur mjúkur í framan. Rakspírinn minn er bros.

**EN** hrokinn kemur aftur fyrr en varir. Allt í einu. Ég verð alltaf að vera vakandi og fylgjast með, sérstaklega þegar mér finnst ég ekki hafa tíma til að fylgjast með. Ég skána ekki sjálfkrafa. Ég verð að vinna að því að bæta mig. En ég versna sjálfkrafa og án þess að þurfa að hafa fyrir því. Ég þarf ekki nema að sofna á verðinum. Að viðurkenna vanmátt sinn er styrkur. ■